



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



ÁRSSKÝRSLA 2024

Útgefandi: Háskólinn á Akureyri

Ritstjórn: Katrín María Víðisdóttir

Ljósmyndarar: Auðunn Nielsson, Sindri Swan, Axel Darri Þórhallsson,
Daniel Starrason, Nanne Springer og Aníta Eldjárn.

Myndir úr safni Stúdentafélags Háskólans á Akureyri.

Myndir úr safni Háskólans á Akureyri.

Grafísk vinnsla: Margrét Káradóttir

ISSN – L 1670 – 4894

EFNISYFIRLIT

Skipurit og stjórn	4
Reglur og stefnumál.....	7
Formáli rektors	8
Starfsfólk.....	10
Gæðamál	12
Góðvinir Háskólans á Akureyri.....	13
Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið.....	14
Tölvunarfræði við Háskólann á Akureyri.....	24
Tæknifræði	25
Hug- og félagsvísindasvið	26
Miðstöð skólaþróunar – MSHA	35
Miðstöð doktorsnáms og stjórnsýslurannsókna.....	39
Fjármál og greining	41
Markaðs- og kynningarmál.....	43
Miðstöð alþjóðasamskipta.....	46
Nám og stúdentar	48
Nemendaráðgjöf	53
Nemendaskrá.....	55
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA	56
Upplýsingaþjónusta og bókasafn	59
Kennslumiðstöð KHA.....	62
Stúdentafélag Háskólans á Akureyri – SHA	63
Félagsstofnun stúdenta á Akureyri – FÉSTA	65
Símenntun Háskólans á Akureyri	66
Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri	68
Rannsóknamiðstöð ferðamála – RMF	70
Eitt og annað.....	72
Ársreikningur 2024	79
Vetrarbrautskráning.....	81
Ávarp aðstoðarrektors.....	83
Háskólahátíð –Brautskráning.....	86
Ávarp rektors.....	92
Brautskráðir	97

SKIPURIT HA 2024



Samþykkt af háskólaráði 2022

STJÓRN

Stjórn háskólans er falin Háskólaráði og rektor. Háskólaráð hefur æðsta ákvörðunarvald innan skólans. Það mótar heildarstefnu, setur háskólanum reglur og ber ábyrgð á að skólinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Fastar nefndir og ráð skólans starfa í umboði Háskólaráðs. Háskólaráð hélt tólf fundi frá janúar til desember 2024.

Háskólafundur er haldinn að minnsta kosti einu sinni á ári. Hann er samráðsvettvangur fulltrúa fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Fulltrúar stúdenta, akademíks starfsfólks og starfsfólks við stjórnsýslu og stoðþjónustu sitja háskólafundum. Háskólafundur var haldinn 22. janúar 2024.

Háskólinn starfar sem tvö fræðasvið, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið og Hug- og félagsvísindasvið. Háskólaskrifstofa og einingar hennar annast stoðþjónustu fyrir starfsemi háskólans og Rektorsskrifstofa hefur umsjón með málefnum sameiginlegrar stjórnsýslu og ber ábyrgð á að starfsemi háskólans sé í samræmi við gildandi lög og reglur og góða stjórnsýsluhætti. Rektor heldur reglulega samráðsfundi með forsetum fræðasviða og öðrum yfirstjórnendum. Þessa fundi sitja ásamt rektor; aðstoðarrektor, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri Háskólaskrifstofu, skrifstofustjóri Rektorsskrifstofu og gæða- og mannauðsstjóri.

STJÓRN

Háskólaráð er skipað skv. lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum.

Háskólaráð var þannig skipað til júní 2024:

Eyjólfur Guðmundsson rektor, formaður Háskólaráðs.

Fulltrúi ráðherra:

Kristrún Lind Birgisdóttir framkvæmdastjóri, til vara Karl Frímannsson.

Fulltrúar háskólasamfélagsins:

Guðmundur Kristján Óskarsson dósent, til vara Kjartan Sigurðsson lektor. Sigríður Margrét Sigurðardóttir lektor, til vara Hjördís Sigursteinsdóttir dósent.

Fulltrúar stúdenta:

Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir, til vara Sólveig Birna Elísabetardóttir.

Fulltrúar háskólaráðs:

Bjarni Jónasson og Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar, til vara Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu.

Eftirfarandi breytingar voru á háskólaráði á nýju skólaári og starfar eða frá ágúst 2024:

Áslaug Ásgeirsdóttir rektor, formaður Háskólaráðs.

Fulltrúi ráðherra:

Kristrún Lind Birgisdóttir framkvæmdastjóri, til vara Karl Frímannsson.

Fulltrúar háskólasamfélagsins:

Guðmundur Kristján Óskarsson dósent, til vara Kjartan Sigurðsson lektor. Sigríður Margrét Sigurðardóttir lektor, til vara Hjördís Sigursteinsdóttir dósent.

Fulltrúar stúdenta:

Lilja Margrét Óskarsdóttir, til vara Silja Rún Friðriksdóttir.

Fulltrúar háskólaráðs:

Bjarni Jónasson og Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar, til vara Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu.

Rektor:

Eyjólfur Guðmundsson til 1. júlí 2024. Áslaug Ásgeirsdóttir frá 1. júlí 2024.

Aðstoðarrektor

Elín Díanna Gunnarsdóttir.

Skrifstofustjóri Rektorsskrifstofu:

Martha Lilja Olsen.

Framkvæmdastjóri Háskólaskrifstofu:

Hólmar Erlu Svansson.

Gæða- og mannauðsstjóri:

Vaka Óttarsdóttir.

Fræðasvið og forsetar fræðasviða

Fræðasviðin eru tvö, skv. reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 694/2022, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið og Hug- og félagsvísindasvið.

Hug- og félagsvísindasvið:

Thomas Barry.

Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið:

Brynjar Karlsson.

Forstöðumaður

Fjármála og greiningar:

Harpa Halldórsdóttir til 1. maí 2024. Helga María Pétursdóttir frá 1. maí 2024.

Forstöðumaður Nemendaskrár:

Bára Sif Sigurjónsdóttir.

Samskiptastjóri

Silja Jóhannesar Ástudóttir.

Forstöðumaður

Rannsóknamiðstöðvar HA – RHA:

Arnar Þór Jóhannesson.

Forstöðumaður Bókasafns og upplýsingaþjónustu:

Astrid Margrét Magnúsdóttir.

Forstöðumaður nemendaráðgjafar:

Árný Þóra Ármannsdóttir.

Forstöðumaður

kennslu- og

upplýsingatæknimiðstöðvar:

Auðbjörg Björnsdóttir.

Forstöðumaður

Miðstöðvar doktorsnáms

og stjórnsýslu rannsókna:

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

Forstöðumaður Rekstrar fasteigna:

Gunnar Rúnar Gunnarsson.

Forstöðumaður Símenntunar:

Stefán Guðnason.



REGLUR OG STEFNUMÁL SAMÞYKKT Í HÁSKÓLARÁÐI 2024

Háskólaráð samþykkti 8. janúar:

Samþykkt að heimila rektor að halda áfram með næstu skref í sameiningarviðræðum við Háskólann á Bifröst samkvæmt þeim ramma sem fram kom í fýsileikaskýrslu sem gerð var vegna mögulegrar sameiningar háskólanna tveggja.

Háskólaráð samþykkti 25. janúar:

Reglur nr. 342/2024 um breytingu á reglum um val á nemendum til náms í sálfræði við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, nr. 699/2018.

Niðurfelling reglna nr. 390/2021 um námsmat fyrir Sálfræðideild Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri.

Háskólaráð samþykkti 29. febrúar:

Samþykkt að bjóða þremur umsækjendum um stöðu rektors að halda kynningu á framtíðarsýn sinni fyrir Háskólann á Akureyri og sýn sína á starf og hlutverk rektors fyrir háskólasamfélagið.

Reglur nr. 343/2024 um breytingar á reglum nr. 820/2022 um stjórnskipulag Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs.

Reglur nr. 341/2024 um brottfall reglna nr. 390/202 um námsmat fyrir Sálfræðideild Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri.

Reglur nr. 342/2024 um breytingu á reglum nr. 699/2018 um val á nemendum til náms í sálfræði við Hug- og félagsvísindasvið.

Reglur nr. 300/2024 um breytingu á reglum nr. 1211/2020 um um gjaldskrá Háskólans á Akureyri vegna þjónustu við nemendur og innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalds.

Samþykkt að hámark innritaðra nýnema í iðjuþjálfunarfræði verði 50.

Samþykkt að hámark innritaðra nemenda í starfsréttindanám í iðjuþjálfun verði 25.

Háskólaráð samþykkti 21. mars:

Reglur nr. 475/2024 um breytingu á reglum nr. 822/2022 um doktorsnám og doktorspróf við Háskólann á Akureyri.

Reglur nr. 474/2024 um breytingu á reglum nr. 821/2022 um stjórnskipulag Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri.

Breytingar á heitum prófgráða við Sálfræðideild samþykktar.

Fjöldatakmörkanir í hjúkrunarfræði vegna vormisseris 2025 samþykktar.

Háskólaráð samþykkti 24. apríl:

Samþykkt að verða við erindi frá iðjuþjálfunarfræðideild þar sem óskað var eftir því að fallið yrði frá fjöldatakmörkunum í starfsréttindanám í iðjuþjálfun.

Aðalfulltrúar HA skipaðir í stjórn FÉSTA 2024-2027.

Háskólaráð samþykkti 30. maí:

Samþykkt að skipa rektor ásamt Bjarna S. Jónassyni og Krístrúnu Lind Birgisdóttur sem fulltrúa Háskólaráðs í „viðræðuhóp“ til að halda áfram samtali um mögulega sameiningu Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst, á grunni fýsileikaskýrslunnar og þess starfs sem unnið hafði verið af rektorum háskólanna og fulltrúum háskólanna.

Reglur um lágmarkseinkunn í lokaverkefnum í Lagadeild.

Háskólaráð samþykkti 20. júní:

Skipun dómnefndar HA 2024-2026.

Framlenging á skipunartíma doktorsnámsráðs.

Breytingar á skipunartíma.

Háskólaráð samþykkti 29. ágúst:

Skipun fulltrúa HA í stjórn RMF.

Skipun Gæðaráðs.

Skipun Jafnréttisráðs.

Skipun Umhverfissráðs.

Skipun Vísindaráðs.

Skipun Öryggisnefndar.

Skipun Siðanefndar.

Endurskoðun á siðareglum.

Endurskoðun á starfsreglum Siðanefndar.

Háskólaráð samþykkti 26. september:

Reglur nr. 1180/2024 um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar við Háskólann á Akureyri.

Háskólaráð samþykkti 31. október:

Tillögu rannsóknamissisnefndar um úthlutun rannsóknamissera skólaárið 2025 til 2026 sem fól í sér að allt starfsfólk sem uppfyllir skilyrði reglna um rannsóknamisseri fái úthlutað þeim misserum sem það sótti um.

Skipun fagráðs frumkvöðla og nýsköpunar.

Skipun stjórnar Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

Skipun nefndar um tillögu til veitingar

heiðursdoktorsnafnbótar.

Háskólaráð samþykkti 28. nóvember:

Reglur nr. 1496/2024 um breytingar á reglum nr. 723/2023 um Vísindasjóð Háskólans á Akureyri.

Jafnréttisáætlun Háskólans á Akureyri 2025-2028.

Kennslualmanak 2025-2026.

Háskólaráð samþykkti 19. desember:

MSc í heilsugæsluhjúkrun við Hjúkrunarfræðideild.

Eflandi nám fyrir þroskahamlaða við Iðjuþjálfunarfræðideild.

Breytingar á skipulagsskrá Végeirsstaðasjóðs.

FORMÁLI REKTORS

Árið 2024 hefur verið viðburðaríkt fyrir Háskólann á Akureyri. Við höfum tekið þátt í fjölbreyttum verkefnum sem styrkja grunnstoðir skólans og skapa ný tækifæri til vaxtar og sóknar – bæði innan skólans og út í samfélagið.

Háskólar eru í stöðugri þróun og á árinu sem var að líða var unnið að þróun nýrra námsleiða. Síðasta haust var í fyrsta skipti tekið inn í framhaldsnám í ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun. Einnig var lagður grunnur að meistaranámi í heilsugæsluhjúkrun og í hjúkrun sykursjúkra og hjartveikra, og hafa þessar námsleiðir hlotið samþykki háskólaráðs og hefst kennsla í þeim næsta haust. Þessar námsleiðir svara auknum þörfum heilbrigðiskerfisins fyrir hjúkrunarfræðinga með sérmenntun og endurspegla markmið skólans um að mennta fagfólk til framtíðar.

Lengi hefur verið kallað á að Háskólinn á Akureyri bjóði upp á eflandi nám fyrir þroskahamlaða og var námið samþykkt í desember og er það gleðiefni að haustið 2025 verður í fyrsta skipti tekið inn í slíkt nám, sem eykur enn frekar jafnræði til náms fyrir ólíka hópa fólks.

Einnig hefur háskólinn aukið áherslu á kennslu fyrir stúdenta sem eru með íslensku sem annað tungumál og síðasta haust var í fyrsta sinn boðið upp á fjórar námsleiðir með slíka áherslu. Þessar námsleiðir eru í félagsvísindum, fjölmiðlafræði, nútímafræði og í leikskólafræði.

Þá var nýtt kjörsvið í rannsóknartengdu meistaranámi í íþróttasálfræði stofnað sem sýnir vel metnaðinn innan Sálfræðideildar. Þessi gróska í nýjum námsleiðum er merki um það metnaðarfulla starf sem unnið er innan háskólans og það faglega samstarf sem tryggir gæði námsleiða.

Jafnframt veitti ráðuneyti háskólamála Háskólanum á Akureyri nýlega heimild til að bjóða upp á doktorsnám í sálfræði og menntavísindum. Deildirnar tvær unnu hörðum höndum að því að fá þessa viðurkenningu og var erlenda úttektarnefndin sem heimsótti okkur í haust mjög jákvæð í umfjöllun sinni um þá umgjörð sem HA hefur búið doktorsnemendum. Þessar viðurkenningar þýða að skólinn er nú kominn með leyfi til doktorsnáms í nær öllum deildum, sem er stórt framfaraskref.

Rannsóknarvirkni háskólans hefur aukist á undanförunum árum og er starfsfólk í auknum mæli að sækja um styrki til rannsókna. Starfsfólk HA leiðir fjögur verkefni er hlutu stóra styrki árið 2024, bæði innlenda og erlenda og á árinu fengu yfir 20 verkefni styrki í samvinnu við fleiri háskóla og stofnanir. Aukið doktorsnám mun svo styðja við þessa þróun og efla rannsóknarstarf í framtíðinni. Til að nýta þessi tækifæri til fulls munum við leggja aukna áherslu á styrkjaumsóknir og uppbyggingu Miðstöðvar doktorsnáms sem lykilaðila í þeirri vegferð.

Í ár var lagður grunnur að sameiningu Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar við Háskólann á Akureyri, og tók HA við stofnuninni um áramót. Með sameiningunni dýpkar og eflist sterk norðurslóðaáhersla Háskólans á Akureyri. Þessi sameining tryggir að við getum eft rannsóknir og fræðastarf og skoðað leiðir til að auka samvinnu innan skólans á þessu sviði á næstu árum.

Áfram koma niðurstöður könnunarinnar Stofnun ársins vel út fyrir okkur og eru heildarniðurstöður þær að skólinn stendur fremst af opinberum háskólum hvað varðar ánægju starfsfólks með starfsanda, sjálfstæði í starfi og jafnrétti í vinnu. Þá sýna niðurstöður að starfsfólk skólans er einna ánægðast og stolt af vinnustaðnum ásamt því að það telur ímynd stofnunarinnar góða. Á árinu var samþykkt metnaðarfull jafnréttisáætlun þar sem lögð var áhersla á að jafnrétti og inngilding næði til fleiri hópa en kynja. Áætluninni fylgir aðgerðaráætlun sem verður unnið eftir næstu árin þvert á skólann.

Nýsköpun hefur verið mikið til umræðu og árið 2024 var skrifað undir samstarfssamning við Drift EA, miðstöð frumkvöðla og nýsköpunar á Akureyri. Þetta samstarf byggir brú milli háskólans sem vettvangs nýsköpunar og þróunar á Akureyri. Það verður gaman að sjá hvernig þetta samstarf þróast á næstu árum og mun, ef vel tekst til, hafa áhrif á atvinnuþróun og fjölbreytni starfa á Akureyri. Þá var ráðið í nýja stöðu verkefnastjóra nýsköpunar og frumkvöðla við HA. Þessar aðgerðir færa nú þegar gróskumikilli nýsköpun innan skólans aukna vigt og áherslan er á uppbyggingu hvað þetta varðar.



Þá lauk vinnu á nýrri stefnu Háskólans á Akureyri. Verkefnið fram undan er að raungera stefnuna, forgangsraða verkefnum og vinna markvisst að innleiðingu hennar. Það er spennandi við stefnuna að einingar innan háskólans geta valið sér áherslur og verður áhugavert að sjá hvernig vinnan þróast á næstunni.

Áhersla á stafræna þróun hefur verið mikil á árinu, ekki síst með tilkomu gervigreindar. Háskólinn á Akureyri hefur verið leiðandi í að innleiða gervigreind í starfsemi sína og stuðla að ábyrgri notkun hennar í kennslu, rannsóknum og öðrum verkefnum innan skólans. Þessi þróun kallar á opinn og gagnrýnn umræðuvettvang – og að við sem menntastofnun leiðum þá umræðu af fagmennsku og framsýni. Til að stuðla að því var ráðið í nýja stöðu verkefnastjóra gervigreindar við skólann og mótuð verður stefna um notkun hennar innan skólans.

Árið hefur þó ekki verið laust við áskoranir. Mygla í húsnæði skólans á Borgum hefur haft veruleg áhrif á starfsfólk og starfsemi skólans, og því miður sér ekki fyrir endann á því ástandi enn sem komið er. Við höfum lagt okkur fram við að bregðast við aðstæðum eins vel og kostur er og vonumst til að viðgerðir á húsinu verði varanlegar.

Í byrjun síðasta árs var birt fýsileikaskýrsla um hugsanlega sameiningu Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst. Samtalið á milli skólanna var í ákveðinni biðstöðu þegar ég tók við en með sameiginlegu átaki fulltrúa háskólaráðs HA og stjórnar Bifrastar komust viðræðurnar aftur á skrið.

Þann 1. júlí urðu rektorsskipti hjá HA. Eyjólfur Guðmundsson lét af störfum eftir 10 ára farsælt starf og ég tók við. Ég er nú búin að gegna þessu embætti í tæpt eitt ár og hefur þetta verið viðburðaríkur tími. Ég hef lagt áherslu á að kynnast þeirri metnaðarfullu starfsemi sem hér er og fólkinu sem hér starfar. Það var til dæmis virkilega áhugavert að mæta á deildarfundi allra deilda og ræða áherslur þeirra í kennslu og rannsóknum, markmið þeirra og hugmyndir til að draga úr brottfalli stúdenta. Einnig hef ég mætt á fundi bæjarráðs, hitt bæjarstjóra og vegna alþingiskosninganna í nóvember gafst tækifæri að hitta frambjóðendur kjördæmisins. Í þessum samtölum hefur verið ánægjulegt að finna hvað Háskólinn á Akureyri skiptir miklu máli – bæði fyrir samfélagið hér á svæðinu, fyrir núverandi og fyrrverandi stúdenta, og í raun fyrir allt landið. Háskólinn er lykilstofnun á landsvísu og mikilvægt afl í þróun þekkingar og til að tryggja jafnrétti til náms.

Það sem stendur þó hvað skýrast upp úr fyrir mig persónulega er hversu vel mér hefur verið tekið – bæði innan háskólans og í samfélaginu. Ég er þakklát fyrir þann hlýhug sem mér hefur mætt og er ánægð að hafa flutt aftur heim til Íslands og sest að á Akureyri.

Háskólinn á Akureyri stendur á öflugum grunni og megum við vera stolt af því sem hefur áunnist. Ég þakka starfsfólki, nemendum og samstarfsaðilum kærlega fyrir þeirra framlag á árinu 2024 – og hlakka til áframhaldandi samstarfs á komandi ári.

Aslaug Asgeirsdóttir

STARFSFÓLK

Framgangur

Rektor veitir framgang samkvæmt reglum nr. 725/2023 um framgang akademíks starfsfólks við Háskólann á Akureyri. Framgangur er veittur frá 1. júlí ár hvert, en flýtiframgangur frá sama tíma og nýráðning hefst.

Eftirtalið starfsfólk hlaut framgang 1. júlí 2024:



Dr. Deniz Harputlu,
dósent í hjúkrunarfræði
við Hjúkrunarfræðideild



**Dr. Elín Díanna
Gunnarsdóttir,**
prófessor í sálfræði við
Sálfræðideild



**Dr. Kristín Margrét
Jóhannsdóttir,** dósent í
málvísindum, íslensku
og tungumálakennslu
við Kennaradeild



Mehmet Harna,
dósent við Hug- og
félagsvísindasvið



**Dr. Sigríður Margrét
Sigurðardóttir,** dósent í
menntunarfræðum við
Kennaradeild



GÆÐAMÁL

Frá árinu 2010 hefur Gæðaráð íslenskra háskóla sinnt óháðu ytra gæðamati háskóla. Eitt af hlutverkum þess er að móta rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum. Þegar ný rammaáætlun tók gildi í maí 2024 skipti Gæðaráð um nafn og heitir núna Gæðamat háskóla. Aðrar breytingar voru m.a. að háskólarnir eiga ekki lengur sérstakan fulltrúa úr stjórninni sem heimsækir skólann árlega heldur mun öll stjórnin heimsækja hvern skóla að lágmarki einu sinni í hverjum gæðahring. Hver háskóli skilar árlega gæðaskýrslu þar sem farið er yfir helstu verkefni í gæðamálum og hvernig gengur að vinna úr þeim ábendingum sem skólinn fékk í síðustu stofnanaúttekt. Starfsfólk skrifstofu Gæðamats háskóla heimsækir svo háskólana í kjölfarið. Háskólinn á Akureyri skilaði sinni fyrstu skýrslu í ágúst 2024 en hana má finna hér <https://iaqa.is/publications/gef3>

Eins og sjá má í skýrslunni hafa áherslur Háskólans á Akureyri verið að vinna úr ábendingum úttektarnefndarinnar, sem voru afar gagnlegar, ásamt því að vinna áfram með þær umbótaðgerðir sem settar voru fram í síðustu stofnanaúttektarskýrslu. Einnig þarf að uppfæra ferla út frá nýjum gæðaramma en stærsta breytingin er sennilega sú að nú eru rannsóknir orðnar hluti af stofnanaúttekt.

Gæðaráð Háskólans á Akureyri ber ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis skólans. Gæðakerfið tryggir að háskólinn standist þær ytri kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Í gæðaráði eru: Gæða- og mannauðsstjóri sem er formaður, tveir fulltrúar frá hvoru fræðasviði, tveir fulltrúar stjórnsýslu og stoðþjónustu, ritari gæðaráðs og tveir fulltrúar stúdenta. Fundir gæðaráðs eru að jafnaði á 4-6 vikna fresti yfir veturinn. Gæðaráð hélt sex fundi á árinu.

Ein af ábendingum úttektarteymisins í síðustu stofnanaúttekt laut að því að Háskólinn myndi betur skilgreina hvaða kröfur væru gerðar til kennara varðandi tæknilega þekkingu og hugbúnað sem þarf að nota í okkar stafræna umhverfi ásamt kennslu og námsmati. Til að bregðast við þessu vann gæða- og mannauðsstjóri í samstarfi við kennsluráðgjafa á kennslumiðstöð drög að grunnkröfum til starfsfólks varðandi stafræna hæfni og kennslufræði. Þessi drög voru síðan unnin áfram með Gæðaráði og loks var leitað endurgjafar frá stjórnunum beggja

fræðasviða. Þetta skjal var samþykkt af Gæðaráði á haustmánuðum 2024 og er núna nýtt annars vegar sem hluti af fræðslu- og þjálfunaráætlun fyrir nýtt starfsfólk og hins vegar sem sjálfsmat fyrir starfsfólk.

Í lok árs 2024 óskuðu fulltrúar nemenda eftir fundi með sviðsforsetum og gæða- og mannauðsstjóra um uppsetningu námskeiða á Canvas. Eftir þann fund var ákveðið að þróa það verkefni áfram í samstarfi við Kennslumiðstöð út frá stafrænu aðgengi.

Gæðaráð var þannig skipað árið 2024:

Andrea Sigrún Hjálmsdóttir, fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs (haust 2024)

Garðar Ágúst Árnason, fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs (haust 2024)

Finnur Friðriksson, fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs (vor 2024)

Eyrún Eyþórsdóttir, fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs (vor 2024)

Stefán Jóhannsson, fulltrúi stjórnsýslu og stoðþjónustu (vor og haust 2024)

Guðrún Þóra Þórsteinsdóttir, fulltrúi stjórnsýslu og stoðþjónustu (haust 2024)

Auðbjörg Björnsdóttir, fulltrúi stjórnsýslu og stoðþjónustu (vor 2024)

Kristinn Pétur Magnússon, fulltrúi Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs (vor og haust 2024)

Kristín Linda H Hjartardóttir, fulltrúi Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs (vor og haust 2024)

Lilja Margrét Óskarsdóttir, fulltrúi stúdenta (vor og haust 2024)

Lisbet Hannesdóttir, ritari gæðaráðs (vor og haust 2024)

Rakel Rún Sigurðardóttir, fulltrúi stúdenta (vor og haust 2024)

Vaka Óttarsdóttir, formaður gæðaráðs (vor og haust 2024)

Fundargerðir gæðaráðs eru birtar á innri vef háskólans, Uglu, á slóðinni <https://ugla.unak.is/kerfi/view/page.php?sid=2052>

GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Góðvinir HA eru samtök nemenda sem brautskráðir eru frá HA og annarra velunnara háskólans.

- Góðvinir efna til endurfunda, fagna útskrift og safna fjármunum í stofnfjársljóð
- Þeir heiðra afburðanemendur við brautskráningu
- Góðvinir bera hag Háskólans á Akureyri fyrir brjósti

Háskólahátíð

Háskólahátíð 2024 var haldin 14. og 15. júní. Fyrri daginn voru brautskráðir stúdentar úr framhaldsnámi og seinni daginn voru tvær brautskráningarhátíðir, skipt eftir sviðum.

Góðvinir veittu viðurkenningar kándídötum sem sýnt höfðu góðan námsárangur og unnið óeigingjarnt starf í þágu háskólans meðan á námi stóð. Fjórir hlutu heiðursviðurkenningarnar að þessu sinni:

ans meðan á námi stóð. Fjórir hlutu heiðursviðurkenningarnar að þessu sinni:

- Framhaldsnám: Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir
- Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið: Erla Salome Ólafsdóttir og Fanney Gunnarsdóttir
- Hug- og félagsvísindasvið: Silja Rún Friðriksdóttir

Viðurkenningin er gullnæla úr smíði Kristínar Petru Guðmundsdóttur gullsmíðs og einnig sérprentað viðurkenningarskjal. Þetta var í nítjándra sinn sem viðurkenning Góðvina er veitt.

[Hér má sjá frétt um úthlutun viðurkenninga.](#)

Góðvinir, í góðu samstarfi við stúdenta, stóðu vakt á brautskráningardögunum, hvöttu kándídata og aðra gesti til að skrá sig í félagið og höfðu til sölu barmmerki Góðvina.

Endurfundir

Góðvinir stóðu fyrir endurfundum að Végeirsstöðum föstudaginn 20. september. Þar var samankominn hópur fólks sem, í sól og haustyl, skoðaði staðinn undir leiðsögn Trausta Þorsteinssonar, verkefnastjóra Végeirsstaða, og Brynhildar Bjarnadóttur, skógvistfræðings, stjórnarmeðlims Végeirsstaða og dósent við Háskólann á Akureyri. Eftir skoðunarferð voru veitingar í boði. [Hér má sjá frétt frá deginum.](#)

Aðalfundur

Aðalfundur Góðvina fyrir starfsárið 2023 fór fram rafrænt tólfða nóvember.

Stjórnina skipa:

- Berglind Ósk Guðmundsdóttir, formaður
- Jonathan Wood, gjaldkeri
- Nökkvi Alexander Rounak Jónsson
- Steinunn Alda Gunnarsdóttir
- Silja Rún Friðriksdóttir, fulltrúi SHA

Silja Jóhannesar Ástudóttir, samskiptastjóri HA, er starfskraftur Góðvina.

Verkefni fram undan

Fram undan er stefnumótandi vinna fyrir félagið sem verður farið í á árinu 2025. Skoða þarf áherslur næstu árin og setja upp starfsáætlun fyrir félagið.



Á Végeirsstöðum í bliðskaparveðri á endurfundum Góðvina.

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ



HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Meginmarkmið Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs Háskólans á Akureyri (HVR) er að bjóða upp á öflugt háskólanám á grunn-, meistara- og doktorsstigi. Deildir sviðsins voru fimm til 1. júlí 2024 en þá sameinuðust tvær deildir vegna skipulagsbreytinga. Auk kennslu fer fram öflugt rannsóknastarf á sviðinu í heilbrigðisvísindum, viðskiptafræði og auðlindafræði. Allt nám við HVR er með sveigjanlegu námsformi sem skapar sérstöðu meðal íslenskra háskóla.

Á grunnstigi býður sviðið upp á nám til BS-gráðu í auðlindafræði, hjúkrunarfræði, iðjubjálfunarfræði og viðskiptafræði auk grunnnáms til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða á kjörsviðum öldrunar- og samfélagsgeðhjúkrunar. Háskólinn á Akureyri er eini íslenski háskólinn sem býður upp á nám í iðjubjálfunarfræði, fagnám fyrir sjúkraliða og sérhæft nám í líftækni og sjávarútvegsfræðum. Nám í tölvunarfræði hefur verið í boði í samstarfi við Háskólann í Reykjavík auk náms í tæknifræði sem hófst haustið 2023.

Á framhaldsstigi er nám til MS-gráðu í heilbrigðisvísindum á tíu kjörsviðum auk meistaranáms í klínískri geðhjúkrunarfræði

og unnin í nánú samstarfi deilda innan sviðsins sem og í samstarfi við önnur fræðasvið háskólans og innlenda jafnt sem erlenda háskóla, stofnanir og fyrirtæki. Erlendir sérfræðingar eru gjarnan ráðnir til kennslu og rannsókna við fræðasviðið, meðal annars í tengslum við Fulbright-samstarf. Gott samstarf vegna rannsókna og kennslu er við fyrirtæki í íslensku atvinnulífi og gefur það námi á sviðinu hagnýta vídd. Kennarar stunda öflugar rannsóknir í alþjóðlegu samhengi og í samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og fyrirtæki, meðal annars undir merkjum Erasmus, Nordplus (Nobanet, EkoTekNord), COST og ESPON. Það styrkir verulega grundvöll rannsóknartengds meistaranáms og doktorsnáms við fræðasviðið.

Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri (HHA) er samstarfsvettvangur háskólans og Sjúkrahússins á Akureyri og er starfsemin nátengd heilbrigðisdeildum sviðsins. Einnig er Rannsóknamiðstöð gegn ofbeldi, þverfræðileg rannsóknamiðstöð, starfrækt á sviðinu.

Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri veitir stjórnvöldum ráðgjöf og vinnur að innlendum og alþjóðlegum rannsóknar- og þróunarverkefnum. Miðstöðin starfar í nánú tengslum við Auðlindadeild og einn þáttur í þeim tengslum er formlegt samstarf um Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna – GRÓ. Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu (GRÓ – Fisheries Training Programme, GRÓ-FTP) rekur Sjávarútvegsskólann undir merkjum UNESCO og Utanríkisráðuneytisins og felst samstarfið í leiðbeiningu nemenda og námskeiðum sem haldin eru við HA. Einnig rekur Sjávarútvegsmiðstöðin Sjávarútvegsskóla unga fólksins og Fiskeldisskóla unga fólksins á sumrin í samvinnu við fyrirtæki og sveitarfélög víða um land.

Annað

Stúdentum fjölgaði nokkuð við sviðið árið 2024. Námspláss á vormisseri fyrsta námsárs í hjúkrunarfræði eru 75 talsins og þreyttu 139 stúdentar öll samkeppnispróf. Alls voru stúdentar deildarinnar 643. Í iðjubjálfunarfræðideild á haustmisseri voru alls 118 stúdentar. Þar af hófu 24 BS-nám á haustmisseri og 30 innrituðust í starfsréttindanám í iðjubjálfun. Í Viðskiptadeild voru alls 491 stúdent og við Auðlindadeild 154 stúdentar, þar af 74 í líftækni, 50 í sjávarútvegsfræði og

Í grunnnámi er nám til BS-gráðu í líftækni, sjávarútvegsfræði, hjúkrunarfræði, iðjubjálfunarfræði og viðskiptafræði auk grunnnáms til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða á kjörsviðum öldrunar og samfélagsgeðhjúkrunar.

í samstarfi við Háskóla Íslands. Einnig er boðið upp á nám til MS-gráðu í auðlindafræðum og viðskiptafræði auk 90 ECTS-eininga MM og MS náms á sviði stjórnunar. Enn fremur er í boði nám til MRM-gráðu í haf- og strandsvæðastjórnun sem fer fram við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði. Þá er boðið upp á starfsréttindanám á meistarastigi fyrir iðjubjálfa í framhaldi af BS-gráðu. Nám í heilabilunarráðgjöf til viðbótardiplómu á framhaldsstigi hófst á árinu og voru 20 nemendur innritaðir á haustmisseri.

Doktorsnám við HVR er í boði á sviði líftækni, sjávarútvegs- og fiskeldisfræða, viðskiptafræði og heilbrigðisvísinda. Gert er ráð fyrir að doktorsverkefni verði að jafnaði þverfræðileg

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

30 sem stunduðu nám á sameiginlegri námsleið deildanna í viðskipta- og sjávarútvegsfræði. Á framhaldsstigi voru um 284 stúdentar í námi í lok árs, þar af voru 145 í meistaranámi í heilbrigðisvísindum og 65 í meistaranámi í stjórnun við Viðskiptadeild. Stúdentar í meistaranámi í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða voru 53. Á árinu var áfram markvisst unnið að endurnýjun og uppfærslu tækja og búnaðar á rannsóknastofum sviðsins sem bæði þjóna verklegri kennslu og rannsóknum starfsfólks.

Skipting í deildir

Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið skiptist í fimm deildir til 1. júlí 2024 en eftir það urðu deildirnar fjórar: Auðlindadeild, Hjúkrunarfræðideild, Iðjuþjálfunarfræðideild og Viðskiptadeild. Þann 1. júlí var Framhaldsnámsdeild í heilbrigðisvísindum lögð niður og námið fært til Hjúkrunarfræðideilda.

Doktorsnám

Níu nemar stunda doktorsnám við fræðasviðið.

Auðlindavísindi:

Alexandra Georganti Ntaliap innritaðist í september 2024 og vinnur að rannsóknum á beitingu líftækni til hömlunar á skaðlegum þörungablóma undir leiðsögn Odds Þórs Vilhelmssonar prófessors og Margrétar Auðar Sigurbjörnsdóttur dósents. Verkefnið er styrkt af Horizon Europe og er hluti af doktorsnemanetinu *PatHogens of Algae for Biocontrol and Biosecurity (PHABB)*. Það er unnið í samvinnu við rannsóknastofnanir víðs vegar um Evrópu og verkefnisstjórn er í höndum Náttúruvinnisafnsins í París.

Ashani Arulananthan innritaðist í september 2023 og vinnur að rannsóknum á áhrifum perflúoróalkýlefnar á kísilþörungum og samlífisörverur þeirra. Verkefnið er leitt af Bettinu Schloz hjá líftækniyrirtækinu BioPol og eru Oddur Þór Vilhelmsson prófessor og Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir dósent fyrir hönd HA. Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs.

María Dís Ólafsdóttir innritaðist í ágúst 2023. Hún vinnur að rannsókn á íslensku laxaróði undir leiðsögn Rannveigar Björnsdóttur dósents. Auk hennar eiga sæti í doktorsnefnd Maríu vísindafólks frá Háskólanum á Hólum, Háskóla Íslands og Íslenska sjávarklasnum. Verkefnið hefur m.a. hlotið sprotastyrk frá Rannís.

Natalia Ramírez Carrera innritaðist í ágúst 2020 og vann að rannsóknum á plöntusýklinum *Pseudomonas syringae* undir leiðsögn Odds Þórs Vilhelmssonar prófessors og Margrétar Auðar Sigurbjörnsdóttur dósents. Doktorsverkefni hennar heitir *Geta fléttur þjónað sem hýslar fyrir Pseudomonas syringae í íslenskum vistgerðum? Einangrun P. syringae stofna úr íslenski engjaskóf, greining á plöntusýkjandi virkni þeirra og áhrifum á hvarfefnamengi fléttanna*. Rannsóknin var samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri, Náttúrufræðistofnunar Íslands, University of Birmingham og frönsku umhverfisrannsóknarstofnunarinnar INRAE. Natalie lauk námi sínu með doktorsvörn í júní 2024.

Theodore Squires innritaðist í ágúst 2021 og vinnur hann að rannsóknum á erfðamengi rjúpu undir leiðsögn Kristins P. Magnússonar prófessors. Samstarfsaðilar eru Háskólinn á Akureyri, Náttúrufræðistofnun Íslands, Uppsala Universitet og Boise State University.

Heilbrigðisvísindi:

Elín Arnardóttir innritaðist í febrúar 2020 og vinnur að rannsóknum á sykursýki tegund 2. Doktorsverkefni hennar heitir *Mat á áhættu að fá sykursýki tegund 2: Áhrif af hjúkrunarstýrðri fræðslu innan heilsugæslu, slembuð rannsókn með íhlutun*. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið kynntar á ráðstefnum og þriðja vísindagrein verkefnisins fór í birtingu 2024. Aðal-leiðbeinandi Elínar er Árún Kr. Sigurðardóttir prófessor.

Kristrún María Björnsdóttir innritaðist í september 2024 og vinnur að rannsókninni *Heilsuferðalagið – langtímarannsókn á Íslendingum fæddum 1988*. Rannsóknin mun vera ein af fyrstu rannsóknum á Íslandi sem skoðar ítarlega langtímaþróun á heilsufarstengdum þáttum á mótunarárunum frá unglingsaldri til fullorðinsára. Gagnasöfnun rannsóknarinnar hófst að hausti 2024 og lýkur í júní 2025. Aðalleiðbeinandi er Erlingur Sigurður Jóhannsson, prófessor við HÍ, og meðleiðbeinandi Nanna Ýr Arnardóttir lektor.

Lada Zelinski innritaðist í september 2022 og vinnur að rannsókn á skammdegisþunglyndi. Doktorsverkefni hennar heitir: *Áhrif umhverfistengdra, lífeðlisfræðilegra og hugrænna áhættuþátta á árstíðabundnar lyndissveiflur*. Aðalleiðbeinendur eru Ragnar Pétur Ólafsson prófessor við HÍ og Yvonne Höller prófessor við Hug- og félagsvísindasvið HA, meðleiðbeinandi er Gísli Kort Kristófersson prófessor. Lada er meðhöfundur að fjórum innsendum greinum og tvær af þremur greinum sem mynda

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

ritgerð hennar eru að nálgast skil. Hún hefur einnig kynnt verk sín á innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum.

Maria Finster Úlfarsson innritaðist í október 2024 og vannur að rannsókn um fullorðin börn aldraðra mæðra á hjúkrunarheimilum. Doktorsverkefni hennar heitir: *Samband mæðra á hjúkrunarheimilum og fullorðinna barna þeirra og þær upplýsingar og stuðningur sem fullorðnar dætur og synir þarfnast frá heilbrigðisstarfsfólki*. Gagnasöfnun í fyrstu rannsókn verkefnisins er langt komin. Aðalleiðbeinandi Mariu er Kristín Þórarinsdóttir, dósent.

Unnur Magnúsdóttir innritaðist í ágúst 2021 og vannur að rannsókn þar sem markmiðið er að greina bindisækni og hugsanlega bindistaði kítínasa-líku próteinanna YKL-40, YKL-39 og SI-CLP við mögulega bindla þeirra, með sérstaka áherslu á virkni þeirra í bólguferlum. Doktorsverkefni hennar heitir *Ligand-binding of human chitinase-like proteins*. Aðalleiðbeinandi Unnar er Finnogi Rútur Þormóðsson, prófessor emeritus.

Skiptinám

Erlendir skiptinemar til sviðsins voru 45 talsins á árinu frá Þýskalandi, Bandaríkjunum, Spáni, Kanada, Póllandi, Slóveníu, Danmörku, Finnlandi, Tékklandi, Lettlandi, Belgíu og Svíþjóð.

Tveir hjúkrunarfræðinemar fóru í klínískt nám erlendis, annar til Danmerkur og hinn til Finnlands og deildin tók á móti sex erlendum skiptinimum í klínískt nám í hjúkrunarfræði. Fjórir erlendir nemar tóku sitt vettvangstímabil í iðjuþjálfunarfræði á Íslandi en engir stúdentar fóru frá deildinni í skiptinám erlendis þetta árið. Engir skiptinemar fóru frá Auðlindadeild en tekið var á móti átta nemendum. Viðskiptadeild fékk til sín 27 skiptinema en enginn stúdent fór í skiptinám frá deildinni. Frá Háskólasetri Vestfjarða fóru sex stúdentar í skiptinám eða starfsþjálfun til Póllands, Danmerkur, Kanada og Hollands.

Starfsfólk

Fastir kennarar við sviðið voru 77 alls í 60,3 stöðugildum og meðal þeirra eru 16 prófessorar. Meðtaldir eru fjórir starfsmenn Heilbrigðisvísindastofnunar HA og staða prófessors sem sviðið deilir með Náttúrufræðistofnun Íslands. Til viðbótar kemur staða forstöðumanns Sjávarútvegsmiðstöðvar HA og fjórir verkefnastjórar náms í tölvunar- og tæknifræði. Þar að auki starfar fjöldi stundakennara við sviðið og enn fremur

þrír gestalektorar og gestadósentar. Á sviðsskrifstofu starfa skrifstofustjóri og verkefnastjórar.

Stjórnsýsla fræðasviðs

Stjórnskipulagi Heilbrigðis-, viðskipta og raunvísindasviðs er lýst í reglum nr. 820/2022 með áorðnum breytingum.

AUÐLINDAEILD

Innan Auðlindadeildar eru tvær námsbrautir, líftækni og sjávarútvegsfræði. Lögð er áhersla á að auka þekkingu á auðlindum norðurslóða í viðum og þverfaglegum skilningi. Í starfi deildarinnar fara saman nám og rannsóknir í líftækni, sjávarútvegsfræði og öðrum náttúruvísindum samhliða áherslum á hagfræði, viðskiptafræði og stjórnum. Slik menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og styður sjálfbæra nýtingu auðlinda til verðmætasköpunar. Starfsemi deildarinnar var svipuð og undanfarin ár.

Í Auðlindadeild er boðið þriggja ára 180 ECTS-eininga nám til BS-gráðu í sjávarútvegsfræði og líftækni. Einnig geta stúdentar lokið 240 eininga námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum og brautskráðst með tvöfalda BS-gráðu sem lengir námstíma um eitt ár að lágmarki.

Á framhaldsstigi er 120 ECTS-eininga einstaklingsmiðað, rannsóknatengt nám til MS-gráðu í auðlindafræðum með áherslu á annað hvort líftækni eða sjávarútvegsfræði. Námið er skipulagt til tveggja ára og geta meistaraverkefnið verið ýmist 60 eða 90 ECTS-einingar. Námskeið eru tekin að hluta til við HA og að hluta til við aðra háskóla hér á landi eða erlendis. Tíu einingar hið minnsta af námskeiðshluta meistaranáms skulu vera námskeið í rannsóknaraðferðum. Stúdentar geta valið að taka lesnámskeið í samráði við aðalleiðbeinanda sinn og að fengnu samþykki meistaranámsnefndar.

Líftækni

Markmið námsins er að veita stúdentum góðan þekkingargrunn til að starfa í líftæknifyrirtækjum og tengdum greinum og breiðan grunn til frekara náms. Nám í líftækni er samsett af námskeiðum á sviði náttúruvísinda og raunvísinda með áherslu á annars vegar auðlindalíftækni og hins vegar heilbrigðislíftækni. Lögð er rík áhersla á að kynna stúdentum líftæknilegar aðferðir til nýtingar auðlinda með nýstárlegum

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

hætti og að koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Meðal sérsviða líftækinnar sem nemendur kynnast í námi sínu má nefna:

- Rannsóknir og framleiðsla á lífvirkum efnum, t.d. í lyfjaframleiðslu, sem aukefni í matvælum, o.fl.
- Líftæknilega þætti fiskeldis hvað varðar heilbrigði og næringu/fóður
- Niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna
- Lífhreinsun spilliefna í náttúrunni, líftæknilega förgun úrgangsefna og aðra umhverfislíftækni
- Grunnrannsóknir á erfðaauðlindum íslenskrar náttúru

Af sérnámskeiðum á sviði líftækni má nefna erfðafræði og sameindaerfðafræði, líftækni, lífefnafræði, ónæmisfræði, líftæknilega örverufræði, matvælafræði, lífupplýsingatækni og gæðaframleiðsluferla.

Sjávarútvegsfræði

Markmið námsins er að veita stúdentum góðan þekkingargrunn til að starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum og grunn til frekara náms. Námið veitir þverfaglega þekkingu sem nýtist sérstaklega vel til stjórnunarstarfa í ýmsum greinum sjávarútvegs og annarra framleiðslugreina, svo sem við veiðar, vinnslu og markaðssetningu sjávarafurða. Kennd eru undirstöðunámskeið raun- og viðskiptagreina. Í sérnámskeiðum sjávarútvegsfræði er fjallað um vistkerfi sjávar og um veiðar og vinnslu sjávarafurða. Rík áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stoðgreinar hans, ekki síst í tengslum við lokaverkefni stúdenta.

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Markmið náms við Hjúkrunarfræðideild er að búa stúdenta undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum sem og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Námið hjúkrunarfræði tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins og mætir alþjóðlegum stöðlum.

Hjúkrunarfræði

Námið til BS-gráðu sem er skipulagt til fjögurra ára og er 240 ECTS-einingar. Á fjórða námsári er tekið valnámskeiði á meistarastigi, alls 10 einingar. Auk námskeiða í hjúkrunarfræði

samanstendur námið af námskeiðum í raunvísindum og hug- og félagsvísindum. Stúdentar stunda klínískt nám undir handleiðslu hjúkrunarfræðinga víða um land yfir námstímann. Hjúkrunarfræðinemar geta stundað nám sitt óháð staðsetningu en skyldumæting er í staðarlotur í tvær vikur á hverju misseri.

Þverfræðilegt framhaldsnám í heilbrigðisvísindum

Markmið námsins er að brautskráðir stúdentar verði gagnrýnir greinendur, ígrundandi fagmenn, breytingarliðar og viðsýnir, skapandi leiðtogar. Það eru þeir námskrárþættir sem áhersla er lögð á og sem eru rauði þráðurinn í uppbyggingu og innihaldi námskeiða og leiðarljós í kennslu og námsmati. Þá er í öllum námskeiðum lögð áhersla á mikilvægi vísindarannsókna.

Námið til MS-gráðu í heilbrigðisvísindum er 120 ECTS-einingar. Það er að jafnaði byggt upp af 60–90 ECTS-einingum í námskeiðum og meistararitgerð sem vegur 30–60 ECTS-einingar, eftir kjörsviðum.

Rannsóknarefni til meistaraverkefnis er valið með aðstoð frá umsjónarkennara. Reynt er að mæta þörfum stúdenta með til- liti til áherslusviðs. Á öllum kjörsviðum eru skyldunámskeið, alls 40 ECTS-einingar og 20–40 ECTS-einingar í valnámskeiðum.

Eftirtalin kjörsvið voru í boði árið 2024:

- Heilbrigðisvísindi – almennt kjörsvið
- Endurhæfing
- Geðheilbrigðisfræði
- Heilsugæsla í héraði – klínísk
- Krabbamein og líknarmedferð
- Langvinn veikindi og lífsglíman
- Sálræn áföll og ofbeldi
- Stjórnun í heilbrigðisþjónustu
- Verkir og verkjameðferð
- Öldrun og heilbrigði

Þá voru nemendur innritaðir í fyrsta skipti í tveggja ára nám í ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun, viðbótardiplóma á framhaldsstigi. Einnig voru tólf nemendur á sameiginlegri námsleið með HÍ í klínískri geðhjúkrun. Nýtt meistaranám í hjúkrunarfræði er í undirbúningi bæði í Heilsugæsluhjúkrun og Hjúkrun einstaklinga með hjartasjúkdóma og sykursýki. Innritað verður á þessar nýju námsbrautir í fyrsta sinn haustið 2025.

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

IÐJUBJÁLFUNARFRÆÐIDEILD

Nám í iðjubjálfunarfræði byggir á heilbrigðis- og félagsvísindum og snýst um iðju, heilsu og lífsgæði fólks. Stúdentar tileinka sér þekkingu, viðhorf og leikni sem endurspeglar nýjustu þekkingu og þróun iðjubjálfunarfræði á hverjum tíma. Skoðað er hvernig umhverfi í viðum skilningi og einstaklingsþættir hafa áhrif á færni og þátttöku fólks í samfélaginu og fjallað er um ólíkar leiðir til úrlausna. Lögð er áhersla á að stúdentar séu virkir þátttakendur í faglegri þróun og samstarfi, bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi.

Iðjubjálfunarfræði

Nám í iðjubjálfunarfræði er 180 ECTS-einingar, tekur þrjú ár og lýkur með BS-gráðu. BS-gráða opnar möguleika til ýmissa starfa í velferðarþjónustu. Hún veitir einnig aðgang að frekara námi á meistarastigi, svo sem í lýðheilsufræði, fötunarfræði, heilbrigðisvísindum og stjórnun.

Iðjubjálfun

Starfsréttindanám í iðjubjálfun á meistarastigi er eins árs 60 ECTS-eininga nám í framhaldi af BS-námi í iðjubjálfunarfræði. Gráðan tryggir leyfisveitingu frá Embætti landlæknis til að starfa sem iðjubjálfi á Íslandi. Stór hluti námsins fer fram á vettvangi í fjölbreytilegu starfsumhverfi þar sem nemendur fá þjálfun og undirbúning fyrir störf iðjubjálfa.

VIÐSKIPTADEILD

Viðskiptafræði er fræðilegt og hagnýtt nám þar sem stúdentar öðlast þekkingu á grunnatriðum viðskiptafræða og eru þjálfðir í faglegum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, sem gerir þá hæfa til að beita viðurkenndum aðferðum við ákvarðanatöku, stjórnun og stefnumótun. Samhliða því eru stúdentar æfðir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast í framhaldsnámi og starfi. Í grunnnámi öðlast stúdentar góða grunnþekkingu á viðskiptafræði.

Viðskiptafræði

Nám til BS-gráðu í viðskiptafræði er 180 ECTS-einingar, skipulagt til þriggja ára. Þrjár námsleiðir voru í boði:

- Stjórnun og markaðsfræði
- Stjórnun og fjármál

- Viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði í samstarfi við Auðlindadeild
- Stúdentar gátu einnig lokið tvöfaldri námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum til BS-gráðu, eins og áður hefur komið fram.

Stjórnun og markaðsfræði

Lögð er áhersla á að mennta fólk til stjórnunar- og markaðsstarfa. Fjallað er um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og stefnumótun. Einnig um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, almannatengsl og markaðsrannsóknir. Farið er yfir aðferðir til markaðsgreiningar sem og gerð markaðs- og kynningaráætlana, þjónustumælinga og almannatengslaferða. Að auki eru kennd námskeið í vörubrúun og áætlanagerð.

Stjórnun og fjármál

Lögð er áhersla á að mennta fólk til almennra stjórnunarstarfa í fyrirtækjum og til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum. Meðal annars er fjallað um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun, stefnumótun, hagnýta stærðfræði, hagrannsóknir og þjóðhagfræði. Einnig er fjallað ítarlega um fjármálastjórnun, áhættustýringu og verðbréfalögfræði.

Viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði

Námið samanstendur af þverfaglegum grunni viðskiptagreina og sérnámskeiða í sjávarútvegsfræði. Áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki og stofnanir í sjávarútvegi og stoðgreinum hans. Viðskiptafræðingar með sjávarútvegsfræði sem aukagrein hljóta menntun sem meðal annars nýtist vel til starfa í sjávarútvegsgreinum.

Meistaránám

Tvær námsleiðir eru í boði sem 90 ECTS-eininga meistaránám, Stjórnun MS og Stjórnun MM. Stjórnun MS hefur það að markmiði að nemendur öðlist sérhæfða þekkingu á stjórnun sem nýtist í þeirra störfum í atvinnulífinu. Námið býður upp á breiðan grunn í stjórnun skipulagsheilda með það að markmiði að nemendur öðlist þekkingu og hæfni til stjórnunar fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka. Nemendur geta tekið valnámskeið við aðra innlenda og erlenda háskóla sem HA hefur samstarfssamninga við.

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Stjórnun MM er meistaraþróf án lokaritgerðar. Í náminu öðlast nemendur sérhæfða þekkingu á stjórnun sem nýtist í þeirra störfum í atvinnulífinu.

Báðar námsleiðir stjórnunar eru skilgreindar sem fullt nám í eitt og hálft ár og boðið er upp á þann sveigjanleika að nemendur geti tekið námið á lengri tíma. Kennsla fer fram á netinu í rauntíma á Teams/Zoom og með upptökum. Í sumum námskeiðunum geta nemendur mætt í kennslustofu þegar kennari er með kennslu í gangi. Flest námskeiðin eru kennd á ensku en einstaka námskeið verða kennd á íslensku. Námið er sett upp sem sveigjanlegt nám í samræmi við kennslustefnu Viðskiptadeildar. Fjölbreytt námsmat miðar m.a. að hagnýtingu þekkingar á fræðasviðinu og í því felast meðal annars hópverkefni, einstaklingsverkefni og próf.

Rannsóknatengt meistaranám í viðskiptafræði til MS-gráðu, ýmist 90 eða 120 ECTS-einingar, hefur einnig verið í boði við deildina frá árinu 2012.

RANNSÓKNIR

Rannsóknastarfsemi er öflug á fræðasviðinu og starfsfólk er í samstarfi við erlenda og íslenska fræðimenn og stofnanir auk þess sem HA hefur gert rannsóknir við helstu heilbrigðisstofnanir landsins sem ná meðal annars til klínískrar kennslu stúdenta á heilbrigðissviði.

Heilbrigðisvísindastofnun HA (HHA) er sameiginlegur vettvangur akademískra starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) og HA til eflingar kennslu, þjálfunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum, til þekkingarmiðlunar og til kynningar á rannsóknnum starfsfólks. Fjórir starfsmenn eru í hlutastörfum við HHA í 20% starfshlutfalli hver og koma þau að kennslu, leiðbeiningu meistaranema og rannsóknnum við heilbrigðisdeildir sviðsins. Yfirstjórn samstarfsins er í höndum stefnufundar og hefur hún það hlutverk að vera stefnumótandi vegna sameiginlegra málefna og vettvangur fyrir undirbúning að því að SAK verði háskólasjúkrahús á Norðurlandi. Megináhersla er lögð á að gera rannsóknir starfsfólks sýnilegar og aðgengilegar auk þess að efla rannsóknarvirkni starfsmanna SAK og tengja verkefni stúdenta HA við þarfir sjúkrahússins. Stefnt er að því að auka vægi HHA í rannsóknar- og þróunarsamstarfi milli samningsaðila. Samkvæmt rannsóknirum milli stofnananna

getur starfsfólk SAK, sem sinnir kennslu og rannsóknnum, sótt um akademíska nafnbót við HHA í samræmi við gildandi reglur háskólans. Tveir starfsmenn SAK hafa fengið slíkar nafnbætur.

Allt frá árinu 2000 hafa rannsóknaráherslur heilbrigðisdeilda sviðsins verið þverfaglegar og hefur starfsfólk deildanna hist mánaðarlega í rannsóknarsmiðjum þar sem ný verkefni og lengra komin hafa verið kynnt. Sú vinna hefur skilað sér í fjölbreyttum rannsóknnum og endurspeglast í nýjum rannsóknarverkefnum á árinu.

Unnið er að mörgum rannsóknarverkefnum tengdum sjávarútvegi innan Auðlindadeildar. Sérfræðingar deildarinnar stundaðu rannsóknir á hafstraumum á norðurslóðum, á áhrifum plastmengunar í hafinu, á áhrifum fiskveiðistjórnunar og umhverfis á fiskistofna, á þróun auðlindarentu og þróun uppsjávarfiskiðnaðarinnar. Einnig voru stundaðar rannsóknir í sjávarlíftækni sem tengja saman námsbrautirnar tvær, líftækni og sjávarútvegsfræði. Rannsóknir fóru líka fram í öðrum geirum líftækni, svo sem umhverfislíftækni, vist-erfðafræði, efnasmíðalíftækni og heilbrigðislíftækni. Rannsóknarverkefni í Viðskiptadeild eru mörg og fjölbreytt. Kennarar deildarinnar stunda til að mynda rannsóknir á alþjóðaviðskiptum, fjölskyldufyrirtækjum, fasteignamarkaði, byggðamálum, sjálfbærni og á sveitarstjórnarmálum, sem og á heilsu, líðan og starfstengdum viðhorfum á vinnustað. Að auki má nefna stjórnun, forystu og leiðtogafærni. Samstarf er á milli Auðlindadeildar og Viðskiptadeildar til dæmis varðandi rannsóknir á auðlindarentu. Samstarf var um nám og rannsóknir við fjölda fyrirtækja og rannsóknastofnana hérlandis. Má þar telja Náttúrufræðistofnun Íslands, Haf- rannsóknastofnun, Byggðastofnun og Fiskistofnu. Enn fremur er virkt samstarf við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann á Hólum og Háskólasetun Vestfjarða. Þá var samstarf við ýmsa erlenda skóla, til dæmis Universitetet i Bergen, University of Birmingham, Woods Hole Oceanographic Institution, Oslo Metropolitan University, University of Greenland, Roskilde University og norrænu rannsóknastofnunina NORDREGIO. Einnig við fjölda fyrirtækja, til dæmis Samherja hf., Norðurorku hf., Landsvirkjun, MýSköpun ehf., BioPol ehf., Matís ohf., HempPack ehf., Marea ehf. og Arctic Therapeutics.

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

NÝ RANNSÓKNARVERKEFNI 2024

Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan sviðs
Samstarf háskólanna / lýðheilsa	Miðstöð sjálfsvígrrannsóknna.	Brynjar Karlsson
Sjávarútvegsfræði	Sea Around Us.	Hreiðar Þór Valtýsson
Örverur	Örverur úr íslenskri náttúru og niðurbrotsvirkni þeirra á plastefnum.	Gustavo Graciano Fonseca
Fiskeldi - líftækni	Verðmætasköpun úr laxablóði - þróun og prófun framleiðsluferla.	Rannveig Björnsdóttir
Umhverfislíftækni	Dog lichens and their associated microbiota as indicators of climate warming. Styrkt af United Kingdom – Iceland Arctic Science Partnership Scheme. Unnið í samvinnu við Háskólann í Birmingham og Konunglega grasagarðinn í Edinborg.	Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir og Oddur Þór Vilhelmsson
Umhverfislíftækni	Áhrif endurheimtar votlendis á jöfnuð gróðurhúsa-lofttegunda og aðra vistkerfisferla (ReWet). Styrkt af Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs. Unnið í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands og fleiri.	Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir
Umhverfislíftækni	PatHogens of Algae for Biocontrol and Biosecurity (PHABB). Styrkt af Horizon Europe (Marie Curie DN). Unnið í samvinnu við rannsóknastofnanir í Evrópu, verkefnisstjórn í höndum Náttúruminjasafnsins í París.	Sigríður Halldórsdóttir
Nýsköpun	Grit's influence on innovation and risk-taking.	Verena Karlsdóttir
Byggðafræði/samgöngur	Doing Research with Vulnerable People.	Sigríður Halldórsdóttir og Hulda Sædis Bryngeirsdóttir
Hagfræði	The Credit Boom as a Predictor of Financial Crisis.	Helga Kristjánsdóttir
Hagfræði	ISLAND TOURISM AND COVID-19: BUTLERS TOURISM AREA LIFE CYCLE, CULTURE, AND SWOT ANALYSIS.	Helga Kristjánsdóttir
Hagfræði	Online Business Academia in the Digital Economy.	Helga Kristjánsdóttir
Hagfræði	CBDCs at the Crossroads: Seizing Opportunities and Confronting Threats in the Financial Frontier.	Helga Kristjánsdóttir
Hagfræði/Vinnumarkaðs-hagfræði	Óstaðbundin störf.	Vífill Karlsson
Sveitarstjórnarmál	Þjónustugeta fámennra sveitarfélaga.	Vífill Karlsson
Hagfræði/Nýsköpun	Nýsköpun fyrirtækja á landsbyggðinni og áhrif stöðkerfis atvinnulífsins á hana.	Vífill Karlsson

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

NÝ RANNSÓKNARVERKEFNI 2024

Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan sviðs
Viðskiptafræði	<i>Art for Arctic Business.</i>	Kjartan Sigurðsson
Viðskiptafræði	<i>Effective renewable energy policies: A scandinavian analysis.</i>	Kjartan Sigurðsson
Viðskiptafræði/ Frumkvöðlanám	<i>Snjallræði - Vaxtarými fyrir frumkvöðla.</i>	Kjartan Sigurðsson
Viðskiptafræði/ Frumkvöðlanám	<i>Verkefni frumkvöðla og nýsköpunar við Háskólann á Akureyri. Tenging háskólasamfélags og atvinnulífs.</i>	Kjartan Sigurðsson
Hjúkrunarfræði/Þróun á matstæki	<i>Þróun á frammistöðumati nemenda í klínísku námi í hjúkrunarfræði.</i>	Hafðís Skúladóttir og Margrét Hrönn Svavarsdóttir
Heilbrigðisvísindi/ Fæðubótarefni	<i>Íþróttafólk, andleg líðan og fæðubótarnotkun. Samstarfsverkefni HA, HÍ, HR.</i>	Nanna Ýr Arnardóttir
Heilbrigðisvísindi/ Ónæmisfræði, heilsa, öldrun	<i>Bólguþættir, langvinnir sjúkdómar og langvinnir verkir.</i>	Eva Halapi
Heilbrigðisvísindi/Offita	<i>Mismunandi birtingarmyndir dagsyfju meðal fólks sem glímur við offitu.</i>	Ragnheiður Harpa Arnardóttir
Iðjuþjálfunarfræði/ Iðjuvísindi	<i>Íslensk þýðing og staðfæring á Parental Burnout Assessment PBA-ICE.</i>	Björg Þórðardóttir og Eva Halapi
Iðjuþjálfunarfræði/ Iðjuvísindi	<i>Íslensk þýðing og staðfæring á matstækjum ReDo® ihlutunarinnar.</i>	Björg Þórðardóttir og Hulda Þórey Gísladóttir
Iðjuþjálfunarfræði/ Iðjuvísindi	<i>NPA Selfcare: Fjarheilbrigðis- og félagsþjónusta í Fjallabyggð, Lapplandi og Írlandi, Veltek.</i>	Björg Þórðardóttir og Brynjar Karlsson
Iðjuþjálfunarfræði/ Iðjuvísindi	<i>OSNord – Occupational Science in the Nordic.</i>	Sigrún Kristín Jónasdóttir, Sólrún Óladóttir, Björg Þórðardóttir
Heilbrigðisvísindi	<i>Association between gestational weight gain and increased use of blood glucose- bloodpressure- and lipid-lowering drugs later in life. Samstarfsverkefni SAK, HÍ og HA.</i>	Alexander Kr. Smárasón, Ingibjörg Hanna Jónsdóttir, Ingibjörg Gunnarsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson, Þórhallur Ingi Halldórsson
Heilbrigðisvísindi	<i>Prepregnancy BMI, optimal gestational weight gain and maternal/birth outcomes. Samstarfsverkefni SAK, HÍ og HA.</i>	Alexander Kr. Smárasón, Björn Gunnarsson, Ingibjörg Hanna Jónsdóttir, Þórhallur Ingi Halldórsson, Laufey Hrólfsdóttir
Heilbrigðisvísindi	<i>Geðlyfjanotkun kvenna á meðgöngu á upptökusvæði HSN á árunum 2020–2022.</i>	Auður Jóna Einarsdóttir, Helga Hansdóttir, Alexander Kr. Smárasón, Margrét Ólafía Tómasdóttir, Anna María Jónasdóttir

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

NÝ RANNSÓKNARVERKEFNI 2024

Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan sviðs
Heilbrigðisvísindi	<i>Models of care and associated targeted implementation strategies for cancer survivorship support in Europe.</i>	Deniz Harputlu
Heilbrigðisvísindi	<i>Parent´s experience of stress in perinatal period.</i>	Sigfríður Inga Karlsdóttir
Heilbrigðisvísindi	<i>Peer support for women who have experienced interpersonal trauma and abuse.</i>	Sigfríður Inga Karlsdóttir
Heilbrigðisvísindi	<i>Experience of parent´s stress in the perinatal period</i>	Sigfríður Inga Karlsdóttir
Heilbrigðisvísindi	<i>The importance of promoting positive childbirth experiences for women.</i>	Sigfríður Inga Karlsdóttir
Heilbrigðisvísindi	<i>Pain, HRQoL and quality of sleep among women at childbearing age in Iceland.</i>	Sigfríður Inga Karlsdóttir, Þorbjörg Jónsdóttir, Hafdís Skúladóttir, Eva Halapi og Guðmundur Kr. Óskarsson
Heilbrigðisvísindi	<i>Mental health during the childbearing period (pregnancy and postpartum).</i>	Sigríður Sía Jónsdóttir, Valgerður Lísá Sigurðardóttir, Guðmundur T. Heimisson, Anna María Jónsdóttir, Stefanía Birna Arnardóttir
Hjúkrunarfræði/ Hermikennsla	<i>Efning klínískrar lyfjafræði á landsbyggðinni. Verkefni styrkt af Samstarfssjóði háskólanna.</i>	Þórhalla Sigurðardóttir, Audrey Louise Matthews, Brynjar Karlsson, Kolbrún Sigurlásdóttir
Hjúkrunarfræði/Færni- og hermikennsla	<i>Blended intensive program (BIP) course in nursing education. Samstarfsverkefni HA, University of South-Eastern Norway and The Portuguese Red Cross Higher School of Health.</i>	Þórhalla Sigurðardóttir, Kolbrún Sigurlásdóttir

Ráðstefnur

Sjónaukinn, árleg rannsóknaráðstefna í heilbrigðisvísindum, hefur verið haldin árlega frá árinu 2018. Yfirskriftin 2024 var *Nýsköpun: Tækifæri og áskoranir*. Aðalfyrirlesarar voru Kjartan Sigurðsson, lektor við Viðskiptadeild, Guðmundur Fertram Sigurjónsson, forstjóri og stofnandi Kerecis, Bergljót Borg, framkvæmdastjóri Styrktarfélagsins, og Ósk Sigurðardóttir, deildarstjóri Höfuðborgardeildar Rauða krossins, Arna Sól Mánadóttir, Hrafnhildur Ósk Halldórsdóttir og Thelma Dögg Grétarsdóttir, núverandi og fyrrverandi nemendur við lðju-þjálfunarfræðideild, Gojiro Nakagami, prófessor við UTokyo,

Sigríður Halldórsdóttir prófessor og Hanna Sigríður Ásgeirdóttir, verkefnastjóri Hátinds 60+.

Á *Sjónaukanum* kynna meistaranemendur í heilbrigðisvísindum lokaritgerðir sínar og einnig kynna fræðimenn sviðsins vísindastarf sitt. Þátttaka á ráðstefnunni var góð en hún var haldin bæði á staðnum og rafrænt. Starfsfólk sviðsins tók þar að auki þátt í og skipulagði ýmsar rafrænar ráðstefnur á árinu og má þar helst telja *Nordic Forum for Nurse Educators*, sem er sameiginleg kennsluráðstefna hjúkrunarfræðikennara í Skandinavíu og Eystrasaltslöndunum. Ráðstefnan var haldin í HA dagana 11.–13. nóvember 2024.

TÖLVUNARFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Við Háskólinn á Akureyri er boðið nám í tölvunarfræði í samstarfi við Háskólinn í Reykjavík. Háskólinn í Reykjavík ber ábyrgð á náminu og brautskrást stúdentar þaðan.

Nám og námsmat fer fram í Háskólanum á Akureyri. Námið er með sveigjanlegu formi og stúdentar mæta vikulega í verkefnatíma í HA. Háskólinn á Akureyri leggur til vinnuáðstöðu, leiðsögn með náminu og kennslu í verkefnatímum.

Árið 2024 fóru dæmatímar aðallega fram á staðnum en einhverjir voru þó rafrænir.

Um er að ræða nám í tölvunarfræði til BSc-gráðu og eru þrjár námslínur:

- Tölvunarfræði – almenn, 180 ECTS-einingar. Námið er skipulagt til þriggja ára.
- Tölvunarfræði með viðskiptafræði sem aukagrein, 180 einingar. Námið er skipulagt til þriggja ára. Það skiptist í 120 einingar í tölvunarfræði og 60 einingar í viðskiptagreinum. Viðskiptanámsskeiðin voru tekin við Viðskipta- og raunvísindasvið HA, nú við Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið.
- Tölvunarfræði – almenn, 120 einingar. Námið er skipulagt til tveggja ára. Skilyrði er að Háskólinn í Reykjavík hafi metið 60 einingar úr fyrra heildstæðu háskólanámi.

Einnig er boðið upp á 120 ECTS-eininga diplómanám í tölvunarfræði sem skipulagt er til tveggja ára.

Haustið 2023 hófst í fyrsta sinn nýr möguleiki fyrir nemendur í þessu samstarfi að stunda MSc nám í starfrænni heilbrigðistækni, en inntökuskilyrði eru annaðhvort tækni- eða

heilbrigðisbakgrunnur. Tveir nemendur innrituðust á þessa línu hér á Akureyri og stunda nú MSc nám.

Haustið 2024 bættust tveir nýir nemendur við hópinn sem stunda nám í tölvunarfræði á Austurlandi. Það er verkefni sem HA stýrir og er með svipuðu sniði og tölvunarfræðinámið á Akureyri, en námið fyrir austan hefur aðsetur hjá Austurbrú á Reyðarfirði.

Á vormisseri 2024 brautskráðust níu stúdentar með BSc-gráðu í tölvunarfræði og þar af einn með viðskiptafræði sem aukagrein. Fimm stúdentar brautskráðust á haustmisseri með BS í tölvunarfræði, þar af einn nemandi með viðskiptafræði sem aukagrein.

Á haustmisseri 2024 voru um 47 stúdentar í grunnnámi í tölvunarfræði og 2 í framhaldsnámi í starfrænni heilbrigðistækni.

Stúdentar sem brautskrást með BSc-gráðu bera starfsheitið tölvunarfræðingur, en það er lögverndað.

Forritunarkeppni framhaldsskóla hefur verið haldin á Akureyri og í HR frá því að samstarf um tölvunarfræði hófst. Vorið 2024 var mjög góð þátttaka en um ellefu lið og 30 þátttakendur voru skráð til leiks. Keppt er í þremur deildum með mismunandi erfiðleikastigum og komst lið við HA á verðlaunapall. Nú í fyrsta skipti var einnig lið úr Menntaskólanum á Egilsstöðum sem tók þátt á Austurlandi með finum árangri, vonandi næst að festa það í sessi að lið fyrir austan geti tekið þátt á Austurlandi.

Verkefnastjóri tölvunarfræði í Háskólanum á Akureyri er Ólafur Jónsson.



TÆKNIFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Nám í tæknifræði hófst við Háskólann á Akureyri (HA) haustið 2023 og er kennt í samstarfi við Háskólann í Reykjavík (HR), en skólarnir hafa átt í góðu samstarfi undanfarin ár. Nám og námsmat fer fram í HA á Akureyri, en HR ber ábyrgð á náminu og brautskrást stúdentar þaðan. Námið er með dagskólaformi og stúdentar mæta daglega í tíma í HA. Tímarnir eru blanda af fyrirlestrum og verkefnatímum. HA leggur til vinnuaðstöðu, leiðsögn með náminu og kennslu í verkefnatímum. Fyrstu tvö árin fara vel af stað og framhaldið lofar góðu, uppbygging á verklegri aðstöðu er hafin og búið er að fjárfesta í töluverðum tækjabúnaði.

Haustið 2024 innrituðust tíu nýir nemendur inn í tæknifræðinámið, sem er góð aukning meðan þetta er í uppbyggingu. Í lok haustmisseris voru enn ellefu nemendur í tæknifræðináminu á

fyrstu tveim árunum. Stefnt er að innrita þriðja árganginn inn haustið 2025, en mikill áhugi er á náminu bæði hjá atvinnulífinu sem og samfélaginu öllu.

Um er að ræða nám í tæknifræði til BSc-gráðu og er ein námslína:

- Iðnaðar- og orkutæknifræði, 210 ECTS-einingar. Námið er skipulagt til þriggja og hálfs árs.

Nemendur taka starfsnám og gera lokaverkefni í samstarfi við atvinnulífið á Norðurlandi.

Stúdentar sem brautskrást með BSc-gráðu bera starfsheitið tæknifræðingur, en það er lögverndað og úthlutað af ráðuneyti.

Verkefnastjóri tæknifræði í Háskólanum á Akureyri er Ólafur Jónsson.



HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ



HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hlutverk Hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með talið félagsvísindum, lögfræði, menntavísindum og sálfræði.

Á Hug- og félagsvísindasviði má einnig finna námsframboð sem ekki er við aðra háskóla hérlandis, eða BA-nám í almennum félagsvísindum, fjölmiðlafræði og nútímafræði. Þá er Háskólinn á Akureyri einn íslenskra háskóla með nám í heimskautarétti á framhaldsstigi. Loks ber að nefna BA-nám í lögreglu- og löggæslufræði og enn fremur diplómanám fyrir verðandi og starfandi lögreglumenn, sem er eingöngu í boði við HA.

Stúdentar frá HA sem vilja öðlast starfsréttindi sem sálfræðingar hafa einkum sótt sér framhaldsmenntun hér á landi og á hinum Norðurlöndunum, en hafa þó einnig komist inn í framhaldsnám í öðrum Evrópulöndum og Bandaríkjunum.

Hægt er að stunda doktorsnám við Hug- og félagsvísindasvið á sviðum félagsfræði og lögfræði. Gert er ráð fyrir að doktorsverkefni verði að jafnaði þverfagleg í eðli sínu og framkvæmd, þrátt fyrir formlega staðsetningu á sviðinu.

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri – MSHA er starfrækt innan Hug- og félagsvísindasviðs í gagnvirkum tengslum við Kennaradeild.

Rannsóknasetur í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri – RLHA er starfrækt innan Félagsvísindadeildar Hug- og félagsvísindasviðs. Það starfar eftir reglum nr. 1630/2022. Stjórn Rannsóknaseturs í lögreglufræði er skipuð fulltrúum frá Háskólanum á Akureyri og Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu.

Skipting í deildir

Hug- og félagsvísindasvið skiptist í fjórar deildir: Félagsvísindadeild, Kennaradeild, Lagadeild og Sálfræðideild.

Doktorsnám við Hug- og félagsvísindasvið

Tveir doktorsnemar hafa brautskráðst við Hug- og félagsvísindasvið, Lara Wilhelmine Hoffmann, doktor í félagsvísindum, brautskráðist í desember 2022. Doktorsritgerð hennar heitir *Aðlögun innflytjenda á Íslandi: Huglægar vísbendingar um aðlögun innflytjenda á Íslandi byggðar á tungumáli, fjölmiðlanotkun og skapandi iðkun*. Aðalleiðbeinandi var Markus Meckl prófessor. Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, doktor í félagsvísindum, brautskráðist í júní 2024. Doktorsritgerð hennar heitir *Áhrif nærsamfélagsins á búsetu ungra kvenna í sjávarbyggðum, Young women in Icelandic fishing villages: Migration and social context*. Aðalleiðbeinandi var Þóroddur Bjarnason prófessor.

Sjá nánar um doktorsvarnir í kaflanum Miðstöð doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna.

Skiptinám

Hug- og félagsvísindasvið tók sem fyrr á móti stórum hluta þeirra erlendu skiptinema sem stunduðu nám við HA. Alls komu 48 skiptinemar til sviðsins og 11 stúdentar fóru til skiptináms erlendis. Stúdentar frá öllum deildum sviðsins fóru í skiptinám við erlenda háskóla í gegnum Erasmus+ en einnig Nordplus.

Fjölmiörg námskeið innan sviðsins voru kennd á ensku auk þess sem námsbraut í heimskautarétti er í boði á ensku. Auk þess voru sérnámskeið fyrir erlenda skiptinema vistuð á sviðinu en þau eru: *Íslenska sem annað mál* og *Íslenskt samfélag, saga og menning*.

Starfsfólk

Fast starfsfólk Hug- og félagsvísindasviðs var samtals 75 í desember. Auk þess starfaði við sviðið fjöldi stundakennara, að viðbættum kennurum á öllum skólastigum víðs vegar um land sem tóku að sér að veita stúdentum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

Á skrifstofu fræðasviðs starfa skrifstofustjórnir og verkefnastjórnar.

Stjórnsýsla fræðasviðs

Stjórnskipulagi Hug- og félagsvísindasviðs er lýst í reglum nr. 821/2022.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSVÍSINDAEILD

Félagsvísindadeild er meðal fjölmennustu deilda háskólans hvað stúdenta varðar. Í náminu er áhersla á verkefnavinnu stúdenta og námið felur í sér fjölbjóðlegar tengingar.

Við Félagsvísindadeild eru fjórar námsleiðir til BA-gráðu, félagsvísindi, fjölmiðlafræði, lögreglu- og löggæslufræði og nútímafræði. Að loknu 120 eininga diplómanámi í lögreglufræði fyrir verðandi eða starfandi lögreglumenn er hægt að bæta við 60 eininga námi til BA-gráðu.

Meistaránám til MA-gráðu í félagsvísindum við Félagsvísindadeild er rannsóknartengt.

Fjölmiðlafræði

Fjölmiðlafræði skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Námið tekur mið af þróun sem orðið hefur á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum. Leitast er við að samþætta faglega þekkingu sem kennd er í svonefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd er í hefðbundnu háskólanámi. Slík samtvinnun er eftirsóknarverð í námi af þessu tagi og til þess ætluð að gera stúdenta hæfari til að takast á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsingatæknibyltingu og síhækkandi almennu menntunarstigi.

Stúdentar taka þátt í gerð ýmiss konar fjölmiðlaefnis á prent- og ljósvakamiðlum. Áberandi er hve margir brautskráðir hafa fengið störf í fjölmiðlum eða sinna fjölmiðlatengdum störfum.

Nútímafræði

Nútímafræði er þverfaglegt nám á sviði félags- og hugvísinda. Það er blanda af heimspeki, siðfræði, sagnfræði, íslensku og samfélagsgreinum. Mörg valnámskeið eru í boði og góðir möguleikar á skiptinámi, bæði á Íslandi og erlendis.

Námið er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér viðtækrar menntunar og öðlast traustan grunn fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda.

Stúdentar ljúka 120 einingum í kjarnanámskeiðum. Auk þess er valið á milli þriggja áherslusviða: Sagnfræði, heimspeki og íslensku.

Almenn félagsvísindi

BA-námið byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísinda. Það byggir einkum á félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði. Stúdentar öðlast innsýn í eðli mannlægs samfélags og hreyfilögmál félagsgerðar, menningar, stjórnmála og efnahagslífs. Námið veitir umtalsverða þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda, skipulagningu rannsóknarverkfna og framsetningu á niðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn. Það er sambærilegt við BA-nám í einstökum undirgreinum félagsvísinda við aðra innlenda og erlenda háskóla.

Að námi loknu hafa brautskráðir traustan grunn til framhaldsnáms og margvíslegra starfa á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

BA-nám í félagsvísindum var hægt að stunda með eftirtöldum áherslugreinum:

- Almenn félagsvísindi með valnámskeiðum að eigin vali
- Afbrotafræði, áhersla á eðli og skilgreiningu afbrota og annarra frávika, félagslegar, efnahagslegar, menningarlegar og sálfræðilegar orsakir þeirra og afleiðingar fyrir einstaklinga og samfélög
- Byggðafraeði, áhersla á byggðapróun á Íslandi, fólksflutninga innanlands og utan, áhrif samgöngubóta á afskekkt samfélög, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðunum, stjórnmál, stjórnsýslu og stefnumótun í byggðamálum
- Kynjafræði, áhersla á kynjun og kyngervi, stöðu kynjanna í dreifbýli og þéttbýli, breytingar á jafnréttisviðhorfum og verkaskiptingu á heimilum, fjölskyldugerðir og líðan barna, kynhegðun unglinga og stöðu samkynhneigðra í samfélaginu
- Norðurslóðafraeði, áhersla á félagslega, hagræna, menningarlega og pólitíska þætti þróunar á norðurslóðum, í samhengi við hnattvæðingu, umhverfisbreytingar, auðlinda-nýtingu, atvinnu- og byggðamál, mannauð og sjálfbærni

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lögreglufræði

Lögreglufræði fjallar um viðfangsefni löggæslu í víðu samhengi. Námið miðar að því að veita stúdentum haldgóða undirstöðufærni í að fyrirbyggja og upplýsa um brot á lögum og að tryggja almannaoöryggi. Það er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á lögreglufræði sem fræðigrein, en er jafnframt tengt starfi lögreglu á grundvelli laga, reglna, þjálfunar og alls verklags sem er mikilvægt í starfi lögreglunnar.

BA-nám í lögreglu- og löggæslufræði leggur grunn að ólíkum leiðum í námi og starfi. Það er góður kostur fyrir stúdenta sem vilja afla sér víðtækrar menntunar á sviði lögreglu- og löggæslufræði.

Diplómanám í lögreglufræði er skipulagt til tveggja ára. Diplómanám fyrir verðandi lögreglumenn undirbýr stúdenta fyrir störf í þéttbýli, á fámönnum og víðfeðmum svæðum þar sem lögreglumaður þarf að geta gengið í nánast öll störf. Hluti af náminu er starfsnám sem veitir starfsréttindi til að hljóta skipun hjá lögregluembættum landsins.

Diplómanám fyrir starfandi lögreglumenn er ætlað þeim sem vilja kynna fræðigreininni betur og dýpka þekkingu sína á löggæslu og rannsóknum afbrota, eða vilja prófa nýja nálgun á fagið. Þessi námslína felur ekki í sér starfsþjálfun.

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu – MSL annast starfnám í lögreglufræði í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Stúdentar sem sækja um starfsnám í lögreglufræði þurfa að fullnægja almennum skilyrðum sem kveðið er á um í 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og standast inntökupróf, læknisskoðun, fræðileg námskeið og fleira. Meginmarkmið námsins er að mennta stúdenta sem stefna á störf í lögreglu.

KENNADEILD

Kennaradeild skiptist í *Kennarabraut* og *Menntavísindabraut*.

Á *Kennarabraut* er boðið upp á heildstætt fimm ára kennarnám, sem skiptist í þriggja ára 180 ECTS-eininga kennaranám til BEd-gráðu og tveggja ára 120 eininga nám í menntunarfræðum til MEd-gráðu og MT-gráðu.

Í B.Ed-náminu eru tvö kjörsvið: Leikskólakjörsvið og grunn-skólakjörsvið.

Í M.Ed- og MT-námi sérhæfa stúdentar sig til kennslu á mismunandi skólastigum, í MT-náminu á leikskólastigi og grunnskólastigi en í MEd-náminu einnig á framhaldsskólastigi og val er um þrjú kjörsvið. MEd- og MT-námið er einnig opið þeim sem lokið hafa BA- eða BS-gráðu á öðrum námssviðum. MEd-námið flokkast undir menntunarfræði og lýkur með M.Ed. ritgerð en MT-námið er kennarafræði án ritgerðar. Báðar leiðirnar veita kennsluréttindi. Að náminu loknu geta stúdentar sótt um leyfisbréf til kennslu.

Á grunnstigi er einnig boðið upp á tveggja ára, 120 eininga diplómanám í leikskólafræði.

Haustið 2023 var í fyrsta skipti boðið upp á fagháskólanám í leikskólafræðum fyrir þau sem hafa lokið undirbúningsnámi (leikskólabró), hafa þriggja ára starfsreynslu í leikskóla og hafa samþykki sveitarfélags til að stunda nám með starfi. Um er að ræða hálfháskólanám í tvö ár sem veitir aðgang að öðru námsári í leikskólafræði á háskólastigi.

Á *Menntavísindabraut* fer fram nám sem ætlað er kennurum og öðrum þeim sem vilja efla starfshæfni sína og sérþekkingu á sviði menntavísinda. Námið er sniðið fyrir þá sem þegar hafa öðlast leyfisbréf til kennslu og vilja annað hvort dýpka þekkingu sína og efla sig sem kennara, eða stunda rannsóknir og fræði á þekkingarsviðinu.

Tvær mislangar námsleiðir eru innan brautarinnar. Annars vegar er 120 eininga rannsóknartengt meistaranám til MA-gráðu fyrir þá sem vilja sérhæfa sig á tilteknu sviði til ýmissa starfa í menntakerfinu og/eða stunda rannsóknir og fræðistörf.

Hins vegar er 60 eininga viðbótarnám (Dipl.Ed) sem er ætlað þeim sem vilja sérhæfa sig á tilteknu áherslusviði og auka hæfni sína til starfa.

Kennaradeild tók þátt bæði í innlendu og alþjóðlegu samstarfi af ýmsum toga árið 2024, meðal annars í rannsóknum og stefnumótum sem lýtur að leikskólafræðum, gæðum kennslu, menntun fyrir alla, málvísindum og kennaramenntun. Einnig var hugað að því að efla tengsl fræða og starfs, bæði í námskeiðum HA og í starfsnámi á vettvangi, í samræmi við kennslustefnu Kennaradeildar. Jafnframt var markvisst hugað að þróun fjölbreytilegs mats og notkun gervigreindar í námi og kennslu með reglulegum vinnusmiðjum kennara.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Kennaradeild er samstarfsaðili að Menntafléttunni – náms-samfélagum í skóla- og frístundastarfi ásamt Menntavísinda-sviði Háskóla Íslands og Kennarasambandi Íslands.

Kennaradeild átti að venju fulltrúa í ýmsum ráðum, nefndum og starfshópum á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis, s.s.:

- Ráðgjafarnefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara
- Endurskoðun aðalnámskrár
- Kennararáði sem hefur það hlutverk að veita ráðherra menntamála ráðgjöf og leiðbeiningar um kennaramenntun og starfsþróun kennara og skólustjórnenda.

Fulltrúar Kennaradeildar tóku þátt í að undirbúa ný lög um skólalþjónustu, en rannsóknir á því sviði hafa verið gerðar við deildina.

Á árinu kom út afmælisrit Kennaradeildar HA (1993–2023) eftir Braga Guðmundsson, prófessor við HA, á prenti og á vef <https://www.unak.is/static/files/Kennaradeild/Kennaradeild-30-ara.pdf>

LAGADEILD

Meginmarkmið náms í lögfræði er að nemendur öðlist þekkingu á undirstöðuatriðum lögfræðinnar með áherslu á lagaframkvæmd á Íslandi, annars staðar í Evrópu og í alþjóðlegu samhengi. Nemendur takast á við grunngreinar íslenskrar lögfræði og kynnast lögum og rétti í sögulegu, alþjóðlegu og heimspekilegu samhengi.

Um leið og námið er hagnýtt og góður undirbúningur fyrir lögfræðistörf felst sérstaða þess meðal annars í alþjóðlegri, sögulegri og fræðilegri nálgun.

Lagadeild býður bæði upp á BA-nám í lögfræði, sem er 180 eininga nám, og svo 120 eininga nám til ML-gráðu í lögfræði.

Annað hvert ár er hægt að innrita í nám í heimskautarétti sem tekur á fjölmörgum lögfræðilegum álitafnum tengdum norður- og suðurskautinu.

Áherslur í náminu eru meðal annars á þjóðarétt, þar á meðal hafrétt og umhverfisrétt, frumbyggjarétt og réttindi annarra íbúa á svæðunum, og stjórnamála- og þróunarfræði á heimskautasvæðunum. Einnig er fjallað um hinar ýmsu atvinnu-

greinar og hag- og viðskiptafræði bæði á Norður- og Suðurheimskautunum. Námið fer alfarið fram á ensku. Boðið er upp á 120 eininga nám til MA-gráðu í heimskautarétti, 90-120 eininga nám til LLM-gráðu og 60 eininga diplómanám.

SÁLFRÆÐIDEILD

Sálfræði fjallar um mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinám á bakkalárstigi við Háskólann á Akureyri veitir grunnþekkingu á sálfræði sem vísindagrein og undirbýr nemendur fyrir framhaldsnám og störf á margvíslegum vettvangi. Áhersla er lögð á kenningar, aðferðafræði og rannsóknaraðferðir.

BS-próf í sálfræði veitir ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði, heldur gefur nemendum tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið sálfræðinnar. Stúdentar sem vilja verða sálfræðingar sækja framhaldsmenntun hér á landi, á Norðurlöndunum, í Evrópu og Bandaríkjunum.

Námið er með áherslu á rannsóknaraðferðir, tölfræði og mælifræði. Nemendur taka þátt í rannsóknum og kynnast fjölmörgum sviðum sálfræðinnar, frá virkni taugafruma til hegðunar fólks í hópum. Viðfangsefni námsins eru meðal annars skynjun, persónuleiki, minni, geðkvillar, atferlisgreining og þroski.

Námið opnar margar dyr og brautskráðir stúdentar vinna fjölbreytt störf á sviði rannsókna, menntunar, ráðgjafar, umönnunar, forvarna og í viðskiptalífínu. Námið veitir einnig leið að framhaldsnámi í tengdum greinum eins og mannauðsstjórnun, fjölskylduráðgjöf og lýðheilsuvísindum. Með klínísku framhaldsnámi geta stúdentar öðlast starfsréttindi sem sálfræðingar.

Á framhaldsstigi er boðið upp á rannsóknartengt meistaranám í sálfræði. Áhersla er lögð á einstaklingsbundið, hagnýtt nám í rannsóknaraðferðum og þekkingaröflun sem býr stúdenta vel undir frekara framhaldsnám í sálfræði en gerir þá einnig eftirsóttá í sérfræðistörf sem krefjast gagnrýnnar hugsunar, vandaðrar meðferðar gagna, frumkvæðis og þekkingar á mannlegu eðli.

Námið veitir góðan undirbúning fyrir doktorsnám í sálfræði, félagsvísindum og heilbrigðisvísindum.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Árið 2024 var í fyrsta sinn boðið upp á rannsóknartengt meistaranám í sálfræði með áherslu á íþróttasálfræði. Er

það samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Háskólans í Reykjavík, leitt af Richard Eiríki Tähtinen.

RANNSÓKNIR

NÝ RANNSÓKNARVERKEFNI Á ÁRINU

FÉLAGSVÍSINDAEILD

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs
Undirmönnun lögreglu og lögreglunám	<i>Flexible education reform and Iceland's police staffing crisis.</i>	Guðmundur Oddsson, Ólafur Örn Bragason og Rannveig Þórisdóttir
Lögreglunemar	<i>To be or not to be armed: Icelandic police students' attitudes towards routinely arming an unarmed police service.</i>	Guðmundur Oddsson og Margrét Valdimarsdóttir
Félagslegur ójöfnuður og verkalyðsbarátta	<i>Huglæg virðingarstaða á tímum félagslegs umróts og róttækari verkalyðsbaráttu: Áhrif stéttarfélagsaðildar, stéttar og innflytjendastöðu Guðmundur Oddsson og Kristinn Már Ársælsson.</i>	Guðmundur Oddsson og Kristinn Már Ársælsson
Social and economic inequalities; fieldsite in South Greenland	<i>WAGE – Arctic economy and social transitions (SSHRC, Canada).</i>	Joan Nymand Larsen & Jón Haukur Ingimundarson
Global change/Climate change impacts on pollution and local livelihoods; impacts and adaptation; fieldsites in N.E. Iceland and South Greenland	<i>ICEBERG - Innovative Community Engagement for Building Effective Resilience and Arctic Ocean Pollution-Control Governance in the context of Climate Change (EU Horizon) .</i>	Joan Nymand Larsen & Jón Haukur Ingimundarson
Impacts of permafrost thaw/climate change on cultural ecosystem services and economy; fieldsite in Disko Bay region, West Greenland, & Mackenzie Delta, Canada	<i>ILLUQ – Permafrost, Pollution, Health, in the Arctic (EU Horizon).</i>	Joan Nymand Larsen
Universities, higher education and democracy	<i>Community and Purpose in the Academy.</i>	Sigurður Kristinsson & Anna Ólafsdóttir
Teaching and climate change	<i>GREEN TALES. The GREEN TALES project enhances green awareness education for children in Europe through arts and digital tools.</i>	Anna Karen Úlfarsdóttir, Brynhildur Bjarnadóttir & Markus Meckl
Raunfærnimat	<i>Innleiðing á raunfærnimati til styttingar náms.</i>	Anna Karen Úlfarsdóttir, Aníta Jónsdóttir & Heiða Kristín Jónsdóttir

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

KENNADEILD

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs
Kennaramenntun	2024–2027 Monitoring and improving teacher education: Strengthening educational foundations. 2024–2027 (Rannís).	Birna María B. Svanbjörnsdóttir
Grunnskóli	(2025–2026) Queer students and their wellbeing in compulsory schools in rural areas.	Bergljót Þrastardóttir
Leikskóli	(2024–2026) Breytingar á rekstrarumhverfi leikskóla.	Anna Elísa Hreiðarsdóttir
Grunnskóli	2024–2026 – Nordplus project: Mangfold i lærebøger i språkfagene.	Kristín Margrét Jóhannsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir
Öll skólastig	Exploring Fluid Identities in Arctic Educational Contexts.	Hermína Gunnþórsdóttir
Grunnskóli - Fjöltyngi, nemendur af erlendum uppruna	TALÍS – Talking and learning Icelandic in Schools. Menntarannsóknasjóður Rannís tveggja ára verkefni, 2024–2026.	Hermína Gunnþórsdóttir
Kennarar fjöltyngra nemenda - Grunnskóli	ÍSAT - Gagnabanki - Kennsluleiðbeiningar.	Hermína Gunnþórsdóttir
Raunfærnimat	Innleiðing á raunfærnimati til styttingar náms.	Anna Karen Úlfarsdóttir, Aníta Jónsdóttir & Heiða Kristín Jónsdóttir

LAGADEILD

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs
Norðurslóðafraði	Fulbright Arctic Initiative IV.	Rachael Lorna Johnstone
Refugee law, international law, human rights law, equality law, administrative law	The Nordic Concept of Gender Equality and 'the Other': The problems and particularities of gender mainstreaming in asylum decision-making.	Valgerður Guðmundsdóttir

SÁLFRÆÐIDEILD

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs
Próffræði, hugræn taugavísindi	VIVAS: Þróun hlutbundins mælitækis á styrk hugsýna og hugsýnastoli.	Árni Gunnar Ásgeirsson
Hugfræði, félagsvísindi	Tengsl hugræns álags við hugræna getu.	Árni Gunnar Ásgeirsson
Hugfræði, skynjunarsálfræði	Alþjóðleg könnun á kvalíu samskynjana og tengsl við menningu og tungumál.	Árni Gunnar Ásgeirsson
Lífeðlisleg sálfræði, taugasálfræði	Predictive value of self-reported seasonality.	Yvonne Höller
Lífeðlisleg sálfræði, taugasálfræði	Sample size dependency of performance metrics in EEG-biometrics.	Yvonne Höller
Lífeðlisleg sálfræði, taugasálfræði	Stability of EEG-Biometrics.	Yvonne Höller
Lífeðlisleg sálfræði, taugasálfræði	Movement arousals during sleep.	Yvonne Höller

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

SÁLFRÆÐIDEILD

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs
Lífeðlisleg sálfræði, taugasálfræði	<i>Feasibility of consumer-grade mobile EEG to document neurophysiological markers of design-induced cognition.</i>	Yvonne Höller
Taugasálfræði	<i>Naming of emotional pictures as a novel marker for early detection of Alzheimer disease.</i>	Yvonne Höller
Lífeðlisleg sálfræði, taugasálfræði	<i>Depression, epilepsy and deep sleep.</i>	Yvonne Höller
Lífeðlisleg sálfræði, taugasálfræði	<i>Deep sleep and memory in epilepsy.</i>	Yvonne Höller
Lífeðlisleg sálfræði, taugasálfræði	<i>Influence of sports on cortical excitability in patients with spinal cord injury.</i>	Yvonne Höller
Íþróttasálfræði	<i>The influence of state rumination on athletic performance: An experimental study among competitive golfers in Iceland.</i>	Richard Tahtinen
Íþróttasálfræði	<i>Retention of sport referees in Iceland: Harassment and mental health.</i>	Richard Tahtinen
Íþróttasálfræði	<i>Burnout in Icelandic athletes.</i>	Richard Tahtinen
Klínísk sálfræði	<i>Parental guilt and burnout.</i>	Richard Tahtinen
Próffræði	<i>A new Icelandic version of the HEXACO-100 personality Inventory, and cross-cultural psychometric analysis conducted in tandem with the University of South Florida.</i>	Guðmundur T. Heimisson
Hugfræði	<i>Interference from semantic long-term memory in working and episodic memory.</i>	Peter Shepherdson
Hugfræði	<i>Bayesian hierarchical response time models for understanding cognitive slowing in long COVID.</i>	Peter Shepherdson
Þroskasálfræði	<i>Individual differences in infants' social evaluations across cultures.</i>	Hilal Sen
Þroskasálfræði	<i>Raising "good kids": Cross-cultural longitudinal investigation of moral reasoning in parent-child interactions – PILOT STUDY.</i>	Hilal Sen
Þroskasálfræði	<i>Group Synchronicity and Infants' Expectations of Dominance.</i>	Hilal Sen Mehmet Harna
Þroskasálfræði	<i>Parenting in Iceland.</i>	Hilal Sen Mehmet Harna
Félagssálfræði	<i>MORALICE: Disparities in Norm Violation Evaluations for Romantic Relationships.</i>	Mehmet Harna
Félagssálfræði	<i>Nomological Network of Different Threat Primings.</i>	Mehmet Harna
Félagssálfræði	<i>Socio-Political and Psychological Correlates of Perceived Income Inequality.</i>	Mehmet Harna
Félagssálfræði	<i>Measuring Identity Bubbles Across Nations: Longitudinal Evidence on Social Media Addiction and Happiness.</i>	Mehmet Harna, Guðmundur T. Heimisson, Richard Tahtinen
Félagssálfræði	<i>The Ripple Effects of The Icelandic Financial Crisis: Social Fabric and Family Life in Post-2008 Iceland.</i>	Mehmet Harna

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

RÁÐSTEFNUR

[Hverjir eru fjölmiðlarnir nú? Hugleiðingar um blaðamennsku á tímum krísu](#)

[Meðalhófsreglan í þjóðarétti, sjálfsvarnarréttur ríkja og stríðsglæpir í Úkraínu og á Gasasvæðinu](#)

[Þingrof og starfsstjórnir í ljósi nýliðinna atburða og komandi þingkosninga](#)

[„Stuðningur skólans getur skipt sköpum“ - Skólastarf og inngilding hinsegin nemenda](#)

[Ekkert um okkur án okkar](#)

[Hvernig nota blaða- og fréttamenn samfélagsmiðla?](#)

[HA á Arctic Circle 2024](#)

[HA á Arctic Circle 2024](#)

[HA á Arctic Circle 2024](#)

[HA á Arctic Circle 2024](#)

[One Picture Is Worth 727,644 Words](#)

[Refsiréttur líðandi stundar](#)

[Löggæsla og samfélagið](#)

[Akureyri á krossgötum: Borgarmyndun, hnattvæðing og tækniþýtingar](#)

[Towards a “labour-centred” approach to growth models](#)

[Hvað er að vera læs?](#)

[Byrjendalæsi](#)

[Félagastarf, lýðræðis- og stjórnmalapróun á Íslandi 1875-1968.](#)

[„Það er voða erfitt að segja hvenær þú ert ekki í vinnunni stundum“. Starfsumhverfi og fjölskyldulíf akademíks starfsfólks](#)

[The post-heroic society: Identity and victimhood](#)

[Doktorsvörn í félagsfræði](#)

[Frá Háskólanum og út í geim](#)

[Menntabúðir](#)

[Where next for Polar Law? Achieving Justice in an Age of Crises](#)

[Hönd í hönd - viðburður um foreldrasamstarf](#)

[Mín eigin lög - kynning á bók um málsmeðferðarreglur á Alþingi](#)

[Áskoranir stafrænna rannsókna \(e. digital and media forensics\)](#)

[Wilderness Protection in the Arctic](#)

[Sameiningar, slúður og öskurbörf](#)

[Stafræn rannsókn á morðmáli](#)

[Þróun stafrænna rannsókna við lausn sakamála](#)

[Vísindadiplómasía á Norðurslóðum í tvískiptri heimsskipan - NATO/BRICS](#)

[Fullveldi og náttúruauðlindir](#)

[Það vorar í lofti - 11. málþing Kennarardeildar](#)

[Meistaravörn við Sálfræðideild](#)

[Meistaravörn við Sálfræðideild](#)

MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA – MSHA



Um okkur

Miðstöð skólaþróunar er starfrækt innan Hug- og félagsvísinda-sviðs Háskólans á Akureyri. Hlutverk hennar er að efla leik-, grunn- og framhaldsskóla sem faglegar stofnanir og vera farvegur þekkingar til starfandi kennara á öllum skólastigum og frá þeim til háskóla. Meginviðfangsefni sérfræðinga MSHA lúta að þróunar- og umbótastarfi á vettvangi skólastarfs og annast þeir ráðgjöf og fræðslu til starfandi kennara og skólastjórnenda. Innan MSHA hefur byggst upp margvísleg þekking á stjórnun og forystu, starfsþróun og fagmennsku, fjölbreyttum starfsháttum í skólum, námskráargerð, mati á skólastarfi, teymisvinnu, leiðsagnarnámi og læsi. Í samstarfi við fræðafólk innan kennara-deildar Háskólans á Akureyri hefur miðstöðin forgöngu um að kynna kennurum nýjungar á sviði skólaþróunar. MSHA stendur auk þess fyrir rannsóknum á starfsháttum í skólum og heldur ráðstefnur, námskeið og fræðslufundi. Þá sinna sérfræðingar MSHA kennslu í kennaradeild ef óskað er eftir því.

Teymið

Árið 2024 störfuðu 5 sérfræðingar hjá MSHA í 5 stöðugildum. Einn sérfræðingur MSHA var staðsettur á höfuðborgarsvæðinu og sinnir flestum verkefnum á því svæði.

Sérfræðipjónusta við skóla og sveitarfélög

MSHA hefur með höndum sérfræðipjónustu við leik- og grunn-skóla Akureyrarbæjar skv. sérstökum samningi þar um. Dal-víkurbýggð, Langesbýggð, Þingeyjarsveit, Svalbærðsstrand-arhreppur og Hvalfjarðarsveit hafa einnig gert slíka samninga við MSHA. Sveitarfélög og skólar víðs vegar um landið hafa að auki gert tímabundna samninga við MSHA um ýmis áhugaverð skólaþróunarverkefni, ráðgjöf, stefnumótunarvinnu og úttektir. Unnið er samkvæmt starfs- og þróunaráætlunum viðkomandi sveitarfélags/skóla.

Kennsla við HA

Sérfræðingar miðstöðvarinnar hafa í gegnum árin sinnt kennslu í ýmsum námskeiðum við kennaradeild HA. Á árinu komu þeir að kennslu í 10 námskeiðum í grunn- og framhaldsnámi.

ECTS nám MSHA

Miðstöð skólaþróunar býður upp á starfstengt ECTS einingabært nám á framhaldsstigi fyrir starfandi kennara og stjórnendur.

Kennsla í námskeiðunum er með fjölbreyttum hætti í formi fyrirlestra, umræðna, verkefnavinnu, lota á stað og fjarfunda. Löggð er áhersla á kennsluhætti sem hvetja til virkrar þátttöku nemenda, ígrundunar og samstarfs.

Leiðtogi í læsi - 15 ECTS einingar – þrjú misseri

Námið er byggt upp sem starfstengt nám og er endurgjöfin stór þáttur í því. Sex kennarar ljúka annarri önn í vor og fimm kennarar luku námi á árinu.

Forysta um menntun fyrir alla í lærdómssamfélagi – 15 ECTS einingar – sex misseri

Þátttakendur voru alls 33 stjórnendur grunnskóla á vormisseri en 30 frá hausti, en frá hausti var skólastjórnendum boðið upp á framhald en þar eru einingar ekki í boði sem afrakstur náms. Þátttakendur voru alls 32 stjórnendur leikskóla, allt skólastjórnendur í Eyjafirði, Skagafirði og Þingeyjarsýslum.

Mannkostamenntun – 10 ECTS einingar – Tvö misseri

Mannkostamenntun byggir á hagnýtri siðfræði og hugmyndum um að með því að rækta siðferðisþroska nemenda og efla dygðalæsi þeirra sé lagður grunnur að farsælu lífi. Sjö kennarar luku námi vorið 2024, tveir grunnskólakennarar og fimm framhaldsskólakennarar.

Viðburðir á vegum MSHA

Haustadagar grunnskóla við Eyjafjörð

Haustadagar grunnskólanna voru haldnir 13. og 14. ágúst í Háskólanum á Akureyri, þar komu saman starfsfólk og stjórnendur úr 16 grunnskólum á svæðinu. *Haustadagarnir* hafa aldrei verið fjölmennari en um 300 kennarar, stjórnendur og starfsfólk grunnskóla tóku þátt. *Haustadagarnir* eru vettvangur fyrir starfsfólk skólanna til að dýpka faglega þekkingu, efla samheldni og auka samstarf innan skólasamfélagsins við Eyjafjörð. Boðið var upp á áhugaverða fyrirlestra og námskeið um ýmis efni sem tengjast námi og kennslu, farsæld og velferð nemenda og starfsfólks í grunnskólum.

Námsstefna í Byrjendalæsi

Föstudaginn 13. september fór fram námstefna í *Byrjendalæsi* við Háskólann á Akureyri, þar sem fjölmennur hópur kennara og áhugafólks um læsi á yngsta stigi grunnskólans kom saman til að eiga samtal um læsi og deila spennandi hugmyndum og aðferðum.

Námstefnan sem haldin er á tveggja ára fresti er mikilvægur

MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA – MSHA



vettvangur fyrir fagfólk til að koma saman, eiga samtal um læsiskennslu og fá innblástur. Með því að nýta nýjustu rannsóknir, deila reynslu og kynna nýjum aðferðum er hægt að stuðla að framförum nemenda og bættari lestrarfærni.

Læsisráðstefna – Hvað er að vera læs?

Ráðstefnan *Hvað er að vera læs?* var haldin á vegum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og Miðstöðvar skólaþróunar í Háskólanum á Akureyri 14. september 2024. Á ráðstefnunni var fjallað um læsi í viðum skilningi og hvernig huga þarf að öllum þáttum læsis í kennslu s.s. lesskilningi, lesfimi, ritun og miðlun. Auk aðalfyrirlesara var boðið upp á málstofuerindi og vinnustofur þar sem kennarar og fræðimenn kynntu aðferðir og reifuðu ýmis mál er lúta að læsi á leik-, grunn-, framhalds-, og háskólastigi.

Á ráðstefnunni komu saman um 300 fræðimenn, kennarar og áhugafólk um læsi með það sameiginlega markmið að deila þekkingu, læra af öðrum og efla læsi á öllum skólastigum.

Geðrækt í leikskóla

Þann 7. nóvember var haldin ráðstefna um geðrækt í leikskólum í Háskólanum á Akureyri. Tólf leikskólar á Eyjafjarðarsvæðinu stóðu að ráðstefnunni í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar og voru ráðstefnugestir um 360 talsins. Ráðstefnan var vel heppnuð og varpaði ljósi á ýmsa þætti sem hafa áhrif á líðan barna og starfsfólks í leikskólum.

Menntafléttan

MSHA er aðili að *Menntafléttunni* fyrir hönd Háskólans á Akureyri. *Menntafléttan* er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands. Starfsfólk MSHA hefur tekið þátt í starfi *Menntafléttunnar* af krafti og komið að ýmsum verkefnum, m.a. umsjón og kennslu í námskeiðum, verkefnastjórn og uppsetningu á námskeiðum á vef. Einnig hefur starfsfólk MSHA setið í stýrihópi og matshópi *Menntafléttunnar*.

Stafsþróunarverkefni

Teymisvinna

Árangursrík og fagleg starfsþróun byggist á styðjandi, gagnrýnu og uppbyggjandi hugarfari og vinnubrögðum í starfinu sjálfu. Verkefnið snýst um að innleiða vinnubrögð lærdóms-samfélagsins í skólastarfið, m.a. með því að þróa teymisvinnu og samstarfsmenningu, efla dreifða forystu með leiðtogum í teymum, styðja stjórnendur í kennslufræðilegri forystu og styðja kennara í að nýta fjölbreyttar og gagnreyndar aðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Á árinu tóku 7 leikskólar þátt í verkefninu og 15 grunnskólar. Alls voru um 110 kennarar skráðir sem leiðtogar í verkefninu.

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er samvirk aðferð í læsiskennslu þar sem barnabækur og aðrir rauntexar gegna lykilhlutverki sem uppspretta fjölbreyttra viðfangsefna og námstækifæra. Aðferðin hefur verið í þróun frá árinu 2004 í samstarfi sérfræðinga miðstöðvarinnar og fjölda grunnskóla víðs vegar um landið. Í *Byrjendalæsi* er lögð áhersla á að unnið sé jöfnum höndum með alla þætti máls; lestur, hlustun, tal og ritun í gegnum heildstæð og áhugaverð viðfangsefni. 63 skólar eru nú með samning og hafa viðtökur kennara verið jákvæðar. 79 kennarar mættu á grunnnámskeið í *Byrjendalæsi* í byrjun skólaársins og 37 kennarar á framhaldsnámskeiðið. 25 leiðtogar í *Byrjendalæsi* komu saman á leiðtogafund í október.

Byrjendalæsissmiðjur

Fastur liður í starfi miðstöðvarinnar er að bjóða Byrjendalæsissskólum upp á smiðjur. Gert er ráð fyrir að kennarar sem fara á grunnnámskeið að hausti sækji fimm smiðjur yfir skólaárið og þeir sem sækja framhaldsnámskeið sækji fimm smiðjur til viðbótar. Í smiðjunum koma kennarar saman, kynna sér nýjar aðferðir, ræða saman og miðla efni sín á milli. Smiðjurnar eru á vef og hafa verið mjög vel sóttar en um 450 þátttakendur tóku þátt á árinu.

Læsi fyrir lífið

Þróunarverkefnið *Læsi fyrir lífið* miðar að því að efla læsiskennslu á mið- og unglingastigi með fjölbreyttum aðferðum. Í verkefninu er unnið með læsi þvert á námsgreinar og fá kennarar leiðsögn og þjálfun í að kafa dýpra í viðfangsefni með nemendum og nota verkfæri á borð við gagnvirkar lestur, hugtakagreiningu, ritunnarramma, samræður o.fl. til að efla skilning og nám nemenda. 8 grunnskólar í Reykjanesbæ, Reykjavík, Mosfellsbæ, Akureyri, Hvalfjarðarsveit og Þingeyjar-sveit tóku þátt í þróunarstarfi í *Læsi fyrir lífið* á árinu.

Orð af orði

Orð af orði varð hluti af læsisverkefnum MSHA á árinu með samningi um það við Guðmund Engilbertsson. Lögð er áhersla á að efla málumhverfi, kenna markvisst aðferðir við að sundurgreina námsefni og orð, greina merkingu og inntak, tengsl við annað efni, kortleggja aðalatriði og endurbirta á fjölbreyttan og heildrænan hátt. Reynsla af verkefninu hefur verið góð, niðurstöður mælinga á lesskilningi, orðaforða og viðhorfum til lesturs sýna jákvæða þróun. Þrír grunnskólar í Hafnarfirði og Snæfellsnesi tóku þátt í þróunarstarfi í *Orð af orði* á árinu.

Leiðsagnarnám

Miðstöð skólaþróunar býður upp á þróunarstarf þar sem kennarahópum gefst kostur á að innleiða *leiðsagnarnám*. Námið

MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA – MSHA



miðar að því að fylgjast með í námsferlinu sjálfu og nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á náms- og kennsluháttum. Í *leiðsagnarnámi* felst sjálfskoðun bæði kennara og nemenda og hvatning til að velta fyrir sér náms- og kennsluháttum með gagnkvæmri endurgjöf. 15 grunnskólar, 1 tónlistarskóli og 1 framhaldsskóli tóku þátt í þróunarstarfi í anda *leiðsagnarnáms* á árinu.

Samræðufélagar

Samræðufélagar er kennsluskipulag ætlað kennurum til að vinna á markvissan hátt með samræðu og tjáningu nemenda sem eru með íslensku sem annað móðurmál. Miðstöð skólaþróunar vinnur að verkefninu í samvinnu við kennaradeild HA. Verkefnið er sótt til Bretlands frá *Education That Works*. Haldin hafa verið námskeið fyrir kennara í aðferðinni og námsefni hefur verið gefið út á íslensku. Miðstöð skólaþróunar hefur í samstarfi við Kennaradeild HA, fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar og Dalvíkurbyggð haldið utan um reglulega fundi fyrir þá kennara sem hafa farið á námskeið.

Snjallvagninn

Snjallvagninn miðar að því að efla kennara í að nýta tækni í skólastarfi. Á *Snjallvagninum* eru ýmis nýstárleg og spennandi kennslutæki á borð við rótbóta, tæknilegó og þrívíddargleraugu. Lagt er upp með að tækin á *Snjallvagninum* henti öllum aldurshópum frá leikskóla og upp í framhaldsskóla. Sérfræðingar MSHA voru með kynningar og vinnustofur tengdar *Snjallvagninum* í námskeiðum í kennaranámi og á Menntabúðum Eyþings. Tækin voru auk þess lánuð til kennaradeildar og nýtt við ýmis tækifæri, t.d. til að kynna starfsemi kennaradeildar á Háskóladeginum.

Styrkir – Þróunarsjóður námsgagna

Af hverju og hvers vegna?

Styrkur úr Þróunarsjóði námsgagna fékkst fyrir námsefninu *Af hverju og hvers vegna*. Námsefnið á að ýta undir virka þátttöku nemenda í eigin námi. *Af hverju og hvers vegna?* verður rafræn vefsíða með hugmyndum um spurningatækni og spurningastofna sem hægt er að þjálfa upp hjá nemendum sem nýtast til þess að eiga í samræðum um námið og gera nemendur að virkari þátttakendum.

Vefur um læsi á mið- og unglingastigi

Læsi fyrir lífið er þróunarverkefni sem miðar að því að efla læsi nemenda á mið- og unglingastigi með fjölbreyttum aðferðum. Styrkur fékkst frá Þróunarsjóði námsgagna til að útbúa vefsvæði þar sem fjallað er um læsisvinnu á mið-

og unglingastigi. Markmiðið er meðal annars að ýta undir nýsköpun í kennsluháttum þar sem unnið er með alla þætti læsis þvert á námsgreinir.

Samræður og tjáning í Orðaleik

Skilningur og tjáning (SAT) nemenda er í brennidepli í verkefninu. Námgögunum er ætlað að efla þessa færni meðal barna í leikskóla og í yngri bekkjum grunnskóla. Til grundvallar liggur námsefnið *Orðaleikur* sem þróað var á Miðstöð skólaþróunar. Það verður nýtt sem stökkpallur í skapandi málleg viðfangsefni þar sem nemendur takast á við fjölbreyttar áskoranir í formi skipulagðra samræðna út frá völdum orðaforða.

Samskiptanámskeið

Samskipta- og samræðunámskeið MSHA eru tilvalin fyrir kennara og aðra sem starfa með nemendum og vilja efla samræðu- og samskiptafærni þeirra. Öll námskeiðin eru eins uppbyggð, þ.e. tveir námskeiðsdagar með nokkurra mánaða millibili. Markmiðið með námskeiðunum er að færa starfsfólki grunnskóla góð verkfæri til þess að vinna með nemendahópum með það að markmiði að efla samskipta- og samræðuhæfni nemenda. Námskeiðin eru *Bekkjarfundir*, *Krakkaspjall*, *Félagaspjall*, *Unglingaspjall* og *Samskipti stúlkna*. Nokkur námskeið voru haldin á árinu í grunnskólum og á vef.

Námskeiðið: Gaman saman - leikjabók

Leikjabókinni *Gaman saman* sem varð til eftir styrk úr Þróunarsjóði námsgagna 2023-2024 var fylgt eftir með námskeiði fyrir kennara skólaárið 2024-2025. Alls sátu 28 kennarar námskeiðið sem haldið var í ágúst 2024. Í leikjunum er lögð áhersla á að byggja upp traust með reglulegum samskiptum þar sem næg tækifæri gefast til samveru, samræðna og samvinnuverkefna.

Starfsþróun sérfræðinga MSHA

Sérfræðingar MSHA fóru allir á ráðstefnuna *Uti Online 2024* sem haldin var í september. Eins fóru sérfræðingarnir allir á námskeið í nýtingu gervigreindar og jákvæðar sálfræði á vegum Símenntunar HA. Einn sérfræðingur fór til Osló á ráðstefnu *QUINT* um gæði kennslu í júní.

Önnur verkefni á árinu

Að venju komu sérfræðingar MSHA að ýmsum öðrum verkefnum á árinu. Þar má nefna úttekt á sérkennslu í Grunnskóla Seltjarnarness, dagsnámskeið í Menntaskólanum við Sund, fræðslu og námskeið um notkun myndbandsupptaka í starfsþróun í Menntaskólanum á Akureyri og setu í stjórn íslensku menntaverðlaunanna.



MIÐSTÖÐ DOKTORSNÁMS OG STJÓRNSÝSLU RANNSÓKNA

Inngangur

Meginhlutverk Miðstöðvar doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna (hér eftir Miðstöðin) er að fara með málefni doktorsnáms við háskólann ásamt því að efla rannsóknir.

Verkefni Miðstöðvarinnar er fjórbætt:

- Vinna að málefnum doktorsnáms og starfa náð með doktorsnámsráði að þróun og mótun doktorsnáms. Hafa gott samstarf um málefni doktorsnáms við fræðasvið og stjórnsýslu háskólans.
- Veita stuðning við rannsóknir og nýsköpun með það að markmiði að efla rannsóknir við HA.
- Fara með stjórnsýslu rannsókna. Helstu verkefni á því sviði snúa að vinnumati akademískra starfsmanna, utanumhaldi á framkvæmd grunnmats vegna framgangs í starfi, vinnu með dómnefnd að gerð dómnefndarálita, umsjón með rannsóknamissurum ásamt fleiru.
- Hafa umsjón með innleiðingu og utanumhaldi á miðlægu upplýsingakerfi fyrir rannsóknir.

Umsókn um heimild til doktorsnáms á tveimur fræðasviðum til viðbótar.

Umsókn um heimild til doktorsnáms á tveimur fræðasviðum til viðbótar

Sumarið 2024 sótti HA um heimild til doktorsnáms í sálfræði og menntavísindum. Miðstöð doktorsnáms kom að þessari vinnu og ásamt því að sitja fyrir svörum úttektarnefndar sem heimsótti skólann í október.

Doktorsnemar

Þrír doktorsnemar hófu nám á árinu, tveir í heilbrigðisvísindum og einn í auðlindavísindum. Í einu tilviki var um að ræða verkefni með styrk frá Rannís, í öðru er doktorsneminn fjármagnaður af MSCA doktorsnemastyrk frá Evrópusambandinu og í því þriðja er doktorsneminn í hálfri doktorsnemastöðu við Heilbrigðisvísindasvið HA og fjármagnar hinn hlutann með minni styrkjum.

Tveir doktorsnemar vörðu doktorsritgerðir sínar frá HA á árinu. Það var Natalia Ramírez Carrera sem varði ritgerð sína þann 10. júní. Doktorsritgerðin ber heitið: *Geta fléttur þjónað sem hýslar fyrir Pseudomonas syringae í íslenskum vistgerðum? Einangrun P. syringae stofna úr íslenskri engjaskóf, greining á plöntusýkjandi virkni þeirra og áhrifum á hvarfefnamengi fléttanna*. Þann 21. júní varði Gréta Bergrún Jóhannesdóttir



MIÐSTÖÐ DOKTORSNÁMS OG STJÓRNSÝSLU RANNSÓKNA

doktorsritgerð sína sem ber heitið: *Ein af þessum sögum. Félagslegt taumhald, fólksflutningar og slúður: ungar konur í litlum byggðarlögum á Íslandi*.

Við lok árs 2024 voru níu doktorsnemar skráðir við Háskólann á Akureyri, fimm í heilbrigðisvísindum og fjórir í auðlindavísindum.

Handbók um doktorsnám

Á árinu var haldið áfram að vinna að gerð vinnuferla og snið-máta fyrir doktorsnámið. Í byrjun árs var rafræn handbók um doktorsnám birt á Uglunni. Handbókin er lifandi skjal sem sífellt er verið að uppfæra og bæta við upplýsingum og er bæði á íslensku og ensku <https://ugla.unak.is/kerfi/view/page.php?sid=2987>.

Námskeið fyrir leiðbeinendur doktorsnema

Eins og áður bauð Miðstöðin upp á röð námskeiða ætluð leið-beinendum og tilvonandi leiðbeinendum doktorsnema. Um var að ræða samstarfsverkefni HA, HÍ, HR og Landbúnaðar-háskólans. Haldið var heils dags námskeið sem sérfræðingar frá HA og HÍ stóðu fyrir ásamt röð hádegiserinda/námskeiða sem boðið var upp á reglulega allt árið. Erindin fjölluðu m.a. um að þróa góða starfshætti og snertu þau á fjölbreyttum málum sem snúa að því að bæta hæfni leiðbeinenda doktorsnema.

Rannsóknþing Miðstöðvar doktorsnáms

Miðstöð doktorsnáms hefur staðið fyrir árlegu rannsóknþingi sem að þessu sinni var haldið þann 7. október. Að venju var boðið upp á fjölbreytta dagskrá. Yfirskrift þingsins var „Hvert liggur leiðin í rannsóknum HA“ Á þinginu var þjónusta Miðstöðvarinnar kynnt ásamt leiðum til að byggja upp tengslanet í rannsóknum. Þá voru kynningar um gögn í skjólinum og gagnþjónustu og varðveislugagnasöfn. Cost verkefni voru kynnt og bæði nýdoktor og rannsakendur við HA voru með örfyrirlestra. Að lokum var fjallað um ýtingu gervigreindar á ábyrgan hátt í rannsóknum.

Stuðningur við rannsóknir

Miðstöðin hélt áfram að styðja við umsóknir í samkeppnissjóði á Íslandi, á Norðurlöndunum og í Evrópu. Stuðningnum má skipta upp í þrjá flokka: (1) þróun verkefna, þar með talin ráðgjöf um styrkjamöguleika; (2) styrkjasamningar, þar með talin yfirferð umsóknargagna og aðstoð við gerð fjárhagsáætlana; (3) umsýsla styrkja, yfirlestur á áfanga- og lokaskýrslum, gerð samninga og samstarfssamninga svo dæmi séu tekin. Fjöldi þeirra umsókna sem leitað var aðstoðar með og komu til yfirlestrar hjá Miðstöð doktorsnáms jókst árið 2024. Einnig voru haldnir kynningarfundir í deildum beggja skóla, sem endurspeglar aukinn áhuga og þátttöku fræðafólks í þeirri þjónustu sem í boði er hjá Miðstöðinni.

IRIS rannsóknargátt

Mikil stefnubreyting var á árinu þegar ákveðið var að leggja niður samlagið sem háskólar/stofnanir hafa verið í frá upphafi. Breytingin var að fjórar stofnanir, þrír stærstu háskólarnir og Landspítalinn, færu hver í sitt „síló“. Aðrar minni stofnanir væru undir regnhlífinni (Community). Sjálfræði stofnana verður mjög skýrt með þessari breytingu sem felst í því að háskólar eins og HA nota nú eigið Pure kerfi fyrir sínar upplýsingar en áður var einu kerfi deilt milli allra tíu aðildarstofnananna með tilheyrandi takmörkunum og áskorunum. En nýjar áskoranir fylgja einnig breyttu uppleggi kerfisins, t.d. hvað varðar lýsigagnaskráningu og keyrslu upplýsinga úr kerfinu. Formleg innleiðing hófst að hausti 2024 og stendur enn yfir.

Nýsköpun

Svava Björk Ólafsdóttir, sérfræðingur í nýsköpun og vistkerfi frumkvöðla, var ráðin í starf verkefnastjóra frumkvöðla og nýsköpunar við skólann og mun hún hefja störf 1. janúar 2025. Háskólinn á Akureyri hefur formfest samstarf við Drift EA og Svava mun sinna því samstarfi ásamt því að vinna með öðrum aðilum í umhverfi nýsköpunar á svæðinu.

Samstarfssjóður háskólanna

Árið 2024 var í þriðja sinn auglýst eftir umsóknum í Samstarfssjóð háskólanna. Miðstöðin hafði umsjón með um-sóknum frá HA og var tengiliður við ráðuneyti háskólamála. Jafnframt nutu umsækjendur stuðnings og ráðgjafar við gerð umsókna frá Miðstöðinni. Mikill fjöldi umsókna hlaut styrk úr samstarfssjóðnum bæði frá akademísku starfsfólki og stjórnsýslu.

Námsferðir og ráðstefnur

Forstöðumaður Miðstöðvarinnar heimsótti Háskólann í Gauta-borg til að kynna sér doktorsnám, ferla og reglur.

Mannauður


Í lok árs voru fjögur stöðugildi við Miðstöðina. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir er forstöðumaður. Adam Fishwick er rannsóknastjóri, Sif Jónsdóttir er verkefnastjóri doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna og Sigurbjörg Rún Jónsdóttir er verkefnastjóri IRIS – upplýsingakerfis um rannsóknir. Að auki er Stefán B. Sigurðsson, prófessor emeritus, formaður doktorsnámsráðs og starfar hann einnig sem ráðgjafi á Miðstöðinni. Nýtt starf verkefnisstjóra nýsköpunar mun tilheyrja Miðstöðinni og mun það bætast við á næsta ári.

FJÁRMÁL OG GREINING

Fjármál og greining annast helstu sameiginleg verkefni háskólans á sviði fjármála. Má þar nefna gerð fjárhagsáætlana til lengri og skemmri tíma, vinnslu bókhalds og launa, greiningu og vinnslu lykiltalna, miðlun fjárhagslegra og tölulegra upplýsinga og eftirlit, þ.m.t. vegna rannsóknarverkefna. Einnig ráðgjöf um fjárhagsleg málefni skólans.

Á árinu 2024 var starfsemi Fjármála og greiningar með hefðbundnu sniði. Harpa Halldórsdóttir var forstöðumaður Fjármála og greiningar til 1. maí en þá tók Helga María Pétursdóttir við því hlutverki.


Eftirfarandi eru lykiltölur sem lúta að starfsfólki Háskólans á Akureyri



FJÁRMÁL OG GREINING


Akademískir starfsmenn og aðjúntar

eftir starfsheimum (m.v. 1. des. ár hvert)



Menntunarstig akademískra starfsmanna og aðjúnta

aðjúntar, lektorar, dósentar og próffessorar


Flairi lykiltölur eru aðgengilegar á [vef háskólans](#)

MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Árið 2024 var viðburðaríkt hjá starfsfólki Markaðs- og kynningarmála líkt og undanfarin ár. Haldnir voru reglubundnir viðburðir, HA fréttum komið á laggirnar og farið í markvissa uppbyggingu myndabankans, svo eitthvað sé nefnt.

Viðburðir og kynningar

Viðburðir á vegum háskólans eru stór og mikilvægur liður í að vekja athygli á háskólanum og því fjölbreytta starfi sem hér er unnið. Markaðs- og kynningarmál skipuleggja viðburði innan skólans og utan sem tengjast kynningum, brautskráningu og fleiru. Árið 2024 skipulagði deildin sjö stóra viðburði ásamt mörgum minni í samstarfi við fleiri. Stiklað er á stóru varðandi þá stærstu hér fyrir neðan ásamt því að deildin ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd Háskólahátíðar og vetrarbrautskráningar. Þá kemur starfsfólk deildarinnar að skipulagningu fleiri viðburða, aðstoðar eftir þörfum með undirbúning og framkvæmd og ber ábyrgð á kynningu þeirra. Samtals voru þetta um 135 viðburðir árið 2024.

Háskóladagurinn, samstarfsverkefni allra háskóla landsins, var haldinn í mars á fjórum stöðum: Reykjavík, Egilsstöðum, Ísafirði og á Akureyri. Á Háskóladeginum kynna allir íslenskir háskólar námsframboð í grunnnámi. Háskólarnir sjö skipa samráðsnefnd sem skipuleggur daginn og er ráðinn verkefnastjóri til að halda utan um samvinnuna og framkvæmd dagsins. [Hér má sjá myndir frá Háskóladeginum á Akureyri.](#)

Nýnemadagar fóru fram 26.-30. ágúst. Fyrirkomulagi Nýnema-

daga var breytt frá því sem áður hafði verið í samráði við framkvæmdastjórn SHA. Í stað þess að bjóða upp á nýnemagleði stúdenta á föstudegi, var sú dagskrá keyrð á nýnemadögum fræðasviðanna og gátu því mun fleiri nýnemar tekið þátt en áður. Á þriðju- og miðvikudegi var sérstakur kynningardagur þar sem fram fór dagskrá skipulögð af fræðasviðunum og deildum, kynningar frá stúdendum. Á þessum kynningardögum er einnig boðið upp á Nýnema 101 sem er skipulagt af námssamfélaginu þar sem voru kynningar á Kennslu- og upplýsingatækni miðstöð, Nemendaráðgjöf, Upplýsingaþjónusta og bókasafni og annarri stoðþjónustu til stúdenta. Líkt og áður kom SHA mikið að skipulagningu og framkvæmd Nýnemadaga.

Opinn dagur fyrir framhaldsskólanema fór fram 6. nóvember. Síðustu ár hafa farið fram Opnir dagar og framhaldsskólanemum skipt á tvo daga, en tekin var ákvörðun um að prófa að halda einn sameiginlegan dag fyrir alla og gekk það vonum framar og mun vera fyrirkomulagið sem verður hér eftir. Stúdentar HA sáu um uppsetningu og mönnun á kynningarbásum í húsnæði háskólans auk þess sem stoðþjónustan stóð vaktina á sínum básum. Boðið var upp á gönguferðir um húsnæðið með það að markmiði að sýna aðstöðu háskólans auk þess sem þátttakendur tóku virkan þátt með því að taka þátt í ratleik. Að vanda var boðið upp á pizzur og gos fyrir öll. [Hér má sjá myndir frá deginum.](#) Markaðs- og kynningarmál buðu framhaldsskólum á Norður- og Austurlandi á Opinn dag, og einnig var boðið upp á rútur.



MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Ársfundurinn var haldinn 30. maí þar sem Guðmundur Ævar Oddsson, prófessor við Félagsvísindadeild, var fundarstjóri. Á dagskrá voru, auk hefðbundinna fundarstarfa, örkyrningar á rannsóknnum tveggja rannsækenda, þeirra Hermínu Gunnþórsdóttur, prófessors við Kennaradeild og Kristínar Þórarinsdóttur, dósents við Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum. Þá var annáll ársins settur fram í myndbandsformi [sem hægt er að nálgast hér](#). Rektor heiðraði starfsfólk sem lét af störfum vegna aldurs, og einnig fólk sem starfað hafði við skólann í meira en 30 ár. Gullnæla HA er veitt fólki sem lætur af störfum vegna aldurs og er afhent á ársfundi. Árið 2024 létu þau af störfum,

- Bragi Guðmundsson, prófessor við Kennaradeild
- Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild
- Hjörleifur Einarsson, prófessor við Auðlindadeild

Upptöku af ársfundinum má nálgast hér: [Ársfundur Háskólans á Akureyri](#).

Linda Steinarsdóttir, stúdent í framhaldsnámi við Lagadeild, tók að sér kynningar í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og heimsótti hún sjö skóla. Formaður Kynninganefndar SHA tók virkan þátt í markaðs- og kynningarstarfi. Silja Rún Friðriksdóttir var formaður Kynninganefndar í upphafi árs og tók Bryndís Eva Stefánsdóttir við af henni og stóð hún sig með miklum sóma í því að taka þátt í skipulagningu Opins dags og Háskóladagsins ásamt því að manna námskynningar. Starfsfólk Markaðs- og kynningarmála sér tækifæri í því að virkja alla kynningar-

efndina enn frekar yfir árið og einblína ekki einungis á þessa tvo föstu punkta sem Háskóladagurinn og Opinn dagur eru.


Auglýsingaefni

Umsóknartímabilið skipar stóran sess í starfsári starfsfólks hjá Markaðs- og kynningarmálum. Árið 2024 var auglýsingaefni fyrir skólann í heild hannað í samstarfi við auglýsingastofuna Tvist og keyrt eftir birtingaráætlun sem byggð var upp í samstarfi við birtingarhúsið EssenceMediaCom. Við undirbúning þessarar vinnu fengum við kynningar frá nokkrum auglýsingastofum og birtingarhúsum.

Almennar birtingar voru á samfélagsmiðlum, í útvarpi, á strætisvagnaskýlum, í bíóhúsum, umhverfisauglýsingaskiltum, vefmiðlum og YouTube. Þá var sett í loftið sérstök auglýsinga-herferð fyrir hverja og eina námsleið á samfélagsmiðlum. Þeirri herferð er stýrt innanhúss ásamt allri efnisgerð. Samfélagsmiðlar reynast áfram vel fyrir almannatengsl, þar er umræðu og verkefnum Háskólans á Akureyri komið á framfæri. Þá er náð til núverandi og væntanlegra stúdenta í gegnum Instagram ásamt því að tekin voru skref í meiri viðveru á Tiktak í samvinnu við stúdenta.

Fréttir og rannsóknir

Árið 2024 var HA með mikla viðveru á Vísindavöku. Líkt og árið á undan var áhersla lögð á hvernig rannsóknir nýtast



MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Samfélaginu og gestir gengu inn í lítið „þorp“ sem innihélt meðal annars spítala, grunn- og leikskóla og lögreglustöð. Á hverjum stað fyrir sig kynntu rannsakendur verkefni sem lutu að hverri einingu fyrir sig. Undirbúningsvinnan var mikil og mörg innan skólans sem lögðu hönd á plóg svo að vel tækist til. Þá var árið 2024 unnið í samvinnu við Sjúkrahúsið á Akureyri sem gerði svæðið enn meira lifandi og aðgengi að vísindafólki enn betra. [Hér má sjá myndir frá deginum.](#)

[Vísindafólkið okkar](#) hélt áfram og árið 2024 voru 10 einstaklingar kynntir í Vikublaðinu, á vef háskólans og á Instagram. Þá varð Vísindaskóli unga fólksins tíu ára sumarið 2024 og var hann tilnefndur til vísindamiðlunarverðlauna Rannís af skólanum.

Um 130 fréttir rötuðu á vef háskólans, unak.is, margar fréttir fóru í staðbundna miðla og var starfsfólk einnig ötult að vera með í umræðunni í landsmiðlum. Fréttir frá HA rötuðu á landsvefmiðla, landsblöð og starfsfólk mætti í viðtöl í útvarpi og sjónvarpi. Þá er gaman að segja frá því að búið var til bloggsvæði fyrir Lagadeild þar sem starfsfólk deilir blogg-færslum um fagið. Byrjað var að gefa út HA fréttir í maí á árinu sem sent er til starfsfólks í gegnum Uglu og er ætlað sem miðlæg upplýsingaveita innanhúss.

Mælikvarðar

Árið 2024 voru settir upp nokkrir mælikvarðar á vinnu Markaðs- og kynningarmála. Þeir eru enn í þróun en gaman var til dæmis að sjá að fréttaskor hækkaði frá árinu 2023. Fréttaskor gefur mynd af því hversu mikið vægi fréttirnar okkar hafa fyrir ímynd skólans. Þá hefur fréttum frá skólanum fjölgað frá ári til árs undanfarin fjögur ár. Við skoðum líka framsetningu í fjölmiðlum hvað varðar hlutfall kynja í fréttum og umfjöllun á vegum HA. Settur var upp stuðull og því nær sem hann er tölunni 1 því betur endurspeglum við kynjahlutfall starfsfólks. Árið 2024 var stuðullinn 0,96, árið þar á undan var hann 1,06 og árin þar á undan var hann um 0,75. Þá erum við að færa okkur upp listann yfir algengi umfjöllunar stofnana, árið 2021 vorum við í 108. sæti en árið 2024 erum við í 96. sæti. Tölur varðandi ofangreint fáum við úr fjölmiðlaskýrslu Creditinfo fyrir skólann.

Fylgjendum á samfélagsmiðlunum Facebook og Instagram fjölgar talsvert á milli ára og þá sérstaklega á Instagram. Árið 2023 voru fylgjendur 54.700 talsins og árið 2024 voru þeir 89.300 talsins.

Starfsfólk

Hjá Markaðs- og kynningarmálum eru fjórar starfsstöður, samskiptastjóri, vefstjóri, verkefnastjóri samfélagsmiðla og samskipta og verkefnastjóri námssamfélags.

Haustið 2024 var ráðið í nýtt stöðugildi fyrir verkefnastjóra námssamfélags. Verkefnastjóranum er ætlað að byggja upp námssamfélagið, vinna með Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri og huga að samskiptaleiðum milli stúdenta og starfsfólks. Valgerður Húnbogadóttir var ráðin sem verkefnastjóri og leiddi hún samtalsmiðað námskeiðsmat, Stúdentapúls, á haustmisseri ásamt því að byggja undir ferla varðandi samskiptamál.

Árið 2024 hélt starfsfólk Markaðs- og kynningarmála tvo vinnufundi þar sem unnið var að starfsáætlunum og mælikvörðum. Þá sótti það einnig NUAS ráðstefnu á vordögum þar sem fræðst var um það helsta sem er að gerast í samskipta- og markaðsmálum á Norðurlöndunum og hjá öðrum háskólum.



MIÐSTÖÐ ALÞJÓÐASAMSKIPTA

Undir Miðstöð alþjóðasamskipta heyrir hvers konar alþjóðamál við Háskólann á Akureyri, svo sem stúdenta-, kennara- og starfsmannaskipti, gerð samninga við erlendar menntastofnanir og margvísleg önnur verkefni tengd norðurslóðum. Þar má nefna Rannsóknarþing Norðursins NRF – Northern Research Forum, og stöðu rannsóknarprófessors í norðurslóðafræðum, sem Miðstöð alþjóðasamskipta hefur umsjón með.

Skiptinám, kennaraskipti og starfsmannaskipti

Háskólinn á Akureyri tengist u.þ.b. 250 samstarfsskólum í gegnum samninga og samstarfsnet fyrir stúdenta- og kennaraskipti. Samstarf þetta er unnið í gegnum eftirfarandi skipti-áætlanir: Erasmus+, Nordplus, North2North, og einnig tvíhliða samninga. Í nágildandi áætlun Erasmus+ sem tók gildi 2021 voru spennandi nýjungar kynntar til sögunnar, líkt og styttri námsdvöl sem kölluð er blended intensive mobility. Slík námsdvöl hefur verið að sækja í sig veðrið og hentar mörgum nemum HA töluvert betur heldur en heilsmissisrisskipti. Á árinu 2024 voru 90 erlendir skiptinemar skráðir í Háskólann á Akureyri, bæði í venjulegt skiptinám og í verknám. Komu þeir frá eftirtöldum löndum: Bandaríkjunum, Belgíu, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Ítalíu, Kanada, Kína, Lettlandi, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Úkraínu og Þýskalandi. Alls stunduðu 26 stúdentar frá Háskólanum á Akureyri skiptinám eða verknám í eftirtöldum löndum: Bandaríkjunum, Belgíu, Kanada, Kýpur, Finnlandi, Danmörku, Grænlandi, Noregi, Portúgal, Póllandi, Svíþjóð, Spáni og Þýskalandi. Stúdentar og kennarar Háskólans á Akureyri tóku þátt í samstarfsverkefnum í formi örnámskeiða innan Nordplus netsins, sem yfirleitt vara í um það bil viku. Til dæmis fóru nokkrir nemendur í lögupjálfunarfræðideild á örnámskeið til Finnlands í nóvember, nemendur í viðskiptafræði fóru á Nordplus örnámskeið til Eistlands í apríl, og nemendahópur úr lögreglufræði fór í Erasmus+ örnámskeið til Noregs í maí. Alls fóru 32 úr hópi kennara og starfsfólks stoðþjónustu háskólans í Erasmus+ kennara- eða starfsmannaskipti, sem er töluverð aukning milli ára. Einnig fór stór hópur úr Auðlindadeild á Nordplus styrk í heimsókn til Fróðskaparseturs Færeyja í haust. Jafnframt jókst fjöldi erlendra gesta sem sóttu HA heim árið 2024. Í maí hélt miðstöð alþjóðasamskipta skipulagða starfsþjálfunarviku (e. *Erasmus+ staff training week*) þar sem

þátttakan var vonum framar eða tæplega 30 manns frá þrettán samstarfsskólum HA í hinum ýmsu störfum í stoð- og stjórnsýslu. HA hefur stýrt háskólaneti smárikja (e. *Network of Universities of Small Countries and Territories*) frá miðju ári 2023 og hélt fyrsta ársfund sem leiðandi í netinu vorið 2024 í Háskólanum í Gíbraltar. Skipulag og stýring á samstarfsnetinu er í höndum Miðstöðvar alþjóðasamskipta.

Unnið er að því að fjölga skiptinemum frá Háskólanum á Akureyri og meðal annars hafa verið haldnar sérstakar kynningar fyrir stúdenta sem hafa áhuga á að fara í skiptinám eða framhaldsnám í útlöndum. Sem dæmi má nefna kynningar Fulbright stofnunarinnar á Íslandi (Fulbright styrkir), kynningar frá erlendum sendiráðum á Íslandi, kynningar frá RANNÍS á Evrópuverkefnum og kynningar á sumarnámskeiðum og möguleikum til skiptináms. Miðstöð alþjóðasamskipta tilheyrir Rektorsskrifstofu. Forstöðumaður Miðstöðvar alþjóðasamskipta er Rúnar Gunnarsson og Hildur Friðriksdóttir gegnir stöðu verkefnastjóra.

Rannsóknarþing norðursins NRF – Northern Research Forum

Markmið Rannsóknarþings norðursins við Háskólann á Akureyri er að skapa vettvang fyrir umræður um málefni norðurslóða og auka samvinnu vísindamanna og hagsmunaaðila á norðurslóðum. Meðal helstu verkefna eru:

- Að styðja vísindafélaga NRF í verkefnum þeirra
- Að hafa umsjón með tvíhliða og marghliða samningum sem lúta að samstarfi um norðurslóðamálefni, þar á meðal vegna Nansen prófessorsstöðu við Háskólann á Akureyri
- Að veita vísindafélögum NRF stuðning til að taka þátt í starfi vinnuhópa Norðurskautsráðsins
- Að undirbúa styrkumsóknir
- Að styðja við þátttöku Háskólans á Akureyri í Hringborði norðurslóða, Arctic Circle Assembly
- Að styðja við þátttöku HA í Háskóla norðurslóða, University of the Arctic

Starfsemi NRF fellur undir Miðstöð alþjóðasamskipta við Háskólann á Akureyri. Rúnar Gunnarsson, forstöðumaður miðstöðvarinnar, er verkefnastjóri Rannsóknarþings norðursins.

MIÐSTÖÐ ALÞJÓÐASAMSKIPTA

Verkefni NRF árið 2024:

- Dr. Romain Chuffart tekur við sem nýr Nansen prófessor við upphaf árs og er ráðinn út árið með möguleika á framlengingu út 2025. Opnuð var rafræn gátt fyrir rafrænar ráðstefnur og erindi um málefni norðurslóða.
- Nemendur úr Polar Law meistaranámi við HA tóku þátt í ráðstefnunni „EU-Arctic Relations“ sem framkvæmdastjórn EU stóð fyrir í Brussel í maí. Einnig tóku nokkrir nemendur úr Polar Law meistaranáminu þátt í Polar Law Symposium sem fór fram í Öresund, Svíþjóð.
- Nansen prófessor Romain Chuffart var fulltrúi HA á Arctic Circle Forum í Berlín og Arctic Congress í Bodö í Noregi sem fram fór í maí og júní.
- NRF stóð að undirbúningi að níundu ráðstefnu CNARC sem fram fór í HA 14. október en um er að ræða árlega ráðstefnu samstarfsvettvangs Norðurlanda og Kína í málefnum norðurslóða.
- Starfsmenn HA og NRF tóku þátt í Arctic Circle Assembly í Reykjavík í október 2024 með kynningarbás, þátttöku á

málstofum og fundum. Auk þess sem fjöldi nemenda tók þátt í ráðstefnunni sem sjálfbóðaliðar.

- Tveir prófessorar frá HA sem eru vísindafélagar NRF, þær Rachael Lorna Johnstone og Sigrún Sigurðardóttir fengu styrk til rannsókna í Bandaríkjunum í gegnum Fulbright Arctic Initiative IV.
- NRF aðstoðaði stúdenta í gegnum North2North nemendaskiptaáætlunina.

Dr. Romain Chuffart var í stöðu Nansen prófessors út árið 2024 í fullu starfi. Romain er sérfræðingur í þjóðarrétti, alþjóðarétti, frumbyggjarétti og mannréttindalögfræði á norðurslóðum. Romain tók þátt í ýmsum viðburðum sem Nansen prófessor yfir árið. Staðan er veitt framúrskarandi vísindamanni sem starfar að málefnum sem tengjast norðurslóðum. Ráðið er í stöðuna til eins árs í senn, fyrst árið 2013. Frekari upplýsingar um stöðuna er að finna hér: <https://www.unak.is/is/rannsoknir/nansen-professor>



Hildur Friðriksdóttir og Rúnar Gunnarsson.

NÁM OG STÚDENTAR

Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á að bjóða nám með sveigjanlegu námsformi fyrir stúdenta í grunnnámi. Virkt og faglegt námssamfélag er þungamiðjan í sveigjanlegu námi við HA. Til að styðja við námssamfélagið er áherslan á sveigjanleika, samskipti í kennslu og námi, og tæknilausnir í námi.

Fjarnám hófst við háskólann haustið 1998, fyrst í litlum mæli en síðan mjög aukið. Stór hluti stúdenta Háskólans á Akureyri er búsettur utan Akureyrar og nærsveita. Lengi vel var námsformið skilgreint sem staðarnám, fjarnám og lotunám.

Nú er mestallt námsframboð skólans með sveigjanlegu formi. Sveigjanlegt nám er stúdentið að nám án kröfu um daglega viðveru á háskólasvæðinu á Akureyri. Stúdentar geta stundað námið óháð búsetu þar sem verkefni og verkefnaskil eru rafræn. Samskipti í sveigjanlegu námi eiga sér stað með margvíslegum hætti. Það eru samskipti í rauntíma með viðveru í gegnum spjaldtölvur, með notkun hinna ýmsu samskiptaforrita í rauntíma eða óháð tíma, með netpósti eða einfaldlega í gegnum síma. Allt grunnnám við háskólann er boðið með sveigjanlegu formi en það er ólíkt milli námsleiða. Námsferni getur verið á ýmsu formi, til dæmis upptökur af fyrirlestrum, texti, raðbækur og hlaðvörp. Efnið er aðgengilegt fyrir stúdenta í kennsluferfi háskólans.

Í sveigjanlegu námi við HA er notast við fjölbreyttar kennslu-aðferðir, til dæmis samvinnunám, vendikennslu og blandað nám. Einnig eru mismunandi námsmatsaðferðir, svo sem hópaverkefni og próf, símat og leiðsagnarmat. Kennslulotur eru haldnar reglulega yfir skólaárið og þær eru ólíkar milli námsleiða, ein, tvær eða þrjár lotur á misseri. Námskeið eru

mismunandi og geta lotur því staðið í tvo til fimm daga í senn. Kennslulotur eru vettvangur til þess að styðja við náms-samfélag háskólans, þar sem stúdentar og kennarar vinna saman. Í lotum eru verkefni og umræður í forgrunni. Þess er krafist af stúdentum að þeir mæti í kennslulotur og séu virkir þátttakendur á meðan á þeim stendur. Í ákveðnum aðstæðum, eins og til dæmis ef ófærð hamlar, geta stúdentar, í samráði við kennara, tekið þátt í lotum í gegnum spjaldtölvur. Ekki er skyldumæting í námslotur í viðskiptafræði.

Próf í sveigjanlegu námi er hægt að taka við Háskólann á Akureyri, í símenntunar- og fræðslumiðstöðvum um allt land eða í viðurkenndum háskólastofnunum eða sendiráðum erlendis. Notast er við prófakerfið Inspira og/eða kennslukerfið Canvas í prófahaldi. Sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri er í sífelldri þróun og endurskoðun. Stuðst er við kennslufræði sem hentar hverju sinni og leitast við að nota þá tækni sem virkar á hverjum tíma til að styðja við kennslufræðina og gæði náms. Umfram allt er sveigjanlegt nám mótað eftir þörfum námssamfélagsins við Háskólann á Akureyri.

Helstu samstarfsaðilar háskólans árið 2023 vegna kennslu og prófahalds innanlands voru Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum, Símenntun á Vesturlandi, Háskólasetur Vestfjarða, Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Þekkingarnet Þingeyinga, Austurbrú, Háskólafélag Suðurlands, Viska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, Nýheimar þekkingarsetur, Mímir – símenntun og Promennt ehf.

Erlendis voru um 50 samstarfsaðilar sendiráð, skólastofnanir og ræðismenn.




NÁM OG STÚDENTAR

Eftirfarandi eru lykiltölur háskólans
frá hausti 2024


Nemendur eftir landshlutum

Haut 2024



Aldursdreifing nemenda


Allir nemendur, miðað við 15. október 2024



NÁM OG STÚDENTAR


Heildarfjöldi nemenda eftir kyni

miðað við 15. október ár hvert



Heildarfjöldi nemenda eftir námsstigi


miðað við 15. október ár hvert



NÁM OG STÚDENTAR


Heildarfjöldi nemenda eftir fræðasviðum HA

miðað við 15. október ár hvert



Heildarfjöldi nemenda eftir fagsviðum

miðað við 15. október ár hvert



NÁM OG STÚDENTAR

Hug- og félagsvísindasvið

Grunnnám:

Félagsvísindadeild

Félagsvísindi	BA	180 einingar
Félagsvísindi með íslensku sem annað mál	BA	240 einingar
Fjölmíðlafræði,	BA	180 einingar
Fjölmíðlafræði með íslensku sem annað mál	BA	240 einingar
Lögreglufræði fyrir starfandi lögreglumenn	Grunndiplóma	120 einingar
Lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn	Grunndiplóma	120 einingar
Lögreglu- og löggæslufræði	BA	180 einingar
Nútímafræði	BA	180 einingar
Nútímafræði með íslensku sem annað mál	BA	240 einingar

Kennaradeild

Diplómanám í leikskólafræðum	Grunndiplóma	120 einingar
Fagháskólanám í leikskólafræði	Grunndiplóma	60 einingar
Kennarafræði	B.Ed.	180 einingar
Leikskólakennarafræði, með íslensku sem annað mál	B.Ed.	240 einingar

Lagadeild

Lögfræði	BA	180 einingar
----------	----	--------------

Sálfræðideild

Sálfræði	BS	180 einingar
----------	----	--------------

Framhaldsnám:

Félagsvísindadeild

Rannsóknatengt meistaranám í félagsvísindum	MA	120 einingar
Kennaradeild		
Forysta í lærdómssamfélagi	Viðbótardiplóma	30 einingar
Kennsla á grunnskólastigi	MT	120 einingar
Kennsla á leikskólastigi	MT	120 einingar
Menntavísindi	MA	120 einingar
Menntavísindi	Viðbótardiplóma	60 einingar
Menntunarfræði	M.Ed.	120 einingar
Starfstengd leiðsögn	Viðbótardiplóma	30 einingar

Lagadeild

Lögfræði	M.L.	120 einingar
----------	------	--------------

Sálfræðideild

Rannsóknatengt meistaranám í sálfræði	MS	120 einingar
---------------------------------------	----	--------------

Heilbrigðis- viðskipta- og raunvísindasvið

Grunnnám:

Auðlindadeild

Líftækni	BS	180 einingar
Sjávarútvegsfræði	BS	180 einingar
Viðskiptafræði og sjávarútvegsfræði	BS	240 einingar

Hjúkrunarfræðideild

Fagnám til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða	Grunndiplóma	60 einingar
Hjúkrunarfræði	BS	240 einingar

Iðjuþjálfunarfræðideild

Iðjuþjálfunarfræði	BS	180 einingar
--------------------	----	--------------

Viðskiptadeild

Viðskiptafræði með áherslu á stjórnunar- og fjármálagreinar	BS	180 einingar
Viðskiptafræði með áherslu á stjórnun og markaðsgreinar	BS	180 einingar
Viðskiptafræði með sjávarútvegsfræði sem aukagrein	BS	180 einingar

Framhaldsnám

Auðlindadeild

Auðlindafræði	MS	120 einingar
---------------	----	--------------

Hjúkrunarfræðideild

Geðhjúkrun	MS	120 einingar
Heilbrigðisvísindi	MS	120 einingar
Ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun	Viðbótardiplóma	60 einingar

Iðjuþjálfunarfræðideild

Iðjuþjálfun	Viðbótardiplóma	60 einingar
-------------	-----------------	-------------

Viðskiptadeild

Viðskiptafræði	MS	120 einingar
Viðskiptafræði MM í Stjórnun	MM	90 einingar
Viðskiptafræði MS í stjórnun	MS	90 einingar

Samstarfsstofnanir

Háskólasetur Vestfjarða

Haf- og strandsvæðastjórnun	MRM	120 einingar
Sjávarbyggðfræði	MA	120 einingar

NEMENDARÁÐGJÖF

Nemendaráðgjöf Háskólans á Akureyri starfar í þágu stúdenta og gætir hagsmuna þeirra. Hlutverk hennar er að styðja við stúdenta í námi með fjölbreyttri og faglegri þjónustu og styðja við jafnrétti og fjölbreytileika. Nemendaráðgjöf hefur að leiðarljósi gott aðgengi að persónulegri þjónustu sem skipulögð er út frá þörfum stúdenta. Árið 2024 var nafni einingarinnar breytt úr Náms- og starfsráðgjöf Háskólans á Akureyri í Nemendaráðgjöf.

Starfsfólk Nemendaráðgjafar veitir stúdentum ráðgjöf og stuðning með það að markmiði að efla vitund þeirra um eigin viðhorf, áhuga og færni, og stuðla að sjálfsþekkingu til að ná sem bestum árangri í námi.

Nemendaráðgjöf veitir úrræði í námi og prófum en fatlaðir stúdentar og stúdentar með sértæka námsörðugleika eða sértækar þarfir, til dæmis vegna veikinda, eiga rétt á úrræðum lögum samkvæmt, og eftir því sem kveðið er á um í reglum

háskólans. Unnið er að því markmiði að efla stúdenta til sjálfshjálpar og styrkja þá í námi. Leitast er við að tryggja að þjónustan sé löguð að þörfum þeirra sem á henni þurfa að halda hverju sinni. Að jafnaði eru um 10% stúdenta með samning við Nemendaráðgjöf um úrræði í námi.

Stúdentar við Háskólann á Akureyri geta sótt sálfræðiþjónustu hjá Nemendaráðgjöf sér að kostnaðarlausu. Sálfræðiþjónusta er í boði tvo til þrjá daga í viku. Áhersla er lögð á hóp námskeið og byggt á hugrænni atferlismeðferð (HAM). Boðið er upp á sex vikna námskeið við þunglyndi og kvíða og voru tvö slík haldin árið 2024. Einnig geta stúdentar óskað eftir ráðgjöf og stuðningi í einstaklingsviðtölum.

Starfsfólk Nemendaráðgjafar hefur það að markmiði að vinna sífellt að þróun þjónustunnar í samráði innan einingarinnar, við stúdenta og við samstarfsfólk. Skráð viðtöl og erindi á árinu 2024 voru um 1.930. Árið 2024 var byrjað að taka við



NEMENDARÁÐGJÖF

umsóknnum um úrræði í námi og prófum í gegnum Uglu og fara nú beiðnir um sértæk úrræði þar í gegn.

Nemendaráðgjöf stendur fyrir fjölbreyttri dagskrá. Haldin voru námskeið og stuttir fyrirlestrar á árinu um afmörkuð efni svo sem áhrif hugsana á líðan og hegðun, prófundirbúning, markmiðasetningu, vinnu lokaverkefna og frestun. Hægt er að taka þátt á staðnum eða í fjarfundi. Auk þessa heldur Nemendaráðgjöf utan um námstækni síðu á Canvas.

Á síðu Nemendaráðgjafar á vef háskólans er gagnlegu efni frá náms- og starfsráðgjöfum og sálfræðingi miðlað. Þar má til dæmis finna hjálparsíðu um tæknilausnir í námi og efni til að styrkja andlega líðan stúdenta. Nemendaráðgjöf heldur einnig úti samfélagsmiðlum.

Eitt af verkefnum Nemendaráðgjafar er starfsráðgjöf til stúdenta. Áhugakönnun, gegn gjaldi, er í boði bæði fyrir stúdenta sem og þau sem stefna á háskólanám. Netnámskeið fyrir stúdenta um gerð ferilskrár var í boði og persónuleg aðstoð í einstaklingsviðtölum, til dæmis við gerð ferilskrár og kynningarbréfa og undirbúning fyrir atvinnuviðtöl.

Nemendaráðgjöf er í samstarfi við framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri (SHA), einkum varðandi hvers konar hagsmunamál sem tengjast námi, kennslu og þjónustu sem veitt er innan háskólans. Framtíðardagar HA voru haldnir í samstarfi SHA, Nemendaráðgjafar og Markaðs- og kynningarmála. Markmiðið er að undirbúa stúdenta fyrir þátttöku í atvinnulífi og næstu skref í námi og/eða starfsferli.

Framtíðardagar 2024 voru haldnir í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa grunnskóla Akureyrar en þeir skipuleggja og halda alfarið utan um viðburðinn Starfamesu.

Náms- og starfsráðgjafar tóku þátt í árlegri haustráðstefnu Félags náms- og starfsráðgjafa sem haldin var í Reykjavík og fóru í heimsókn, ásamt sálfræðingi, til Nemendaráðgjafar Háskóla Íslands þar sem tekið var á móti ráðgjöfum og sálfræðingum allra háskólanna á Íslandi.

Starfsfólk Nemendaráðgjafar tekur þátt í almennu skólastarfi á ýmsan hátt. Sem dæmi:

- Virk þátttaka í Háskóladeginum, Opnum dögum og nýnemadögum
- Ráðgjöf fyrir tilvonandi umsækjendur um skólavist
- Kynning á þjónustu Nemendaráðgjafar fyrir erlenda skiptinema við háskólann
- Fundir með prófstjórn vegna prófa og umsýslu úrræða í námi og prófum
- Fundir með einingum háskólans
- Verkefni um raunfærnimat fyrir umsækjendur, í samstarfi við Hug- og félagsvísindasvið

Í árslok voru þrjú og hálft stöðugildi við Nemendaráðgjöf. María Jónsdóttir og Aníta Jónsdóttir eru náms- og starfsráðgjafar. Einar Eddu Kristinsson er sálfræðingur. Forstöðumaður er Árný Þóra Ármannsdóttir.

NEMENDASKRÁ, ÞJÓNUSTUBORÐ NEMENDASKRÁR

Á þjónustuborði Nemendaskrár er upplýsingagjöf og þjónusta fyrir stúdenta og starfsfólk.

Einnig er þar almenn símsvörun og upplýsingagjöf um háskólann.

Nemendaskrá tilheyrir ýmis verkefni sem tengjast daglegu starfi skólans.

Fulltrúar Nemendaskrár hafa umsjón með allri nemendaskráningu og skjalavistun sem henni fylgir. Það gildir um innritun nýnema, skráningu í og úr námskeiðum og prófum, útgáfu vottorða og prentun og frágang brautskráningargagna, í nánú samstarfi við starfsfólk fræðasviða.

Þá sjá fulltrúar um innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans sem og ferðabeirni og flugbókanir. Loks sjá þau um bókanir og leigu á stofum háskólans.

Yfir sumarlokunartímann sjá símsvörunarfyrirtæki um símsvörun á skiptiborði háskólans, auk þess að veita helstu upplýsingar um starfseminu.

Mikil samvinna er milli fulltrúa Nemendaskrár og annarra stöðeyninga HA, sér í lagi skrifstofustjóra og verkefnastjóra fræðasviða, sem og starfsfólks Kennslumiðstöðvar HA. Þá er einnig samvinna með starfsfólki Markaðs- og kynningarmála.

Verkefni Nemendaskrár voru með hefðbundnum hætti á árinu.

Þjónustufulltrúar í Nemendaskrá eru Hafdís Guðfinna Vigfúsdóttir og Dagbjört Katrín Jónsdóttir sem hóf störf um mitt ár er Hanna Björg Guðmundsdóttir lauk störfum við HA. Forstöðumaður Nemendaskrár er Bára Sif Sigurjónsdóttir.

Þjónustuborð Kennslumiðstöðvar HA er staðsett í rými Nemendaskrár og eru tveir tæknimenn Kennslumiðstöðvar með starfsstöð þar, þeir Einar Bergur Björnsson og Einar Magnús Einarsson.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri er fjárhagslega sjálfstæð eining innan skólans. RHA nýtur ekki fastra fjárfamlaga heldur aflar sér tekna með rannsóknarverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, ráðuneyti og félagasamtök og með innlendum og erlendum rannsóknarstyrkjum. Enn fremur veitir RHA starfsmönnum HA ráðgjöf og aðstoð á sviði rannsókna. Í skipuriti Háskólans á Akureyri tilheyrir RHA Háskólaskrifstofu

Markmið og hlutverk

Markmiðin með rekstri RHA eru í meginatriðum eftirtalin:

- Efla rannsóknir við HA
- Gefa út og kynna niðurstöður rannsókna við HA
- Styrkja tengsl HA við atvinnulífið
- Hafa samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaaðila
- Veita upplýsingar og ráðgjöf
- Standa fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum
- Stunda þjónusturannsóknir

Þjónusta við Háskólann á Akureyri

RHA vinnur eftir rannsamningi um kaup HA á verkefnum frá RHA frá árinu 2023.

Samningurinn nær til eftirfarandi atriða:

1. Rannsóknastarf og nýsköpun með samstarfsaðilum. Umsóknir um samstarfsrannsóknir þar sem leitað verður eftir samstarfi við deildir eða kennara innan HA sem og aðrar stofnanir sem eru í samstarfi við HA.
2. Vera virkir þátttakendur í umræðu um rannsóknir í háskólum
3. Þátttaka starfsmanna í nefndum og ráðum á vegum HA og/eða tengdri starfsemi.
4. Þátttaka á fundum og ráðstefnum fyrir hönd HA
5. Verkefni fyrir háskólann og deildir hans á sviði rekstrar, stjórnunar o.fl.
6. Umsýsla vegna Vísindaráðs
7. Umsýsla vegna Vísindasjóðs HA
8. Umsýsla vegna Végeirsstaðasjóðs
9. Vinna fyrir jafnréttisráð
10. Innri úttekt jafnlaunakerfis og jafnlaunaúttekt
11. Veita starfsfólki fræðasviðanna ráðgjöf við hvaðeina sem við kemur tölfraðiúrvinnslu og aðstoð við notkun tölfraðiforrita, svo sem R og SPSS

12. Samstarf við fræðasvið um undirbúning og framkvæmd fyrir stóra fundi og ráðstefnur.
13. Þátttaka í sameiginlegu innra starfi háskólans, svo sem sameiginlegir starfsmannafundir og fræðsla.
14. Ráðgjöf við kannanateymi HA
15. Umsjón með ritveri HA
16. Önnur verkefni sem RHA eru falin af skólanum

Þátttaka í nefndum og ráðum

Sérfræðingar RHA tóku þátt í ýmsum verkefnum í samfélaginu, svo sem í Hagsmunaráði Landsnets, stýrihópi Sjálfbærni- og Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi, stýrihópi Sjálfbærni- og Alcoa og Landsvirkjunar á Norðausturlandi og í Faghópi 3 um samfélagsáhrif í Rammaáætlun og fleira.

Kennsla og námskeið

Eins og undanfarin ár komu starfsmenn RHA að kennslu í námskeiðum við HA og Símenntun, til að mynda varðandi tölfraðilega greiningu og gagnavinnslu í R.

Framkvæmd Vísindaskóla unga fólksins við Háskólann á Akureyri

RHA sér um framkvæmd Vísindaskóla unga fólksins fyrir hönd HA. Rekstur Vísindaskólans hefur verið í höndum RHA frá því að skólinn byrjaði árið 2015. Líkt og undanfarin ár héldu Dana Rán Jónsdóttir, verkefnastjóri RHA, og Sigrún Stefánsdóttir utan um framkvæmd skólans. Hann stendur yfir í viku í júní ár hvert. Vísindaskólinn er ætlaður börnum á aldrinum 11–13 ára.

Skólinn er fjármagnaður með hóflegu námsgjaldi en þó aðallega með framlögum frá ýmsum félögum og fyrirtækjum á Akureyri. Fjöldi aðila styrkti Vísindaskólann að þessu sinni og hafa sumir styrktaraðilar stutt við starfsemina frá upphafi. Um 85 börn sóttu skólann og var kynjaskipting nokkuð jöfn.

Heiðursgestur við brautskráningu úr Vísindaskólanum var Sigurður Þorri Gunnarsson útvarpsmaður.

Á hverju ári er boðið upp á ný námskeið. Heiti á þeim voru:

- Forritun og gervigreind
- Svefn, næring og æfing,
- Hvernig tengjast jarðskjálftar eldgosum?
- Fiskur undir steini
- Glitrandi stjörnur, veður og vindar.

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



Innra starf

Innra starf var með hefðbundnum hætti en nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum en þrír starfsmenn létu af störfum hjá RHA á árinu og einn var ráðinn í staðinn. Hjá RHA störfuðu í árslok 8 manns og voru stöðugildin 6.

Starfsfólk sótti ýmis námskeið og fræðslu líkt og undanfarin ár. Meðal annars var haldinn fræðsludagur á Hótel Kea fyrir starfsfólk RHA þar sem fjallað var um gervigreind í rannsóknum, hvernig best sé að tryggja svarhlutfall í könnunum og um Gagnís verkefnið.

Tveir starfsmenn fóru til útlanda á vegum verkefna sem RHA tekur þátt í. Hjalti Jóhannesson fór til Stokkhólms ásamt Grétari Þór Eypórssyni prófessor til fundar í verkefninu SUNREM sem fjallar um vinnumarkaði framtíðarinnar og Sæunn Gísladóttir fór til Lillehammer í Noregi vegna verkefnisins Enhancing labour opportunities for Ukrainian women in rural Nordic communities sem fjallar um stöðu úkraínskra kvenna á vinnumarkaði í Noregi, Svíþjóð og á Íslandi.

Eftir mörg góð ár á Borgum flutti RHA sig um set á haustmánuðum. RHA er nú staðsett í Hafnarstræti 93-95 ásamt tveimur öðrum stofnunum Háskólans, Miðstöð skólaþróunar og Símenntun Háskólans á Akureyri.

Styrkir

RHA hlaut tvo nýja styrki á árinu auk þess sem unnið var úr eldri styrkjum.

RHA hlaut styrk úr Bygðarannsóknasjóði á árinu til að rannsaka reynslu ríkisstofnanna og ráðuneyta af því að bjóða upp á óstaðbundin störf. Umsækjandi fyrir hönd RHA var Sæunn Gísladóttir.

RHA fékk einnig styrk frá Nordic Gender Equality Fund fyrir verkefnið Enhancing labour opportunities for Ukrainian women in rural Nordic communities. RHA leiðir verkefnið en samstarfsaðilar í rannsókninni eru Dalarna háskóli í Svíþjóð og Inland Norway University of Applied Sciences. Rannsóknin miðar að því að rannsaka hvernig konum sem flúðu Úkraínu til Norðurlandanna eftir innrás Rússa hefur vegnað á norrænum vinnumarkaði. Sæunn Gísladóttir og Marta Einarsdóttir leiða verkefnið fyrir hönd RHA.

Rannsóknarverkefni

Rannsóknarverkefni sem unnin voru af starfsmönnum RHA voru fjölbreytt eins og undanfarin ár. Auk þess vann RHA gagnaöflun fyrir ýmsa aðila innan og utan Háskólans á Akureyri. Ekki öllum verkefnum lýkur með skýrslu, svo sem minni háttar ráðgjafarverkefnum. Skýrslur um innri mál stofnana og fyrirtækja, sem og ýmsar áfangaskýrslur, eru ekki birtar. Opinberar skýrslur eru aðgengilegar á [vefsíðu RHA](#).

Hluti útgefinna rannsóknaskýrsla starfsmanna RHA 2024:

A 10 Year Regional Perspective on Electric Aviation. Sæunn Gísladóttir og Hjalti Jóhannesson.

Líðan og seigla íslenskra bænda. Netkönnun meðal félagsmanna Bændasamtaka Íslands. Bára Elísabet Dagsdóttir.

„Ef þú vilt búa úti á landi þá þarftu að hafa þetta val.“ Reynslan af óstaðbundnum störfum. Sæunn Gísladóttir, Rannveig Gústafsdóttir og Anna Soffía Víkingisdóttir.

Kvíslartunguvirkjun. Áhrif á samfélag, ferðaþjónustu og útivist. Marta Einarsdóttir, Helga Einarsdóttir og Hjalti Jóhannesson.

Holtavörðuheildarlína 3. Áhrif á ferðaþjónustu og útivist. Hjalti Jóhannesson og Sæunn Gísladóttir.

Hverahlíð II og Meitlar. Greining og mat á áhrifum nýrra rannsókna- og vinnsluhola á ferðaþjónustu og útivist. Vera Vilhjálmisdóttir og Hjalti Jóhannesson.

Matvísar og frummat fimm orkukosta. Skúfnavatnavirkjun, Tröllárvirkjun, Hvanneyrardalsvirkjun, Hamarsvirkjun og Bolaölduvirkjun. Hjalti Jóhannesson, Arnar Þór Jóhannesson, Jón Ásgeir Kalmansson og Sjöfn Vilhelmsdóttir.

Óstaðbundin störf – staða og framtíðarhorfur. Sæunn Gísladóttir.

Ráðstefnur, málstofur og kynningar

RHA rekur ráðstefnuþjónustu og skipuleggur fundi og kynningar sem haldnar eru í háskólanum í samstarfi við ýmsa aðila. RHA veitti þjónustu í tengslum við ráðstefnurnar:

- EXP 396
- The Nordic Forum for Nurse Educator
- Löggæsla og samfélagið
- China-Nordic Arctic Cooperation Symposium
- Málþing um skapandi greinar

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



Starfsfólk RHA tók þátt í ýmsum kynningum og málþingum á árinu og má þar nefna:

Óstaðbundin störf. Fyrirlestur fyrir Kiwanisklúbbinn á Siglufirði nóvember 2024

Óstaðbundin störf. Erindi hjá Fræðafélagi Siglufjarðar í október 2024. Sæunn Gísladóttir.

Erindi um óstaðbundin störf fyrir SSNE í nóvember 2024. Sæunn Gísladóttir.

Kvennanefndarfundur Sameinuðu þjóðanna í New York í mars 2024. Sæunn Gísladóttir.

RHA í fjölmiðlum

RHA var talsvert í fjölmiðlum á árinu að segja frá sínum rannsóknum, t.d.

Íslenskir bændur upplifa meiri einkenni þunglyndis og streitu. Frétt á Vísí 16. febrúar 2024

Bændur finna frekar fyrir streitu og þunglyndi en aðrir. Frétt á ruv.is 21. febrúar 2024

Andleg líðan bænda fer versnandi. Viðtal við Báru Elísabetu Dagsdóttur í Ísland í bítíð 22. febrúar 2024.

Viðtal í Kastljósi RÚV við Báru Elísabetu Dagsdóttur 7. mars 2024 um andlega líðan bænda

Óstaðbundin störf styrkja landsbyggðina. Grein í Morgunblaðinu 27. mars 2024

Flairi ríkisstarfsmenn geta unnið úti á landi. Frétt á ruv.is vegna könnunar RHA 31. mars 2024.

Viðtal við Hjalta Jóhannesson vegna lokana á vegum og mats á jarðgöngum í kvöldfréttum RÚV 7. apríl.

Telja óstaðbundin störf of kostnaðarsöm. Frétt á Vísí 9. október.

Viðtal við Sæunni Gísladóttur um óstaðbundin störf í Morgunútvarpi Rásar 2 11. október.

Viðtal við Hjalta Jóhannesson um samgöngumál á Samstöðinni 5. nóvember.

Á vef RHA, www.rha.is, má finna nánari upplýsingar um starfsemi miðstöðvarinnar.



UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA OG BÓKASAFN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Hlutverk Upplýsingaþjónustu og bókasafns er að veita aðgang að vönduðum safnkosti vegna náms, kennslu og rannsókna og leggur starfsfólk bókasafnsins áherslu á faglega og persónulega þjónustu. Bókasafnið sinnir einnig bókasafnsþjónustu við Háskólann á Hólum er samsvarar 25% stöðugildi. Rafrænn safnkostur bókasafnsins er ýmist aðgengilegur í opnum aðgangi, landsaðgangi (hvar.is), Skemmunni (lokaverkefni), Hlöðunni eða í séráskriftum á staðarneti háskólans. Hlaðan er rafrænt geymslusafn fyrir höfundaréttarvarið efni, greinar og bókakafli, sem nýtist í tilteknum námskeiðum. Rafrænn bókakostur jafnar aðgengi stúdenta í sveigjanlegu námi að námsefni bókasafnsins. Til viðbótar þeim safnkosti sem keyptur er til eignar á bókasafninu, prentuðum og rafrænum, má nefna að safnið útvegar notendum sínum efni í gegnum millisafnalán.

Forstöðukona er Astrid Margrét Hoddevik Magnúsdóttir. Starfsmenn sviðsins í lok ársins eru sex talsins í 5,6 stöðugildum. Á sviðinu starfa Sigríður Vilhjálmisdóttir verkefnastjóri aðfangadeildar og staðgengill forstöðukonu, Kristín Konráðsdóttir verkefnastjóri útlánadeildar, Linda Sólveig Magnúsdóttir, Sigríður Ásta Björnsdóttir og Pia Susanna Sigurlína Viinikka, allar verkefnastjórar þjónustudeildar.

Kennsla og þjálfun í upplýsingalæsi (UL) er ein af grunnstöðum í starfsemi bókasafnsins. Einstaklingur sem býr yfir færni í UL greinir þörf fyrir upplýsingar, kann að finna þær, leggja mat á gæði þeirra og nýta á skilvirkan og ábyrgan hátt í námi, kennslu og rannsóknum. Kennslan fer meðal annars fram í námskeiðum í samráði við kennara og í einstaklingsviðtölum þar sem hægt er að bóka tíma hjá bókasafns- og upplýsingafræðingi. Viðtöl og ráðgjöf hafa á árinu náð til um 249 nemenda og rannsækenda í um 120 klukkustundum, bæði á staðnum og með rafrænum hætti. Samtals árið 2024 hefur formleg kennsla í UL, námskeiðahald og önnur aðstoð náð til tæplega 1500 nemenda og starfsmanna.

Bókasafnið tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum, vinnuhópum og viðburðum á landsvísu sem og í samstarfi við aðrar einingar háskólans. Meðal nokkurra núverandi og nýrra samstarfsverkefna má þar á meðal nefna

- Á árinu var unnið að tveimur samstarfsverkefnum með Miðstöð doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna (MD) en sviðin hafa sl. ár haft samvinnu um málefni tengd opnum aðgangi. Unnið var að gerð leiðbeininga um gagnastjórnunaráætlun (e. data management plan) fyrir Gagnis



UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA OG BÓKASAFN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

varðveislusafnið sem birtir rannsóknargögn í opnum aðgangi. Einnig tóku einingarnar ásamt sviðsforsetum HA þátt í gerð minnisblaðs um stefnu HA í opnum aðgangi í tengslum við stefnu HA 2025-2030.

- Á síðari hluta ársins hófust breytingar á IRIS rannsóknarkerfinu, sem sýnir rannsóknarvirkni íslenskra háskóla og stofnana sem eiga aðild að því. Eftir breytingarnar mun sjálfstæði og ábyrgð HA verða mun meiri. Bókasafnið hefur tekið þátt í innleiðingu og þróun kerfisins og ber ábyrgð á gæðaeftirliti afurða og gagna en yfirumsjón er á ábyrgð MD.
- Þátttaka á Rannsóknarþingi MD í október undir yfirskriftinni „Hvert liggur leiðin í rannsóknum HA“ þar sem m.a. var rætt um opin gögn og varðveislu þeirra.
- Þátttaka í Alþjóðlegri viku opins aðgangs 21. – 27. október

undir yfirskriftinni „Samfélag fram yfir markaðsvæðingu“. Dagskráin var skipulögð af samstarfshópi háskólabókasafna um opinn aðgang/opin vísindi þar sem fulltrúi bókasafnsins á sæti. Haldin voru erindi í streymi, þar á meðal um ránrykjutímarit, hvað ber að varast og afnotaleyfi frá Creative Commons.

- Gengið var frá þjónustusamningi við Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) um upplýsinga- og bókasafnsþjónustu sem byggir á Rammasamningi um samstarf SAK og HA.
- Á árinu voru í samstarfi við stjórnendur háskólabókasafna landsins skoðuð kaup á mögulegum kerfum til að halda utan um rafræna leslista nemenda í Canvas, þar á meðal höfundarréttarvarið lesefni. Á endanum varð Leganto frá ExLibris fyrir valinu og í lok ársins gekk bókasafnið frá kaupsamningi við ExLibris og Landskerfi bókasafna en innleiðing verður hafin árið 2025.



UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA OG BÓKASAFN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Legovinnustofa og starfsdagur var haldinn 30. maí undir stjórn Hólmar Erlu Svanssonar framkvæmdastjóra þar sem starfsemi háskólabókasafna, framtíðarsýn, tækifæri og nýjar áskoranir voru ræddar. Afrakstur vinnunnar voru þrjú úrbótaverkefni sem unnið verður að til loka árs 2025.

Unnið var með sameiginleg gildi teymisins sem höfð eru að leiðarljósi í starfsemi sviðsins en þau eru: Fagmennska, við þjónustum okkar viðskiptavini með traust og fagmennsku að leiðarljósi. Jafnrétti, í starfi okkar leggjum við áherslu á að veita jafnan aðgang að upplýsingum til allra sem til okkar leita. Ástríða, okkur finnst vinnan okkar mikilvæg og leggjum metnað í að finna árangursríkar lausnir í öllu okkar starfi og þjónustu.

Í apríl hlutu Pia Susanna Sigurlína og Sigríður Ásta ERASMUS styrk til þátttöku í tveggja daga vinnustofu við Lögregluháskólann í Osló um leiðbeiningu lokaverkefna BA nemenda í lögreflufræði (*Workshop and Evaluation International Bachelor Thesis Project*).

Í júní tók Pia Susanna Sigurlína þátt í elleftu alþjóðlegu ráð-


stefnunni *Creating Knowledge* sem haldin var í Helsinki undir yfirskriftinni „*Think Before You Click: Responsibility in the Digital Information Landscape*“.

Eftir að framkvæmdum á innra rými bókasafnsins lauk á sl. ári þar sem bætt var við vinnuáðstöðu nemenda var gerð tilraun með að hafa rýmið opið eftir auglýstan afgreiðslutíma bókasafns á virkum dögum og um helgar.

Í lok árs tók Katrín Þóra Jonsson, nemi í upplýsingafræði í HÍ, vettvangsnám sitt á bókasafninu. Það fólst í viku vinnu á safninu þar sem hún kynntist helstu þáttum í starfseminni.

Þrjár myndlistasýningar voru haldnar á árinu. Í byrjun árs sýndi Hadda - Guðrún H. Bjarnadóttir myndvefnað, myndlistarhópurinn *Gellur sem mála í bílskúr* opnaði sýningu í mars og síðasta sýning ársins voru verk eftir Guju Nóa en sýningin bar heitið „*Málverkið er vinkona og viðfangið eru konur*“.

Á árlægri jólastund bókasafnsins las Aníta Jónsdóttir fyrir starfsfólk og var viðburðurinn sendur út í streymi.



KENNSLU- OG UPPLÝSINGATÆKNIMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – KHA

Kennslu- og upplýsingatæknimiðstöð Háskólans á Akureyri (KHA) styður kennara við þróun sveigjanlegra kennsluhátta með faglegri ráðgjöf, námskeiðum og þátttöku í þróunarverkefnum sem tengjast upplýsingatækni og kennslufræði. Árlega taka kennarar þátt í þróunarnámskeiðum til að betrubæta námskeið með tilliti til kennslufræði og tækni.

KHA ber ábyrgð á prófahaldi, námsmati og öllum stýri- og netkerfum háskólans. Kerfismál eru ákveðin af teymi sem tryggir samfellu milli kennslufræði og tæknaðstoðar. Þverfaglegt samstarf kennslufræðinga og tæknimanna er lykilatriði fyrir háskóla sem leggja áherslu á sveigjanlegt nám.

Þjónusta og ráðgjöf

Hluti af daglegri starfsemi KHA eru opnir tímar fyrir ráðgjöf og aðstoð starfsfólks háskólans í gegnum fjarfundi, virka daga kl. 11:00–12:00. Árið 2024 voru 596 heimsóknir skráðar yfir 11 mánaða tímabil. Þá er hægt að bóka ráðgjöf í gegnum rafrænt beiðnakerfi KHA.

Árið 2024 bárust 5.146 beiðnir, sem náðu yfir öll helstu kerfi háskólans, frá uppsetningu námskeiða í Canvas til kennslufræðilegrar ráðgjafar. Öllum beiðnum er sinnt í gegnum rafræna þjónustuborðið okkar: <https://hjalp.unak.is>.

Þróun stafrænnar hæfni og alþjóðleg verkefni

Árið 2024 voru haldnar 70 vinnustofur með áherslu á ákveðna færni í stafrænu umhverfi, einkum innan háskólakennslu. KHA tekur þátt í Evrópuverkefninu *CUTE (Competencies for Universities - Using Technology in Education)*, sem styður stafræna hæfni kennara og stofnana.

Gervigreind og stefnumótun

KHA hefur lagt aukna áherslu á að innleiða og rannsaka gervigreind innan háskólans. Á árinu 2024 voru haldin sex hádegismálþing undir yfirskriftinni Samtal um gervigreind í háskólasamfélaginu ásamt því að settar voru af stað vinnustofur

fyrir kennara til að þróa notkun gervigreindar í kennslu og rannsóknum.

Vegna hraðrar framþróunar gervigreindar var ákveðið að stofna nýja stöðu verkefnastjóra gervigreindar árið 2025. Sá starfsmaður mun stýra innleiðingu og stefnumótun í notkun gervigreindar innan háskólans, auk fræðslu fyrir starfsfólk og nemendur.

Kennsluráðstefna og kennslufræðináms

Kennsluráðstefna KHA var haldin í níunda sinn á vormisseri 2024 undir yfirskriftinni Hvað er góð háskólakennsla? Aðal-fyrirlestur var frá Sean Michael Scully, aðjúnkti við HA og meðlimi kennsluakademíu opinberu háskólanna. Flutt voru 29 erindi frá kennurum Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands. Kennslufræðinámskeiðið Háskólakennsla og háskólanám var haldið fyrir fastráðið starfsfólk HA. Námskeiðið er tíu ECTS-einingar á meistarastigi, stendur yfir á haust- og vormisseri hvert skólaár og er í senn fræðilegt og hagnýtt. Námskeiðið er kennslufræði á háskólastigi, kenningar og aðferðir, og einnig vinna kennarar meðfram námskeiðinu að breytingum á eigin námskeiðum við háskólann. Tóku 13 kennarar þátt og fengu spjaldtölvur til afnota við kennsluþróun. Þeir munu kynna kennsluþróun sína á Kennsluráðstefnu KHA 2025.

Alþjóðlegt samstarf og rannsóknir

Starfsfólk KHA tekur virkan þátt í alþjóðlegum verkefnum, m.a. CUTE-verkefninu og öðrum Evrópustyrktum rannsóknarverkefnum með Símenntun HA. Starfsmenn hafa flutt erindi á ráðstefnum innanlands og erlendis, þ.m.t. Menntakviku Háskóla Íslands, Nursing Education Nordic Forum og Ráðstefnu Kennsluakademíu opinberu háskólanna.

Starfsfólk KHA

Fastráðnir starfsmenn KHA árið 2024 voru fjórtán í 13,5 stöðugildi. Forstöðumaður er Auðbjörg Björnsdóttir.

STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SHA



Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) er félag allra innritaðra stúdenta við Háskólann á Akureyri. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta, bakland og sameiningartákn aðildarfélaga þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins.

Stúdentafélagið hefur yfirumsjón með viðburðum á sviði skemmtana-, íþrótt- og fjölskyldumála og stendur á bak við aðildarfélög til þess að sinna þessum málaflokkum innan sinna deilda.

Félagið stendur vörð um hagsmuni heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdenta og vinnur náið með starfsfólki háskólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdenta, beint eða óbeint.

Einnig vinnur félagið náið með hagsmunafélögum annarra stúdenta, sérstaklega í gegnum LÍS – Landssamtök íslenskra stúdenta, og hafa formaður SHA og varaformaður haft veg og vanda af því starfi.

Forseti SHA er helsti talsmaður stúdenta Háskólans á Akureyri innan skóla og utan.

Aðildarfélög SHA eru deildarfélög háskólans, sjö talsins. Þau sjá um hagsmunagæslu félagsmanna sinna. Fulltrúar aðildarfélaga sitja deildarfundum, fundi með stjórn fræðasviðs og fræðasviðsfundi. Þá tilnefna aðildarfélögin einnig fulltrúa í náms- og matsnefndir sinna deilda.

Loks standa aðildarfélögin fyrir viðburðum til að efla félagslífið. Það er val stúdenta hvort þeir skrá sig í aðildarfélag eða ekki.

Aðildarfélög SHA eru:

Data, félag tölvunarfræðinema

Eir, félag heilbrigðisnema

Kumpáni, félag félagsvísinda- og sálfræðinema

Magister, félag kennaranema

Reki, félag viðskiptafræðinema

Stafnbúi, félag nema í auðlindafræðum

Pemis, félag laganema.

Stúdentaráð fer með æðsta vald SHA milli aðalfunda, tekur bindandi ákvarðanir fyrir framkvæmdastjórn og fulltrúa félagsins, stendur við bakið á stúdentum í ráðum og nefndum og er þeim innan handar í embættisstörfum. Stúdentaráð skipa framkvæmdastjórn SHA, formenn aðildarfélaga, formenn fastanefnda, og fulltrúar stúdenta í Háskólaráði og Gæðaráði



Framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri 2024-2025, Dagbjört Elva Kristjánsdóttir forseti, Bríet Stefanía Þorsteinsdóttir varaforseti og Rakel Sif Davíðsdóttir fjármálastjóri.

HA. Á fundum stúdentaráðs eiga áheyrnarsæti, með tillögurétt, fulltrúar SHA í Landssamtökum íslenskra stúdenta og fulltrúar SHA í nefndum og ráðum Háskólans á Akureyri.

Á vegum stúdentaráðs starfa ýmsar fastanefndir.

Starfstími stúdentaráðs er á milli aðalfunda SHA, en aðalfundur er haldinn fyrir lok mars ár hvert.

Daglegur rekstur félagsins er í höndum framkvæmdastjórnar. Framkvæmdastjórn er skipuð forseta, varaforseta og fjármálastjóra SHA. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á því að halda réttindaskrifstofu félagsins opinni fyrir stúdenta og stúdentar geta líka haft samband við framkvæmdastjórn í gegnum samfélagsmiðla.

Fyrsti formlegi stúdentaráðsfundurinn hjá nýju stúdentaráði árið 2024 var haldinn 11. apríl og voru fundirnir alls ellefu talsins á starfsárinu. Fimmtán stúdentar áttu sæti í stúdentaráði.

Á fyrsta fundi stúdentaráðs var farið yfir starfsemi félagsins og áætlanir gerðar fyrir komandi starfsár. Eins og undanfarin ár

STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SHA



var einróma samþykki um að aðaláherslan í starfseminni væri hagsmunabarátta og hagsmunagæsla stúdenta.

Meðal verkefna stúdentaráðs er að halda uppi félagslífinu. Stúdentafélagið skipulagði stærri viðburði eins og nýnemagleði og sprellumót. Vel heppnuð vísindaferð til Reykjavíkur, Stóra-Vísó, var haldin í lok janúar og þá bauðst stúdentum að taka þátt í vísindaferðum aðildarfélaganna, hvar sem þeir voru búsettir á landinu. Árshátíð SHA var síðan haldin 22. febrúar í Hátíðarsal Háskólans á Akureyri og skemmtu stúdentar sér vel.

Líkt og síðustu fjögur starfsár hefur SHA haft þjónustusamning

við Stúdentaráð Háskóla Íslands um lánasjóðsfulltrúa SHÍ, en fulltrúinn þjónustar stúdenta HA og annarra opinberra háskóla landsins. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi farsælt samstarf.

Mikið hefur verið lagt upp úr öflugri og góðri þátttöku SHA í starfsemi LÍS og hefur það skilað stúdentaráði miklu hvað varðar hagsmunabaráttu stúdenta. Stúdentafélag HA hefur verið aðili að yfirlýsingum LÍS og lagt sig fram um það að rödd stúdenta HA gleymist ekki enda er gríðarlega mikilvægt að taka pláss í umræðunni.



Stúdentaráð 2024-2025.

FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA Á AKUREYRI – FÉSTA



Félagsstofnun stúdenta Akureyri er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir stúdentar við HA og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka stúdentaíbúðir og annast aðra þjónustu við stúdentar. Sérstakar reglur gilda um úthlutun stúdentahúsnæðis. Umsóknarfrestur fyrir vetrarvist er til 20. júní ár hvert.

Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:

Skarðshlíð 46, með 22 herbergjum og 6 íbúðum
sem teknar voru í notkun 1989

Klettastíg 2-4-6, með 12 herbergjum og 18 íbúðum
sem teknar voru í notkun 1993 – 1994

Drekagil 21, þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2000

Tröllagil 29, með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum
sem teknar voru í notkun í september 2004

Kjalarsíðu 1A/B, með 40 íbúðum
sem teknar voru í notkun í ágúst 2008

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta er Jóhannes Baldur Guðmundsson.

Stjórn FÉSTA skipuðu:

Halla Margrét Tryggvadóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar

Hólmar Svansson, fulltrúi Háskólaráðs
Háskólans á Akureyri

Helga María Pétursdóttir, fulltrúi Háskólaráðs Háskólans á
Akureyri

Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir, stúdent, skipaður af
Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri

Bryndís Eva Stefánsdóttir, stúdent, skipaður af
Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri

Vefsíða FÉSTA www.festaha.is

Tölvupóstur: festa@unak.is



SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Símenntun Háskólans á Akureyri er ætlað það meginhlutverk að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi með þarfir viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi.

Símenntun nýtur ekki opinberra fjárveitinga sem gerir þær kröfur að starfsemin standi undir útlögðum kostnaði og taki tillit til samkeppnislaga. Þjónusta sem lýtur að húsnæði og fjárhagslegum rekstri Símenntunar er keypt af viðkomandi einingum Háskólaskrifstofu HA.

Í nóvember hóf Helga Einarsdóttir störf sem verkefnastjóri styttri námskeiða. Er hún í hálfu starfi hjá Símenntun en hálfu hjá RHA á móti.

Samstarf Háskólans á Akureyri við University of The Highlands and Islands – UHI í Skotlandi, sem hófst vorið 2020, hélt áfram. Það gerir nemendum kleift að stunda MBA-nám við UHI í fjarnámi. Námið er vottað af The Quality Assurance Agency for

Higher Education – QAA í Bretlandi. Það felur í sér sex námskeið og ritgerð og fá nemendur tæknilega aðstoð og almenna handleiðslu þegar við á hjá Símenntun HA. Í haust brautskráðist þriðji hópurinn frá UHI sem fór í námið í gegnum Símenntun og áttum við m.a. nemanda sem fékk heiðursverðlaun fyrir besta rannsóknarverkefnið í útskriftarárganginum. Samningar náðust um fleiri námsbrautir og stefnt er að því að haustið 2025 bætist við meistaragráða í verkfræði sem og meistaragráða í sjálfbærni frá sama skóla.

Áfram býður Símenntun fyrirtækjum og stofnunum að setja upp og halda sérsniðin námskeið í fjarkennslu með aðgengi að Zoom og Canvas. Árið 2023 hófst samstarf Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á hýsingu náms slökkviliðsmanna og á árinu 2024 bættist við nám merkjalýsenda frá sömu stofnun. Samstarfið hefur heilt yfir gengið ágætlega. Óvíst er þó með framhaldið.



SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Samstarf við heyrna- og talmeinafstöðina og háskólann í Örebro í Svíþjóð hélt áfram að þróa. Á árinu 2023 var lagður grunnur að samstarfi um BSc í heyrnafræði frá þessum samstarfsaðilum og skrifað var undir samning við Heilbrigðisráðuneytið í upphafi árs 2024. Samstarf við það ráðuneyti hefur aukið áhuga sérgreina á samstarfi við Símenntun og verið er að vinna að nokkrum slíkum. Námið í heyrnafræði fór ekki hnökralaust af stað vegna kerfisvillu í miðlægu umsóknargáttinni í Svíþjóð. Unnið er að því að slík mistök endurtaki sig ekki.

Frá árinu 2017 hefur Símenntun, fyrir hönd háskólans, annast rekstur stjórnendánáms sem þróað er af Starfsmenntasjóði Samtaka atvinnulífsins og Sambandi stjórnendafélaga. Námið er á þriðja og fjórða hæfniprepi íslenska hæfnirammans um menntun og námslok, og er það metið til 30 ECTS-eininga. Um er að ræða 100% fjarnám og skiptist það í fimm lotur sem nemendur stunda þar sem þeir kjósa, en öll kennsla og námsefni er á vefsvæðinu Canvas.

Samstarfið hefur gengið vel og stefnt er að áframhaldandi samstarfi hvað það nám varðar.

Leiðsögunámið fór af stað í upphafi árs 2023 eftir þriggja ára hlé og voru 20 nemendur skráðir. Námið er sett fram með breyttu sniði í þetta skipti en áhersla á fjarnám hefur aukist gríðarlega. Fyrirlestrar eru teknir upp fyrir fram og unnið er í þremur námslotum yfir misseri í húsakynnum háskólans. Með þessu vonumst við til að fólk geti sótt námið, óháð búsetu. 11 nemendur útskrifuðust þann 4. maí við hátíðlega athöfn. Skráning í næstu keyrslu af náminu fór af stað um sumarið og

að endingu voru 16 nemendur skráðir til leiks, sem hefja því nám þann 9. janúar 2025.

Vitt svið minni námskeiða voru haldin af Símenntun árið 2024. Námskeiðin voru jafn mismunandi og þau voru mörg og aðsókn jókst talsvert frá árinu áður og sló í raun fyrri met. Útlit er fyrir að 2025 verði enn betra svo lengi sem ytri aðstæður verða okkur ekki óhagstæðar.

Símenntun hefur haldið áfram að efla samstarf við svið skólans og í dag eru fjögur svið með samstarfssamning við Símenntun Háskólans á Akureyri. Vonir standa til að fjölga sviðum á þessu ári.

Símenntun hefur aukið umsvif sín til muna í erlendum verkefnum. Frá árinu 2021 hefur Símenntun tekið þátt í BlendVet verkefninu, sem er styrkt af uppbyggingarsjóði EFTA í samstarfi við skóla í Slóveníu og Noregi. Því verkefni lauk með heimsókn samstarfsaðila hingað til Akureyrar á vormánuðum 2024. Eins hefur Símenntun verið hluti af tveimur Erasmus+ verkefnum, Green og Dante, sem lauk einnig sumarið 2024.

Símenntun, ásamt KHA, leiðir nú eitt verkefni sem fékkst samþykkt 2023, REACT verkefnið, styrkt af Erasmus+, ásamt því að vera þátttakandi í verkefninu ET-Case sem einnig er styrkt af Erasmus+. Síðsumars árið 2024 var Símenntun og KHA úthlutað öðru verkefni, SILWER, til að leiða og áætlað er að því ljúki árið 2026.

Við Símenntun eru tvö full stöðugildi og tvö 50% stöðugildi. Símenntunarstjóri er Stefán Guðnason.

SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SJÁ-HA

Hlutverk Sjávarútvegsmiðstöðvar Háskólans á Akureyri er að efla tengsl háskólamenntunar við íslenskt atvinnulíf á sviði sjávarútvegs og stoðgreina hans og stuðla að rannsóknum og nýsköpun, atvinnugreininni til framdráttar, í samstarfi við erlenda og innlenda sérfræðinga, stofnanir og fyrirtæki. Hlutverk hennar er enn fremur að stuðla að kynningu íslensks sjávarútvegs og stoðgreina hans á lægri skólastigum og meðal almennings. Sjávarútvegsmiðstöðin heyrir undir Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið háskólans.

Sjávarútvegsmiðstöðin þarf alfarið að standa undir sér hvað varðar rekstur. Árið 2024 kom um 72% af tekjum miðstöðvarinnar frá fyrirtækjum í sjávarútvegi og fiskeldi og velti miðstöðin um það bil 30.000.000 kr. Matvælaráðuneytið fjármagnar reksturinn að hluta samkvæmt samningi þar um en einnig kom fjármagn úr samkeppnissjóðum.

Starfsemi SJÁ-HA á árinu 2024 var með svipuðu sniði og árið 2023. Eitt af verkefnum miðstöðvarinnar var rekstur Sjávarútvegsskóla unga fólksins sem nær til allra landshluta. Hann er ætlaður grunnskólanemendum á aldrinum 13-16 ára. Tilgangur Sjávarútvegsskólans er að kynna ungu fólki möguleika sjávarútvegs og tengdra greina sem framtíðarvinnustaðar. Kennarar

við skólann eru aðallega stúdentar í sjávarútvegsfræði og líftækni við Háskólann á Akureyri, ýmist brautskráðir eða enn í námi.

Starfsemin er svæðisbundin og skólinn er haldinn á þéttbýlisstöðum víðs vegar um landið. Aðalstyrktaraðilar eru fyrirtæki í sjávarútvegi og tengdum greinum sem og viðkomandi sveitarfélög og bæjarfélög og er skólinn starfræktur í nánú samstarfi við vinnuskóla á hverjum stað. Nemendur Sjávarútvegsskólans árið 2024 voru 312.

Fiskeldisskóli unga fólksins var einnig starfræktur í þriðja sinn á árinu og voru nemendur 38 og kennt var á Húsavík og í Þorlákshöfn í fyrsta skipti á báðum stöðum. Skólinn er með svipuðu sniði og Sjávarútvegsskóli unga fólksins að öðru leyti en því að lögð er áhersla á fiskeldi og tengdar greinar. Forstöðumaður SJÁ-HA annast skipulagningu Sjávarútvegsskólans og Fiskeldisskólans og hefur alla umsjón með framkvæmd.

Samanlagður nemendafjöldi beggja skólanna er samtals 350 ungmennti.

Haldið var áfram vinnu við verkefnið BRIDGES CoVE, sem er samstarf fjögurra landa um úttekt á námi í fiskeldi og gerð



SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SJÁ-HA

tillagna að skipulagi náms fyrir framtíðarstarfsmenn fiskeldisstöðva. Verkefnið hlaut veglegan styrk frá Erasmus+ árið 2020 og lauk því í október 2024.

Samstarfslöndin eru Noregur, Svíþjóð, Finnland og Ísland og stendur verkefnið yfir í fjögur ár. Af hálfu Íslands taka þátt í því, auk Háskólans á Akureyri, Háskólinn á Hólum, Fisktækniskóli Íslands og Arnarlax ehf. Árið 2022 var ráðinn verkefnisstjóri að verkefninu í hálf starf en auk hans komu einn starfsmaður Auðlindadeildar HA og forstöðumaður að verkefninu á árinu 2024. Haldinn var verkefnisfundur í Svíþjóð í maí og kom hópurinn saman og hittist á ráðstefnu í Frakklandi í september. Lokafundur verkefnisins var haldinn í Þrándheimi í Noregi seinni partinn í október. SJÁ-HA er þátttakandi og heldur utan um verkefnið af hálfu Háskólans á Akureyri.

Gerður var samningur við matvælaráðuneytið og greiddi ráðuneytið kr. 7.000.000 til Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar árið 2024. Ekki var gerð krafa um vinnslu á sérverkefni heldur rann styrkurinn beint inn á rekstur miðstöðvarinnar.

Forstöðumaður SJÁ-HA annaðist bókhald fyrir félagið Konur í sjávarútvegi á árinu 2024 eins og árin á undan. Sú vinna og vinnuástaða er stuðningur miðstöðvarinnar við félagið.

Nánar um sjávarútvegsskóla unga fólksins á árinu 2024

Sjávarútvegsskóli unga fólksins á Austurlandi fór fram á Vopnafirði og Fáskrúðsfirði, í Neskaupstað, á Eskifirði og á Seyðisfirði. Nemendur voru 57 talsins.

Aðalstyrktaraðilar voru Síldarvinnslan hf., Brim hf., Loðnuvinnslan hf. og Eskja hf. en auk þess styrktu skólann sveitarfélagið Múlaþing, Hafnarsjóður Fjarðabyggðar, Vopnafjarðarhreppur og Egersund ehf. Þá komu björgunarsveitir byggðarlaganna að verkefninu.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins á Norðurlandi fór fram á Akureyri, Dalvík, Grenivík og í Fjallabyggð. Nemendur voru samtals 145. Aðalstyrktaraðili var Samherji hf. en auk þess styrktu eftirtaldir aðilar skólann; Kælismiðjan Frost ehf., Gjögur hf., Sæplast Iceland ehf., Frosti ehf.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins í Reykjavík var haldinn í fimmta sinn sumarið 2024. Nemendur voru 53 talsins. Aðalstyrktar-

aðilar voru Brim hf., Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. og Iceland Seafood ehf.

Einnig veittu Marel Iceland ehf., Faxaflóahafnir sf. og Samhentir kassagerð ehf. styrki til skólans.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins á Sauðárkróki var kenndur í fjórða sinn sumarið 2024 með 4 nemendur. Styrktaraðilar voru FISK- Seafood ehf., Dögun ehf. og Fiskmarkaður Snæfellsbæjar ehf.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins var í þriðja sinn kenndur á Ísafirði sumarið 2024. Nemendur voru samtals 27. Aðalstyrktaraðilar voru Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., Fiskvinnslan Íslandssaga ehf., Háafell ehf., Klofingur ehf. og Arctic Fish ehf.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins var kenndur í annað sinn árið 2024 í Snæfellsbæ. Nemendur voru samtals 14. Kostnaður skólans var alfarið greiddur af sveitarfélaginu Snæfellsbæ.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins var kenndur í fyrsta sinn á Höfn sumarið 2024. Nemendur voru samtals 12. Aðalstyrktaraðilar voru Skinney Þinganes hf. og Sigurður Ólafsson ehf.

Nánar um fiskeldisskóla unga fólksins á árinu 2024

Fiskeldisskóli unga fólksins fór fram á Húsavík og Þorlákshöfn sumarið 2024 og var að hluta til kennt samkvæmt hugmyndum BRIDGES CoVE verkefnisins. Blandað var saman kennslufni úr Sjávarútvegsskólanum og Fiskeldisskólanum. Nemendur voru samtals 38. Kennt var á Húsavík og farið í vettvangsferð í Silfurstjörnuna og Rifós í Kelduhverfi. Í Þorlákshöfn var kennt í grunnskólanum á staðnum og farið í vettvangsferð m.a. í First water ehf og Íspór ehf. sem er dótturfyrirtæki Arnarlax.

Starfsfólk

Eitt og hálf stöðugildi er við Sjávarútvegsmiðstöðina, þ.e. starf forstöðumanns, Guðrúnar Arndísar Jónsdóttur og Lilju Gísladóttur sem ráðin var í hálf starf við BRIDGES CoVE verkefnið á árinu 2022.

Sex nemendur í sjávarútvegsfræði og líftækni við HA, ýmist enn í námi eða brautskráðir, voru ráðnir tímabundið við Fiskeldis- og Sjávarútvegsskóla unga fólksins.

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

Rannsóknamiðstöð ferðamála er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu. RMF sinnir viðfangsefnum á sviði ferðamálarannsókna í tengslum við atvinnulíf og innlenda sem erlenda háskóla. Aðalskrifstofa RMF er við Háskólann á Akureyri en frá árinu 2012 hefur RMF einnig haft skrifstofu við Háskóla Íslands.

Meginstarfsemi RMF á árinu fólst í gagnasöfnun, úrvinnslu og skýrsluskrifum. RMF kom að fjölmörgum rannsóknarverkefnum og tók þátt í samstarfi innlendra og erlendra rannsakenda á ýmsum sviðum. Rannsóknarefni voru fjölbreytt að vanda en sem dæmi má nefna rannsóknir á akstursferðamennsku, viðhorfum heimamanna til ferðaþjónustu, landamærakönnun meðal farþega á Akureyrarflugvelli og áhrif virkjanafurkvæmda á ferðaþjónustu og útivist. RMF leiðir þar að auki UPLIFT, nýtt Erasmus+ verkefni, fyrir hönd Háskólans á Akureyri sem snýr að stafrænum lausnum og nýsköpun innan bókmennta- og kvikmyndaferðaþjónustu.

Starfsmenn rannsóknamiðstöðvarinnar voru iðnir við að miðla rannsóknum sínum á hinum ýmsu ráðstefnum og málstofum á árinu. RMF stóð fyrir málstofu á Nordic Symposium on Hospitality and Tourism Research, sem haldin var í Noregi, um akstursferðamennsku og á Þjóðarspegli 2024 í Háskóla Íslands, um frumkvöðlastarfsemi í ferðaþjónustu. Þar að auki stóðu RMF og Ferðamálastofa að málþingi um viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu á Grand Hôtel, Reykjavík og í samstarfi við 10 norræna háskóla og rannsóknarstofnanir stóð RMF að námskeiði á netinu um ábyrga ferðaþjónustu.

RMF hafði aðkomu að tveimur bókum sem komu út á árinu. „Tourism Entrepreneurship: Knowledge and Challenges for a Sustainable Future“, útgefin af Springer Palgrave, sem snýr að frumkvöðlastarfsemi í ferðaþjónustu og „Responsible Tourism Best Practices in the Nordic Countries“, gefin út af JAMK háskólanum í Finnlandi, þar sem kynnt eru fjölbreytt dæmi um leiðir til að nálgast ábyrga ferðaþjónustu. Að lokum má nefna að fyrsta greinin í tímaritinu „Ferðamál á norðurlöðum“ (FerNor) sem RMF gefur út var birt í maí. Greinin ber titilinn „Tales from the Frontier of sustainable global connectivity: A typology of Arctic tourism workers“. Í greininni er fjallað um rannsókn sem gerð var meðal starfsfólks í ferðaþjónustu á Íslandi, í Noregi og Kanada. Líkt og við á um allar útgáfur

FerNor tímaritsins, er greinin í opnum aðgangi og má nálgast hana hér: www.arctictourism.is.

Starfsfólk RMF á árinu 2024:

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður
Ása Marta Sveinsdóttir sérfræðingur
Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur
Íris Hrund Halldórsdóttir sérfræðingur
Vera Vilhjálmisdóttir sérfræðingur
Þórný Barðadóttir sérfræðingur
Irene Carbone, starfsnemmi

Í árslok 2024 sátu í stjórn

Rannsóknamiðstöðvar ferðamála:

Þórhallur Örn Guðlaugsson, frá Háskóla Íslands, formaður stjórnar
Rannveig Ólafsdóttir, frá Háskóla Íslands
Bragi Guðmundsson, frá Háskólanum á Akureyri
Hafðís Björg Hjálmarsdóttir, frá Háskólanum á Akureyri
Ingibjörg Sigurðardóttir, frá Háskólanum á Hólum
Unnur Svavarsdóttir, frá Samtökum ferðaþjónustunnar
Heiðrún Erika Guðmundsdóttir, frá Ferðamálastofu.

Aðalfundur stjórnar RMF var haldinn 3. september í Háskóla Íslands. Auk stjórnar sátu fundinn Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF, Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Vera Vilhjálmisdóttir, sérfræðingar RMF.

Fyrir fundinn heimsóttu stjórn og starfsfólk Jón Atla Benediktsson rektor HÍ og Ingibjörgu Gunnarsdóttur aðstoðarrektor vísinda og ræddu við þau um hlutverk RMF og háskólanna í þróun og rannsóknum í ferðamálum. Að heimsókn lokinni var gengið yfir í Gimli þar sem Inga Hlín Pálsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, hélt erindi um áskoranir, sýn og stefnu markaðsstofunnar í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Gunnar Þór Jóhannesson, prófessor í ferðamálafræði við HÍ, fylgdi á eftir með umfjöllun um framtíð rannsókna í ferðamálafræði og samstarf háskólanna og RMF.

Því næst hófst sjálfur aðalfundurinn sem var með hefðbundnu sniði. Tvær breytingar urðu í stjórn. Samtök ferðaþjónustunnar tilnefndu Unni Svavarsdóttur, eiganda GoNorth, í stjórn og Heiðrún Erika Guðmundsdóttir, forstöðumaður rannsókna og þekkingar hjá Ferðamálastofu, tók sæti í stjórn fyrir Ferðamálastofu.

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



Rannsóknaverkefni ársins

Verkefni	Verkefnastjórar
<i>Akstursferðamennska um fáfarnar slóðir</i>	Þórný Barðadóttir
<i>Ábyrg eyjaferðapjónusta</i>	Ása Marta Sveinsdóttir og Laufey Haraldsdóttir (Hólaskóli)
<i>Áhrif framkvæmda við Hverahlíð II og Meitla á ferðapjónustu og útivist</i>	Vera Vilhjálmisdóttir og Hjalti Jóhannesson (RHA)
<i>Áhrif orkuvinnslu á upplifun ferðamanna á Blöndu- og Þjórsársvæðum</i>	Íris Hrund Halldórsdóttir og Þórný Barðadóttir
<i>Er ferðapjónusta málið? Greining á hlutverki Vegagerðarinnar í sjálfbærri uppbyggingu áfangastaða og ferðamannaleiða á Íslandi</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Ása Marta Sveinsdóttir
<i>Heimafólk og ferðamannaleiðir. Aðkoma og sýn heimamanna við uppbyggingu ferðamannaleiða</i>	Þórný Barðadóttir
<i>Landamærakönnun á Akureyrarflugvelli</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir
<i>Samfélagsleg áhrif millilandaflugs frá Akureyri</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir
<i>UPLIFT: Tækifæri í bókmennta- og kvikmyndaferðapjónustu leyst úr læðingi</i>	Vera Vilhjálmisdóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
<i>Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðapjónustu</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir
<i>We Lead: Leiðtogaþæfni kvenna í ferðapjónustu</i>	Vera Vilhjálmisdóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Nánari lýsingar á verkefnunum er að finna í ársskýrslu á vef RMF www.rmfi.is.

Þar getur enn fremur að líta yfirlit yfir útgefið efni, fyrirlestra, erindi, ráðstefnur, málþing o.fl.

EITT OG ANNAÐ



**Háskólinn á Akureyri þátttakandi í 12 verkefnum
sem hlutu stuðning frá Samstarfi háskóla**

Nítján verkefni hlutu stuðning úr þriðju úthlutun Samstarfs háskóla þann 16. desember 2024. Háskólinn á Akureyri var þátttakandi í 12 af þeim verkefnum.

Opinn dagur í HA



Opinn dagur var haldinn í Háskólanum á Akureyri á 6. nóvember. Þar gefst gestum og gangandi tækifæri á að kynna sér námsúrvalið í grunnnámi, og stúdentar og starfsfólk svara öllum helstu spurningum um lífið í HA.

EITT OG ANNAÐ



Tuttugu og fjórir kándíðatar brautskrást 15. október 2024

Í október brautskráðust 24 kándíðatar af tveimur fræðasviðum Háskólans á Akureyri. Þar af 6 úr grunnnámi og 18 úr framhaldsnámi. Eins og venja er verður þeim fagnað á næstu Vetrarbrautskráningu í febrúar.



Íþróttasálfræði nýtt kjörsvið í rannsóknartengdu meistaranámi í sálfræði

Í fyrsta skipti var boðið upp á íþróttasálfræði nýtt kjörsvið í rannsóknartengdu meistaranámi í sálfræði. Námið er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Háskólans í Reykjavík og er það fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.



Símenntun og KHA hljóta 60 milljón króna styrk

Símenntun Háskólans á Akureyri og Kennslu- og upplýsingatæknimiðstöð Háskólans á Akureyri (KHA) hlutu á styrk frá Erasmus+ styrkjaáætlun Evrópusambandsins fyrir mennta-, æskulýðs- og íþróttamál að upphæð 400.000 evra. Titill verkefnisins er Seniors Artificial Intelligence Learning – Well Educated and Risk Secure og snýr að því að kenna fólki á þriðja æviskeiðinu hvernig nota skal gervigreind, ásamt því hverju skuli gæta sín á hvað varðar blekkingavef Internetsins. Hugmyndin að verkefninu kviknaði í kjölfar netárásar sem háskólinn lenti í í byrjun ársins 2023. Meðan unnið var úr eftirmálum þeirrar árásar hóf KHA samstarf við fyrirtækið SecureIT og í samtölum kom í ljós hversu mikilvægt netöryggi er orðið í nútímasamfélagi.

EITT OG ANNAÐ



Vísindaskóli unga fólksins var haldinn í tíunda sinn

Vísindaskóli unga fólksins var haldinn í tíunda sinn á þessu sumri. Aðsóknin var meiri en nokkru sinni fyrr. Í Vísindaskólanum kynnst nemendur ýmsum fræðum og taka þemu Vísindaskólans mið af því sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni. Vísindaskóli unga fólksins býður alltaf upp á fimm ólík þemu og skólinn er frá klukkan níu að morgni til klukkan þrjú síðdegis og stendur yfir í fimm daga. Þemu skólans í ár voru: Forritun og gervigreind, Svefn, næring og æfing, Hvernig tengjast jarðskjálftar eldgosum? Fiskur undir steini og Glitrandi stjörnur, veður og vindar.

Starfsfólk heiðrað á ársfundi

Ársfundur Háskólans á Akureyri fyrir starfsárið 2023 fór fram 30. maí 2024. Þar fór fram hefðbundin dagskrá þar sem farið var yfir ársreikning háskólans og rýnt var í starfsárið. Þá fór Eyjólfur Guðmundsson rektor yfir stöðu háskólans, stefnur og horfur. Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor við Kennaradeild, og Kristín Þórarinsdóttir, dósent við Framhaldsnámsdeild í heilbrigðisvísindum voru með örkynningar á rannsóknum og í lok ársfundar heiðraði rektor starfsfólk við starfslok með gullmerki háskólans. Bragi Guðmundsson, prófessor við Kennaradeild, Hjörleifur Einarsson, prófessor við Auðlindadeild, og Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild voru heiðruð á þessum fundi.



Háskólinn á Akureyri og Drift EA sameina krafta sína

Háskólinn á Akureyri og Drift EA sameina krafta sína til að efla frumkvöðlastarf og nýsköpun. Starfsfólk og stúdentar HA sem taka þátt í verkefnum Driftar EA munu hafa aðgang að aðstöðu í Messanum sem er frumkvöðlarymi í húsnæði Driftar EA. Einnig var ráðinn verkefnastjóri í fullt starf hjá HA sem verður tengiliður skólans og Driftar EA.

EITT OG ANNAÐ



Stefán B. Sigurðsson og Margrét Tómasdóttir hlutu fálkaorðuna

Forseti Íslands sæmdi sextán Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum þann 17. júní 2024. Tvö af þeim sem hlutu riddarakrossinn eru fyrrverandi starfskraftar við skólann, Stefán B. Sigurðsson, fyrrverandi rektor, fyrir störf í þágu menntunar, vísinda og félagsmála og Margrét Tómasdóttir fyrir störf í þágu skátahreyfingarinnar.



Áslaug Ásgeirsdóttir skipuð sem rektor Háskólans á Akureyri

Dr. Áslaug Ásgeirsdóttir var skipuð sem rektor Háskólans á Akureyri frá og með 1. júlí. Skipan Áslaugar var samkvæmt ákvörðun Háskólaráðs frá 2. apríl 2024 um að tilnefna hana sem næsta rektor skólans. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra samþykkti tillöguna og tók Áslaug við rektorsstöðunni 1. júlí 2024. Skipað er til fimm ára.

JAFNRÉTTISDAGAR EQUALITY DAYS

Jafnréttisdagar Háskólans á Akureyri

Dagana 12. - 15. febrúar voru Jafnréttisdagar haldnir í öllum háskólum landsins. Þema Jafnréttisdaga í ár var inngilding, jaðarsetning og aðför að mannréttindum. Fjölmargir spennandi viðburðir voru í boði í streymi og í háskólum. Háskólinn á Akureyri tók venju samkvæmt virkan þátt í dögnum og var dagskráin öllum opin. Þar að auki opnaði vefurinn jafnrettisdagar.is. Vefsíðan er verkfæri í miðlun efnis og stuðningur við samfélagsumræðu á mikilvægum tímum mannréttinda.



Nýtt nám um ráðgjöf fyrir fólk með heilabilun

Ný námsleið var kynnt á dögnum, sem framhaldsnám á meistarastigi í hjúkrunarfræðideild Háskólans á Akureyri, sem kallast „Ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun“. Námið er þverfræðilegt í samstarfi við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands.

EITT OG ANNAÐ



Ómetanleg tengslamyndun og baráttuandi á kvennanefndarfundi Sameinuðu þjóðanna

Fulltrúar jafnréttisráðs HA sóttu 68. þing Kvennanefndarfundar Sameinuðu þjóðanna sem er stærsta árlega samkoma þeirra um jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna.

Fjórar nýjar námsleiðir sem samtvinna íslenskunám og aðrar greinar

Frá og með haustinu 2024 býður Háskólinn á Akureyri í samstarfi við Háskóla Íslands, upp á fjórar nýjar námsleiðir fyrir fólk með annað móðurmál en íslensku, fjölmiðlafræði, nútímafræði, félagsfræði og leikskólafræði. Námið er ætlað nemendum með íslensku sem annað tungumál til að auðvelda þeim að komast inn í nám sem annars er kennt að mestu leyti á íslensku. Á fyrsta árinu fylgir reglubundnu BA/B.Ed.-námi öflugt námskeið í íslensku sem öðru tungumáli á vegum Háskóla Íslands.

Háskólanám í heyrnarfræðum í fyrsta sinn hér á landi



Í lok febrúar skrifaði Stefán Guðnason, forstöðumaður Símenntunar Háskólans á Akureyri undir samning ásamt Heyrnar- og talmeinastöð Íslands (HTÍ) og Háskólanum í Örebro í Svíþjóð sem gerir kleift að bjóða upp á háskólanám í heyrnarfræðum í fyrsta sinn hér á landi. Willum Þór Þórsson,

heilbrigðisráðherra segir samninginn marka tímamót: „Það hefur verið skortur á sérþjálfuðum heyrnarfræðingum hér á landi. Nú má vænta þess að þeim fjölgi á næstu árum og að hægt verði að stórbæta þjónustu við fólk með heyrnarskerðingu hér á landi.“

EITT OG ANNAÐ



Landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta — „Tilgangur háskólamenntunar“

Það var kraftur í stúdentum þegar Landsþing LÍS - Landssamtaka íslenskra stúdenta fór fram í Landbúnaðarháskóla Íslands dagana 7. til 10. mars. Á Landsþingi LÍS koma saman um 50 stúdentar frá aðildarfélögum LÍS úr öllum háskólum landsins, sem og fulltrúar frá Sambandi íslenskra

námsmanna erlendis. Landsþingið er stærsti samráðsvettvangur stúdenta á Íslandi og þar gefst færi á að skiptast á skoðunum, rökræða og fá innsýn í baráttumál stúdenta á öðrum sviðum.

Áfanga hátt í 100 kándídata fagnað á Vetrarbrautskráningarathöfn

Laugardaginn 17. febrúar fór í annað skiptið fram Vetrarbrautskráningarathöfn Háskólans á Akureyri. Athöfnin var ætluð kándídotum sem fengu brautskráningarskrírteini sín í október 2023 og þeim sem brautskráðust 17. febrúar síðastliðinn. Alls brautskráðust 89 kándídatar af tveimur fræðasviðum í október og febrúar. Af þeim brautskráðust 19 kándídatar frá Háskólasetri Vestfjarða og var þeim boðið á hátíðlega athöfn á Hrafnseyri þann 17. júní 2024.



Uppbygging færni- og hermiseturs stóreflir kennslu í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, og Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, hafa undirritað samkomulag um fjárveitingu til að hefja undirbúning og uppbyggingu húsnæðis sem hýsir færni- og hermiseturs við Háskólann á Akureyri. Fjárveitingin er 200 m.kr. og styður hún við markmið skólans um stúdentaþögn og sérstaklega stúdenta í hjúkrunarfræði. Vonir standa til að nýtt færni- og hermisetur taki til starfa haustið 2026.

EITT OG ANNAÐ



Úthlutun úr samstarfssjóði háskólanna

Háskólinn á Akureyri (HA) var þátttakandi í 21 af þeim verkefnum sem fengu úthlutað úr samstarfssjóði háskólanna. Í janúar 2024 var veitt úr sjóðnum í annað skiptið og hafa nú mörg verkefni sem lengi hafa beðið eftir að komast af stað fengið það brautargengi sem þarf.

Háskólinn á Akureyri þátttakandi í Sjávarútvegsskóla GRÓ

Háskólinn á Akureyri hefur verið virkur þátttakandi í Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna frá upphafi hans árið 1998. Skólinn er nú nefndur Sjávarútvegsskóli GRÓ, eftir að hann var fluttur undir merkjum UNESCO, Mennta- og vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. GRÓ er mikilvægur þáttur í alþjóðasamstarfinu og eflir tengslanet HA um allan heim




Dr. Romain Francois R Chuffart nýr Nansen prófessor

Tekur stöðu gestaprófessors í heimskautafræði við Háskólann á Akureyri

Dr. Romain Francois R Chuffart gegnir stöðu forstöðumanns og framkvæmdastjóra Arctic Institute- Centre for Circupolar Security Studies (TAI) sem er opinber hugveita sem upplýsir um stefnumótun á Norðurslóðum. Auk þess hefur hann gengt stöðu aðjúnks í heimskautarétti við Lagadeild HA á þessu skólaári.

ÁRSREIKNINGUR 2024

Skipting kostnaðar



Gjöld 2024:

		þús.kr.
Laun og launatengd gjöld	66,3%	3.553.703
Framlög og tilfærslur	3,8%	204.745
Annar rekstrarkostnaður	29,0%	1.555.135
Afskriftir	0,8%	45.447
Samtals	100%	5.359.030

Yfirlit um afkomu ársins 2024

Tekjur 2024:

	2024	2023
Tekjufærsla fjárveitinga	4.106.200.000	3.739.200.000
Aðrar tekjur	223.686.752	218.073.966
Seld þjónusta	372.158.984	365.884.615
Framlög og ýmsar tekjur	597.790.207	408.251.930
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	45.447.265	45.968.168
Tekjur samtals	5.345.283.208	4.777.378.679

Gjöld 2024:


Laun og launatengd gjöld	3.553.702.696	3.251.106.967
Framlög og tilfærslur	204.745.195	184.249.005
Annar rekstrarkostnaður	1.555.135.069	1.390.411.284
Afskriftir	45.447.265	45.968.168
	5.359.030.225	4.871.735.424
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	-13.747.017	-94.356.745

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	134.727	892.397
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	(137.684)	(990.174)
	(2.957)	(97.777)
Afkoma ársins	-13.749.974	-94.454.522

ÁRSREIKNINGUR 2024

Skipting tekna



Tekjur 2024

		þús.kr.
Tekjufærsla fjárveitinga	76,8%	4.106.200
Innritunargjöld	4,2%	223.687
Seld þjónusta	7,0%	372.159
Framlög og ýmsar tekjur	11,2%	597.790
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	0,9%	45.447
100%		5.345.283

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Áhöld og búnaður

Farartæki og vélar

Aðrar eignir

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Eignarhlutar í öðrum félögum

Fastafjármunir samtals

Veltufjármunir

Viðskiptakröfur

Tengdir aðilar

Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Handbært fé

Veltufjármunir samtals

Eignir samtals

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Hrein eign

Eigið fé samtals

Skuldir

Tengdir aðilar

Viðskiptaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir

Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda

Skuldir samtals

Eigið fé og skuldir samtals

31/12/2024

31/12/2023

151.035.177

3.701.321

1.245.867

155.982.365

3.031.600

159.013.965

31.407.604

507.764.084

22.064.126

144.753.760

705.989.572

865.003.537

145.569.719

145.569.719

97.160.812

33.809.660

371.447.593

217.015.753

719.433.818

719.433.818

865.003.537

151.675.619

756.250

8.076

152.439.945

3.031.600

155.471.545

18.077.648

677.445.044

53.684.119

32.710.326

782.130.548

937.602.093

159.319.693

159.319.693

36.231.626

38.532.310

486.055.446

217.463.018

778.282.400

778.282.400

937.602.093

VETRARBRAUTSKRÁNING 2024

Laugardaginn 17. febrúar fór í annað skiptið fram Vetrarbrautskráningarathöfn Háskólans á Akureyri. Athöfnin var ætluð kándídötum sem fengu brautskráningarskírteini sín í október 2023 og þeim sem brautskráðust 17. febrúar. Alls brautskráðust 89 kándídatar af tveimur fræðasviðum í október og febrúar. Af þeim brautskráðust 19 kándídatar frá Háskólasetri Vestfjarða og var þeim boðið á hátíðlega athöfn á Hrafnseyri þann 17. júní 2024.

Ávarp kándíats:

- Kristína Björk Arnórsdóttir, kándídat í Lagadeild

Viðurkenningu fyrir góðan námsárangur hlutu eftirtaldir:

Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið:

- *Grunnnám:* Áslaug Birna Bergsveinsdóttir, hæsta einkunn í grunnnámi við sviðið
- *Framhaldsnám:* Eva María Ingvadóttir, hæsta einkunn í framhaldsnámi við sviðið

Hug- og félagsvísindasvið:

- *Grunnnám:* Hólmfríður María Bjarnveig Önnudóttir Þorsteinsdóttir, hæsta meðaleinkunn í grunnnámi við sviðið
- *Framhaldsnám:* Inga Huld Sigurðardóttir, hæsta meðaleinkunn í framhaldsnámi við sviðið



Kándídatar að lokinni Vetrarbrautskráningarathöfn

VETRARBRAUTSKRÁNING 2024



Sólveig María Árnadóttir stýrði athöfninni.



Kristína Björk kandidat í Lagadeild flutti ávarp.



VETRARBRAUTSKRÁNING 2024



ÁVARP AÐSTOÐARREKTORS Á VETRARBRAUTSKRÁNINGARATHÖFN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI, 17. FEBRÚAR 2024

Kæru kándídatar, háskólafélk og aðrir góðir gestir

Það er mér mikill heiður að taka þátt í þessum degi með ykkur og fagna svo merkum áfanga í lífi ykkar.

Í dag brautskrást 56 kándídatar frá tveimur fræðasviðum og í október síðastliðnum brautskráðust 36 kándídatar. Við erum því hér í dag til að fagna þessum merka áfanga með hátt í 100 kándíðötum. Þetta er í annað skipti sem Háskólinn á Akureyri heldur vetrarbrautskráningarathöfn fyrir kándídata sem ljúka námi í október og febrúar og það er afar ánægjulegt að þið, kæru kándídatar, hafið séð ykkur fært að fagna með okkur í dag. Þetta er mikil gleðistund fyrir okkur öll, kándídata, fjölskyldur ykkar og vini, Góðvini og starfsfélk HA.

Frá því að Háskólinn á Akureyri var stofnaður hefur hann vaxið hratt. Námsframboð hefur aukist og stúdentum og starfsfélki hefur fjölgað. Hlutfallsleg fjölgun umsókna var t.d. hvað mest í Háskólanum á Akureyri fyrir yfirstandandi skólaár. Til gamans má geta að stúdentum HA hefur fjölgað um rúm

VETRARBRAUTSKRÁNING 2024

ÁVARP AÐSTOÐARREKTORS

60% á undanförunum áratug. Við höfum frá upphafi lagt áherslu á að hér ríki persónulegt og sterkt námssamfélag. Ég vona að það sé einmitt ykkar upplifun af háskólagöngu ykkar hér. Samfélagið og sú umgjörð sem það skapar breytist hratt og í dag er staðreyndin sú að stúdentar halda ansi mörgum boltum á lofti með fjölbreyttar áskoranir og áreiti úr öllum áttum. Við getum því með sannni sagt að í dag fögnum við þessum MERKA áfanga í lífi ykkar og gleðjumst yfir afrekum undanfarinna missera, jafnt stórum sem smáum, því sannarlega er vera ykkar hér í dag byggð á mörgum sigrum.

Þegar ég var að hugsa um hvað ég vildi segja við ykkur í dag velti ég mikið fyrir mér hvað, auk góðrar menntunar, færði okkur að stunda háskólanám.

Að stunda háskólanám getur nefnilega gefið okkur svo ótal margt. Það er kannski augljósast að með háskólanámi öðlumst við nýja þekkingu, færni og leikni á einhverju fagsviði sem við höfum ástríðu fyrir, eða í það minnsta höfum áhuga á. En veruleikinn er sá að við fáum tækifæri til svo margs annars á þessum tíma sem við erum í háskóla. Þegar ég hóf sjálf háskólanám fyrir um 35 árum síðan var háskólaumhverfið allt annað. Tölvueign var afar takmörkuð og internetið ekki til í hugum okkar flestra, hvað þá tölvupóstar eða samfélagsmiðlar. Það hljómar kannski eins og ég sé alveg við það að fara að dásama einhvern gamlan tíma í nostalgíukasti. En ég sver, það er ekki ætlunin. Á þessum tíma var tiltölulega auðvelt að skapa og viðhalda ákveðnu háskólasamfélagi þar sem allir stúdentar mættu í tíma á staðnum í rauntíma, áttu samtál, eða hlustuðu á áhugaverða fyrirlestra frá kennurum, enda fáir aðrir möguleikar til að fá nýni og samantekt á flóknu efni, ólíkt því sem á við í dag. Umhverfið gerði okkur auðveldara að kynnast, taka þátt og eiga samfélag með minna áreiti en þekkist í dag. Við sem tilheyrum háskólasamfélaginu í dag, bæði starfsfólk og stúdentar, ræðum oft þennan veruleika og þær áskoranir sem felast í því að viðhalda og næra það samfélag sem við myndum í sameiningu innan háskóla. Að við gefum okkur tíma til að kynnast, hlusta, ræða saman og rýna málin til gagns frá ólíkum sjónarhornum. Að við getum tekist á á uppbyggilegan hátt okkur öllum og samfélagi okkar til góða, án þess að festast í litlum búblum og skapa okkar eigin litlu bergmálshella. En af hverju skiptir þetta máli almennt? Þetta skiptir máli af því að við erum hluti af samfélagi og berum þá miklu ábyrgð að vera rödd í því samfélagi. Hvort sem það er háskólasamfélag, bæjarsamfélag, íslenskt samfélag í heild sinni, alþjóðasamfélagið eða bara hvaða samfélag sem við erum hluti af. Þá erum við ábyrg fyrir því samfélagi ásamt öllum hinum sem mynda það með okkur. Öll samfélög ganga í gegnum breytingar og flest þeirra stanslausar breytingar, misstórar þó. Ef við hugsum um undanfarin misseri, daginn í dag og nánustu framtíð, þá eru sannarlega stór og mikilvæg málefni sem við sem samfélag þurfum að takast á við. Ef ég á að segja alveg eins og er, þá finnst mér við ekkert alltaf vera til mikillar fyrirmyndar í því hvernig við nálgumst hvert annað og ræðum saman. Afmennskun og skautun í samfélaginu og umræðunni er eitthvað sem við höfum öll séð og bergmálshellarnir eru ríkjandi víða. Sem er svo langt frá því að vera til þess fallandi að leiða af sér farsæla þróun.

En þá kem ég aftur að ykkur, kæru kándídatar. Hvað hafið þið lært af veru ykkar hér við háskólann sem gerir ykkur færari í að vera raunverulegt afl sem getur breytt þessu mynstri? Mig langar að nefna nokkra þætti sem ég tel að eigi við um ykkur. Þið hafið tekið þátt í háskólasamfélagi sem byggir á fjölbreyttum aðferðum til náms og samskipta. Þið hafið fengið tækifæri til að hitta fólk í rauntíma og á staðnum þar sem þið hafið getað myndað tengsl og unnið með fólki að lausn verkefna. Þið hafið líka öðlast æfingu í að eiga í samskiptum við fólk uppi í skýjunum þar sem þið sjáið það stundum í rauntíma en stundum ekki og hafið þannig átt samtöl, rökræður og fundið lausnir við vandamálum með fólki

VETRARBRAUTSKRÁNING 2024

ÁVARP AÐSTOÐARREKTORS

sem þið sjáið ekki á skjánum beint fyrir framan ykkur. Þið hafið hlotið tækifæri til að öðlast færni í að eiga „góð“ samskipti við fólk í því fjölbreytilega umhverfi sem nútímasamfélag býður okkur upp á. Þar sem þið getið rýnt til gagns og leyst vandamál en fallið ekki í gildirur tvískautunar og upphrópana sem eiga það til að einkenna samskipti okkar í skjónum.

Þið brautskráist því héðan í dag - ekki eingöngu með ýtarlega þekkingu og þjálfun á ykkar fagsviði, sem mun verða ykkur og samfélaginu til góðs, hvort sem þið farið beint út á vinnumarkaðinn eða stefnið í áframhaldandi nám. Þið farið líka héðan með þekkingu og færni í því að taka þátt í uppbyggilegu samtali, að raunverulega hlusta á rödd annarra, að færa rök fyrir máli ykkar, og að byggja röksemdafærslu á gögnum og vísindalegri þekkingu. Og þetta, kæru kándídatar, gerir ykkur ómetanlega þátttakendur í nútímasamfélagi. Öll þau stóru málefni sem brenna á okkur sem samfélag hafa ekki farið fram hjá neinu okkar, og í dag langar mig að hvetja ykkur til þess að nota rödd ykkar og mennsku, nota þekkingu ykkar og hæfni til að vera þátttakendur í samtalinu og raunverulegt afl til breytinga.

Kæru kándídatar, takk fyrir að velja Háskólann á Akureyri. Okkar dyr standa ykkur áfram opnar, hvort sem það er til þess að stunda áframhaldandi nám, prófa eitthvað alveg nýtt, taka þátt í viðburðum eða störfum Góðvina. En sama hvert lífið leiðir ykkur hafið þið nú lokið gæðanámi og ég vona að þið finnið fyrir stolti yfir þessum árangri ykkar.

Kæru kándídatar, enn og aftur, til hamingju með áfangann



HÁSKÓLAHÁTÍÐ 2024

Háskólahátíð — brautskráning kándídata frá Háskólanum á Akureyri fór fram í þremur athöfnum í Hátíðarsal Háskólans á Akureyri 14. og 15. júní. Samtals brautskráðust tæplega 550 kándídatar í grunn- og framhaldsnámi af tveimur fræðasviðum.

Föstudaginn 14. júní brautskráðust 151 kándídat úr framhaldsnámi og laugardaginn 15. júní brautskráðust 386 kándídatar úr grunnnámi í tveimur athöfnum. Í þeirri fyrri voru brautskráðir kándídatar af Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviði og í þeirri seinni voru brautskráðir kándídatar af Hug- og félagsvísindasviði.

Ávörp og viðurkenningar

Í ár fluttu þrír kándídatar ávarp:

- Sólveig Birna H. Elísabetardóttir, kándídat í menntunarfræðum M.Ed., flutti ávarp fyrir hönd kándídata á framhaldsstigi
- Hörður Hlífarsson, kándídat í viðskiptafræði, flutti ávarp fyrir hönd kándídata í grunnnámi á Heilbrigðis-, viðskipta og raunvísindasviði
- Cristina-Silvia Cretu, kándídat í lögfræði, flutti ávarp fyrir hönd kándídata í grunnnámi á Hug- og félagsvísindasviði

Viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í grunnnámi hlutu eftirtalin:

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

- *Auðlindadeild*: Ísold Eglu Guðjónsdóttir fyrir bestan námsárangur
- *Hjúkrunarfræðideild*: Irma Ósk Jónsdóttir frá Sjúkrahúsinu á Akureyri fyrir bestan námsárangur til BS gráðu í hjúkrunarfræði auk þess sem hún hlaut viðurkenningu frá KEA fyrir hæstu meðaleinkunn í grunnnámi á fræðasviðinu. Íris Hanna Björnsdóttir hlaut viðurkenningu frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands fyrir góðan námsárangur í samfélagshjúkrun
- *Iðjuþjálfunarfræðideild*: Karólína Einarsdóttir frá Sjúkrahúsinu á Akureyri – Kristnes-spítala fyrir bestan námsárangur
- *Viðskiptadeild*: Bjartur Heiðarsson fyrir bestan námsárangur
- *Tölvunarfræði í samstarfi HA og HR*: Aron Örn Arnarson fyrir bestan námsárangur
- *Fagnám fyrir starfandi sjúkraliða*: Róbert Guðnason hlaut viðurkenningu frá Sjúkraliðafélagi Íslands fyrir bestan námsárangur

Græn ritgerðarverðlaun frá Umhverfisráði HA:

- Birkir Freyr Sigurðsson - kándídat í Viðskiptadeild
- Garðar Kári Garðarsson - kándídat í Auðlindadeild
- Ísold Eglu Guðjónsdóttir - kándídat í Auðlindadeild

HÁSKÓLAHÁTÍÐ 2024

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

- *Sálfræðideild:* Leon Daði Sesseljuson hlaut viðurkenningu deildarinnar fyrir bestan námsárangur auk þess sem hann hlaut viðurkenningu frá KEA fyrir hæstu meðaleinkunn fræðasviðsins
- *Lagadeild:* Cristina-Silvia Cretu hlaut viðurkenningu deildarinnar fyrir bestan námsárangur
- *Kennaradeild:* Síska Eyfjörð Jónsdóttir hlaut viðurkenningu deildarinnar fyrir bestan námsárangur
- *Félagsvísindadeild:* Þorsteinn Hjálmsón hlaut viðurkenningu deildarinnar fyrir bestan námsárangur

Græn ritgerðarverðlaun frá Umhverfissráði HA:

- Eva Karen Guðrúnardóttir - kandídat í Félagsvísindadeild
- Þuríður Elva Eggerts - kandídat í Sálfræðideild

Aðrar viðurkenningar innan Hug- og félagsvísindasviðs:

- *Landssamband lögreglumanna:* Aron Högni Georgsson hlaut viðurkenningu fyrir hæstu meðaleinkunn í diplómanámi fyrir verðandi lögreglumenn frá Landssambandi lögreglumanna
- *Ríkislögreglustjóri:* Kolbrún Birna Jökulrós Þrastardóttir hlaut viðurkenningu fyrir hæstu meðaleinkunn til BA prófs í lögreglu- og löggæslufræði frá ríkislögreglustjóra

Viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í framhaldsnámi hlutu eftirtaldir:

- Katrín Ösp Jónsdóttir og Steinunn Björnsdóttir Bjarnason fyrir bestan námsárangur í meistaranámi á Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviði
- Dóra Björg Ingadóttir frá Iðjubjálfunarfélagi Íslands fyrir bestan námsárangur í iðjubjálfun til starfsréttinda
- Kristín Irene Valdemarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir bestan námsárangur í framhaldsnámi á Hug- og félagsvísindasviði

Góðvinir

Í 20. skipti veittu Góðvinir Háskólans á Akureyri, félag brautskráðra stúdenta við HA og annarra velunnara háskólans, viðurkenningar til kandiata sem hafa sýnt góðan námsárangur og óeigingjarnt starf í þágu háskólans á meðan á námstíma stóð. Fjórar hlutu heiðursverðlaun Góðvina að þessu sinni:

- *Framhaldsnám:* Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir, kandídat í Kennaradeild
- *Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið:* Erla Salome Ólafsdóttir, kandídat í hjúkrunarfræði
- *Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið:* Fanney Gunnarsdóttir, kandídat í líftækni
- *Hug- og félagsvísindasvið:* Silja Rún Friðriksdóttir, kandídat í sálfræði

Steinunn Alda Gunnarsdóttir var kynnr á athöfnunum þremur og að þeim loknum var boðið til mótöku í Miðborg háskólans.

HÁSKÓLAHÁTÍÐ 2024



Brautskráning úr grunnnámi, kandiðatar á Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviði



Brautskráning úr grunnnámi, kandiðatar á Hug- og félagsvísindasviði

HÁSKÓLAHÁTÍÐ 2024



Brautskráning kandiðata úr framhaldsnámi



HÁSKÓLAHÁTÍÐ 2024



Kristín Jónsdóttir var heiðursgestur Háskólahátíðar 2024 og ávarpaði kánkídata í grunnnámi



Eyjólfur Guðmundsson rektor ávarpar kánkídata



HÁSKÓLAHÁTÍÐ 2024





HÁSKÓLAHÁTÍÐ BRAUTSKRÁNING ÁVARP REKTORS

Kæru kandidatar, starfsfólk Háskólans á Akureyri og allir góðir gestir.

Það er mér mikill heiður að standa hér í dag og ávarpa ykkur á Háskólahátíð Háskólans á Akureyri árið 2024. Hér fögnum við ykkur og ykkar árangri en ekki síður fögnum við háskólasamfélaginu við HA í heild sinni því þetta er svo sannarlega uppskeruhátíð fyrir skólann og reyndar Ísland allt. Að þessu sinni erum við að brautskrá yfir 540 kandidata úr grunn- og framhaldsnámi af tveimur meginfræðasviðum.

Þegar litið er yfir síðustu tíu ár í sögu Háskólans á Akureyri sjáum við fjölmargar breytingar og framfarir sem hafa átt sér stað. Við höfum ekki aðeins stækkað og styrkt skólann okkar, heldur höfum við einnig stuðlað að mikilvægu framlagi til íslensks samfélags. Þessi tímamót í sögu okkar bera vitni um samstöðu, metnað og ástríðu allra þeirra sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera Háskólann á Akureyri að því sem hann er í dag.

Þema ársins í ár er: Tímamót! Þið, kæru kandidatar, standið svo sannarlega á tímamótum í ykkar lífi sama hvaða námi þið eruð að ljúka. Háskólinn á Akureyri stendur á tímamótum þar sem huga þarf ítarlega að stefnu skólans næstu 20 árin í mjög svo breyttu umhverfi, bæði kerfislegum breytingum sem og samfélagslegum breytingum með tilkomu gervigreindarinnar. Já, heimurinn allur er á stærstu tímamótum mannkynssögunnar því að með tilkomu gervigreindarinnar eru allar forsendur samfélagsins gjörbreyttar.

Þetta eru persónuleg tímamót fyrir mig þar sem ég er hér í 10. og síðasta sinn sem rektor Háskólans á Akureyri. Það hafa verið alger forréttindi að fá að stýra Háskólanum á Akureyri síðastliðin 10 ár og svo sannarlega verið ferðalag þar sem reynt hefur á en líka unnist stórkostlegir sigrar og við, sem

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING ÁVARP REKTORS

háskólasamfélag, höfum komist í gegnum alls konar erfiðleika þar sem vírusar og önnur óværa hefur herjað á okkur, en ávallt komumst við í gegnum það sterkari en áður.

Kæru gestir, hér nær og þið sem fylgist með okkur í streymi.

Það stýttist í fertugsafmæli Háskólans á Akureyri og líkt og við segjum um mannfólkið sjálft þá er fertugum allt fært. HA hefur svo sannarlega dafnað vel á þessum áratugum þannig að skólinn stendur í dag sem öflugasta menntastofnun landsins, a.m.k. utan höfuðborgarsvæðisins, og ef við viljum, ef við sem hér störfum einsetjum okkur það markmið, þá getum við orðið öflugasta menntastofnun landsins!

Mitt grunnfag er hagfræði og tölur þykja mér einstaklega skemmtilegar. Skoðum helstu tölur fyrir Háskólann á Akureyri. Í fyrsta lagi stefnir allt í að HA komist fljótlega yfir 3000 nemenda markið, sama hvort það verði með auknum umsóknum eða sameiningu við aðrar stofnanir nema hvoru tveggja verði. Í öðru lagi hefur rannsóknastarfsemi skólans aukist á hverju ári, birtingum fjölgað og áhrif sérfræðinga skólans á innlent og alþjóðlegt samfélag er sífellt að aukast. Þetta er mælt í rannsóknastigum sem eru vel yfir 3000 á hverju ári. Starfsmannafjöldi skólans eykst og starfa nú u.þ.b. 250 manns við skólann með beinum hætti og vel yfir 750 manns koma að stundakennslu. Þannig eru það rétt tæplega 1000 einstaklingar sem koma að starfsemi HA á hverju skólaári. Allt saman kostar þetta fjármuni og á síðasta ári velti HA tæpum 5 milljörðum króna. HA er, að því að mér sýnist 15. stærsta opinbera stofnun landsins og önnur stærsta opinbera menntastofnunin. Já, sýn frumkvöðlanna á að hægt sé að vera með öflugan háskóla hér norðan heiða hefur svo sannarlega ræst.

Kæru kandidatar.

Það er gaman að tölum eins og þið hafið öll fengið að kynnst í ykkar námi. Jú jú, vissulega misgaman en tölurnar tala sínu máli. Og það á við um ykkur líka. Það er svolítið áhugavert að kíkja á ykkar tölur. Á síðustu árum hafið þið verið að yngjast, að meðaltali, en eruð samt með elstu háskólanemum í Evrópu, rétt undir 29 ára, að meðaltali. Um 78% ykkar eruð konur og tæplega 22% karlar, og fulltrúar fleiri kynja eru á meðal nemenda við HA í dag. Við HA er rými fyrir alls konar! Það sem er kannski áhugaverðast fyrir okkur öll er að 35% stúdenta við HA eru af höfuðborgarsvæðinu, 58% utan höfuðborgarsvæðisins og 7% búa erlendis. Já, kæru kandidatar, þið eruð skemmtileg, þið eruð einstök, þið eruð alls staðar, líka í tölum!

Kæru gestir, nær og fjær.

Þessar tölur eru áhugaverðar í íslensku samhengi. Tölurnar sýna svo ekki verði um villst að HA þjónustar fólk um allt Ísland, og reyndar víða um heim, en með sérstakri áherslu á byggðir utan höfuðborgarsvæðisins og við erum sjálf staðsett á norðurhluta landsins. Við skiljum því þarfir fólks og þær áskoranir sem fylgja því að búa norðan heiða og fjallvega. Áframhaldandi uppbygging Háskólans á Akureyri, með starfsstöðvum víða um land, er því eitt af lykilatriðum þess að unnt sé að þjónusta allar byggðir landsins með viðunandi og mannsæmandi hætti undir styrkri forystu Háskólans á Akureyri. Háskólum mun fækka á næstu árum en HA verður í forystusæti við þær breytingar og verður nauðsynlegt mótvægi við suðrið sem Háskóli norðursins alls; frá vestri, um Norðurland til austursins. En jafnframt háskóli landsins alls í gegnum okkar öflugu fjarkennslu. Forysta HA í að bæta aðgengi stúdenta að háskólanámi er ótvíræð.

Kæru kandidatar.

Þið hafið verið hluti af þessari vegferð, sama hvort þið hafið búið norðan eða sunnan heiða, og þurft að sækja hingað lotur þrátt fyrir vont veður og erfiðar aðstæður. Það þýðir að þið sem hópur skiljið betur en margir aðrir hversu mikilvægar samgöngur eru í okkar landi, hversu mikilvæg tæknin er til að bæta aðgengi að námi, og hversu mikilvægt það er að komið sé til móts við ykkur til að þið getið tileinkað ykkur nýjustu þekkingu og færni, og þannig, sem fagfólk og sérfræðingar á ykkar sviði, stuðlað að enn betra samfélagi hér á landi um ókomna tíð.

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING ÁVARP REKTORS

Kæru kandidatar. Ég vil hvetja ykkur til að nýta þá færni og þekkingu sem þið hafið af fjarvinnu, nám er jú vinna, til þess að hvetja allar stofnanir hér á landi til að búa til umhverfi sem gerir fólki kleift að sækja þjónustu rafrænt, en jafnframt svo að allir séu fullgildir þátttakendur, huga vel að aðgengi að þjónustu hins opinbera, sama hvar á landi fólk býr og hvetja til að fólk geti unnið sín störf alls staðar á landinu en fólk þurfi ekki að flytja fyrir störf. Þið, kæru kandidatar, getið haft hér mikil áhrif með því að minna stöðugt á það á ykkar framtíðarvinnustað að það er hægt að gera hlutina öðruvísi. Það byggðamynstur sem þróast hefur hér á landi er ekki óbreytanlegt lögmál heldur mannanna verk. Því getið þið breytt. Þið getið byggt brýr!

Kæru gestir.

Með uppbyggingu doktorsnáms við Háskólann á Akureyri hefur skólanum tekist það verkefni að verða fullvaxta háskólastofnun sem er virkur þátttakandi í innlendu og erlendu rannsóknasamstarfi. Íslenskt samfélag þarf á djúpri og sannreyndri þekkingu að halda til þess að geta haldið áfram að vaxa og vera eitt af bestu samfélögum jarðarinnar til að lifa í. Þess vegna verður áframhaldandi uppbygging doktorsnáms lykillinn að bættri framtíð Háskólans á Akureyri og sérstaklega samfélaga utan höfuðborgarsvæðisins, því lykillinn að öflugra og fjölbreyttara atvinnulífi er að afla þekkingar sem nýtist til nýrra og verðmætra lausna – eins og við sjáum svo skýrt í fyrirtækinu Kerecis og þeim líftæknilögu aðferðum sem það hefur beitt til þess að bæta meðferð á sárum sem annars gróa illa.

Ágætu gestir bæði nær og fjar.

Á mínum 10 árum í starfi hefur mér verið tíðrætt um að gjáin á milli höfuðborgar og annarra svæða hér á landi sé stöðugt að stækka. Á þessum hátíðisdegi vil ég ekki dvelja um of við svo neikvæða umræðu en stundum er samt best að taka lítil dæmi til að sýna fram á óréttlætið sem er í boði þeirrar hörmulegu byggðastefnu og byggðahugsunar sem tröllriðið hefur þessu landi síðustu 80 árin. Fyrir dæmið tengist mínu eigin fagfélagi, félagi forstöðumanna. Boðað var til aðalfundar og boðið upp á fundinn í streymi. Það var hins vegar tekið fram að þau sem væru í streymi gætu ekki greitt atkvæði á fundinum? Ha? Í okkar tæknivædda heimi? Ha? Þetta er félag sem leiðir alla forstöðumenn ríkisstofnana landsins? Ha? Í alvöru? Hitt dæmið tengist unga fólkinu okkar. Ein háskólastofnun hér á landi stefnir u.þ.b. 400 nemendum af landinu öllu til sín til að taka inntökupróf á hverju vori, sem stendur í tvo daga. Þetta þýðir að fólk utan höfuðborgarsvæðisins þarf að bera kostnað af ferðalagi og gistingu, og jafnframt þarf það að búa við lakari aðstæður en þau sem búa á höfuðborgarsvæðinu sjálfu. Það skondna við þetta er að prófið er rafrænt! Það er ekkert vandamál að koma slíkri framkvæmd á utan höfuðborgarsvæðisins. Gæti reglan t.d. verið að allir gætu komist á prófstað á innan við 90 mínútna akstri? Háskólinn á Akureyri er með yfir 80 prófstaði hérlendis og erlendis á þessu vormisseri. Þetta eru bara tvö lítil dæmi en endurspeglar mjög vel upplifun mína af samskiptum við stjórnkerfið á höfuðborgarsvæðinu síðastliðin 10 ár. Ísland á betra skilið.

Kæru kandidatar og gestir.

Þessu viljum við breyta og þið, kandidatar góðir, verðið í forystusveit atvinnulífs og opinberra stofnana á komandi árum. Þið munuð geta breytt þessu!

Að breyta heiminum og bæta hann er stöðug barátta og alls ekki alltaf auðveld og sjaldnast er hún sanngjör. Lífið færir ykkur alls konar og við vitum ekki fyrr en á reynir úr hverju við erum gerð eða hvernig við bregðumst við áföllum. Það átakanlegasta í mínu daglega starfi hefur verið þegar við höfum misst starfsfólk langt fyrir aldur fram, í blóma lífsins, fólk sem allt setti mark sitt á skólann okkar. Þessara einstaklinga minnst ég með söknuði. Og ykkar barátta, ágætu kandidatar, hefur verið alls konar og það hefur tekist og hingað eruð þið komin.

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING ÁVARP REKTORS

Því miður varð það ekki svo fyrir ykkur öll í þessum árgangi.

Eiríkur Örn Jónsson hóf nám í lögreglufræðum haustið 2022 ásamt sambýliskonu sinni, Svandísi Ernu Þórðardóttur, sem í dag brautskráist sem lögreglumaður. Eiríkur Örn lést þann 7. febrúar eftir umferðarslys sem varð í janúar síðastliðnum. Síðustu ár hafið þið unnið í sameiningu að markmiðum ykkar og námi. Eftir sitja minningar um skemmtilega daga í námslotum og kannski aðeins erfiðari daga rétt fyrir skilafresti og í prófatíðum. Nú gleðjumst við yfir því ánægjulega ferðalagi sem hefur leitt ykkur til þeirrar uppskeruhátíðar sem haldin er hér í dag. Fyrir hönd Háskólans á Akureyri, votta ég sambýliskonu Eiríks, börnum hans, foreldrum, systkinum og kándídötum í lögreglufræðum okkar innilegustu samúðarkveðjur. Foreldrar Eiríks, ásamt bróður hans, eru hér í dag til að minnst og gleðjast á fallegum degi.

Kæru kándídatar.

Áföllin beygja okkur en góðar minningar hjálpa okkur að brotna ekki. Minningin lifir svo lengi sem við lifum.

Kæru gestir nær og fjær.

Lífið er stundum stormur. Við fengum að upplifa hér á norðurhluta landsins fyrr í mánuðinum að stundum er von á snjó að sumri – og síðan meiri snjó. En það stytta upp og í dag er dásamlega fallegur dagur þar sem við getum fagnað saman og glaðst yfir því að þrátt fyrir áföll og erfiðar aðstæður þá kemur alltaf betri tíð.

Ágætu kándídatar.

Þið hafið lagt mikið á ykkur til að geta verið hér í dag en þetta er bara áfangi. Stutt hlé á vegferð lífs ykkar. Það er ástæða til að fagna og skemmta sér, í hófi, en líka tími til að hvílast og hugsa næstu skref. Þið hafið flest, ef ekki öll, stundað vinnu með námi ykkar. Þið eigið fjölskyldur og vini sem hafa stutt við ykkur og hjálpað ykkur í gegnum þessa áskorun og komið ykkur á þennan áfangastað.

Það er efni í aðra ræðu hvers vegna íslenskt samfélag leggur svo hart á ykkur að vinna með náminu. Við, kennarar ykkar og starfsfólk, vildum svo gjarnan óska þess að þið gætuð einbeitt ykkur að náminu öllum stundum. En ræðum það síðar. Vegna þessa tvöfalda álags er ykkur kándídötum alger nauðsyn að hvílast nú vel og hugsa um eigin heilsu og hag. Að sinna ykkur sjálfum. Ég vil hvetja ykkur til þess að elska ykkur sjálf og taka ábyrgð á eigin líkamlegri og andlegri heilsu. Að elska sjálfan sig er öllum gott en það er ekki það sama og sjálfselska eða sú sjálfsdýrkun sem virðist tröllríða nútímanum. Þær ímyndir og fyrirmyndir sem þið sjáið í sjálfsdýrkun áhrifavalda á samfélagsmiðlum eða upphafningu hins veraldlega auðs á kostnað hins andlega er kannski stærsta ógnin sem við setjum fram fyrir ungt fólk í dag. Ég vil hvetja ykkur, kæru kándídatar, til þess að vera fyrirmynd fyrir ykkur sjálf og þannig verða fyrirmynd fyrir aðra með því að sinna ykkur, sinna ykkar samfélagi og vera virkir þegnar í íslensku þjóðfélagi. Beitið þekkingu ykkar og færni til fulls og breytið heiminum öllum til hins betra.

Ágætu gestir nær og fjær og kæru kándídatar.

Þau eru mörg tækifærin til að breyta heiminum til hins betra og nú stöndum við frammi fyrir nýjum tímamótum fyrir alla jarðarbúa. Hvernig ætlum við að nýta gervigreindina til góðs? Það skiptir engu máli í hvaða geira þið munuð starfa. Það skiptir engu máli af hvaða fræðasviði þið eruð að fara að brautskrást hér í dag. Gervigreindin mun hafa áhrif á ykkur og störf ykkar og þið munuð geta nýtt gervigreindina til góðs og það verður hægt að nýta hana til illra verka. Það er okkar að greina þarna á milli. Sem dæmi um hvað sé hægt þá lék ég mér að því að láta gervigreind skrifa brautskráningarræðu fyrir HA þetta árið. Ég notaði hana ekki alla, en hér inni er málsgrein sem er algjörlega skrifuð af gervigreindinni, og á góðri íslensku! Ég mun jafnframt birta afrit af gervigreindarræðunni í heild sinni, svona til samanburðar. Bara þetta litla dæmi sýnir okkur að þessi bylting er hafin. Stóra spurningin er: Hvernig ætla háskólar landsins og heimsins að bregðast við? Og geta háskólastofnanir sem byggðar eru á aldagömlum hefðum

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING ÁVARP REKTORS

og oft íhaldssamar í eðli sínu brugðist nógu vel og hratt við? Hver verður framtíð háskólanáms og mats á frammistöðu stúdenta? Þetta eru gríðarlega stórar spurningar sem verður spennandi að leita svara við en háskólasamfélagið verður að vinna hratt og örugglega í að finna viðeigandi lausnir. Ég er ekki sannfærður um að íslenskt háskólakerfi sé vel í stakk búið til að takast á við þessar breytingar.

Ög þið, ágætu kándídatar, munuð þurfa að læra, í ykkar vinnu eða í frekara námi, hvernig þið ætlið að nýta þetta frábæra tæki, en fyrst og fremst að nýta það til góðs og stuðla þannig að betri heimi.

Kæru kándídatar.

Þegar við göngum hér í sameiningu út úr salnum á eftir þá göngum við öll, ég meðtalinn, í átt að nýjum tíma. Það eru tímamót í lífi okkar allra, nýjar áskoranir bíða okkar og tækifærin eru ótrúlega mörg og fjölbreytt. Fyrir mig persónulega þá má segja að ég hafi verið hér í 10 ára námi og lært mest um sjálfan mig og um fólk almennt. Það hafa verið mikil forréttindi og heiður að fá að vinna með því frábæra fólki sem starfar við Háskólann á Akureyri. Mig langar sérstaklega að þakka þögla meirihlutanum. Fólkinu sem hefur gengið til verka, sama á hverju gengur, með ástríðu og vilja til góðra verka fyrir fagið, fyrir háskólasamfélagið. Fólkið sem hefur haft metnað í að gera HA að þeirri mögnuðu háskólastofnun sem hún er í dag. Þið, ágæti þögli meirihluti, fáið einmitt minni athygli dags daglega en alla mína athygli hér í dag og munuð standa upp úr sem góðu minningarnar úr starfi mínu hér við HA.

Kæru kándídatar, það er nefnilega þannig að oft glymur hæst í tómrí tunnu, þeir sem tala hátt og digurbarkalega hafa í raun lítið fram að færa og eru oft en ekki að verja persónulega hagsmuni eða þrönga sérhagsmuni. Ég hef séð nóg af slíku í mínu starfi. Ágætu kándídatar, ég vil minna ykkur á að sama á hvaða vettvangi þið starfið þá hvet ég ykkur til að veita þögla meirihlutanum meiri athygli og hristið af ykkur hælbitana og einstaklingana sem koma bara með neikvæðni og leiðindi inn í ykkar daglega líf. Setjið slíkum einstaklingum mörk en fagnið með hinum þögla. Einbeitið ykkur að því að gera betur á hverjum degi og þakkið öðrum fyrir góð og vel unnin verk. Færið jákvæðni inn í líf ykkar með því að vera sjálf jákvæð gagnvart umhverfinu. Þá munuð þið starfa við ánægjulegar aðstæður og eiga alla möguleika á að ná stórkostlegum árangri í lífi og starfi.

Starfsfólki Háskólans á Akureyri þakka ég fyrir samvinnuna síðastliðin 10 ár. Þá vil ég þakka sérstaklega þeim tæplega 4000 stúdentum sem hafa stundað nám við HA á starfstíma mínum fyrir að hafa valið HA til náms og vaxtar. Fulltrúum þessa fjölbreytta hóps í stúdentaráði hvers árs þakka ég kærlega fyrir góð og ánægjuleg samskipti í gegnum árin.

Kæru kándídatar, það eru tímamót. Göngum saman til móts við þessa nýju og áhugaverðu tíma með þekkinguna í fararbroddi við að gera góðan heim enn betri.

Ég þakka fyrir mig!



BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR FEBRÚAR 2024

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Félagsvísindadeild:

Lögreglu- og löggæslufræði, BA 2

Kennaradeild:

Kennarafræði, B.Ed. 2

Menntavísindi, Viðbótardiplóma 3

Menntunarfræði, Viðbótardiplóma 2

Kennslufræði, MT 7

Lagadeild:

Lögfræði, heimskautaréttur, 3

viðbótardiplóma 3

Lögfræði heimskautaréttur, MA 1

Lögfræði, ML 2

Sálfræðideild:

Sálfræði, BS 3

Rannsóknatengt meistaranám 3

í sálfræði, MS 2

HEILBRIGÐIS- VIÐSKIPTA OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Auðlindadeild:

Líftækni, BS 3

Hjúkrunarfræðideild:

Hjúkrunarfræði, BS 1

Viðskiptadeild:

Viðskiptafræði, BS 10

Framhaldsdeild í heilbrigðisvísindum

Heilbrigðisvísindi, Viðbótardiplóma 5

Heilbrigðisvísindi, MS 6

Iðjuþjálfunarfræðideild:

Iðjuþjálfunarfræði, BS 3

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR JÚNÍ 2024

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Félagsvísindadeild:

Félagsvísindi, BA 19

Fjölmíðlafræði, BA 5

Lögreglufræði fyrir starfandi 4

lögreglumenn, Grunndiplóma 4

Lögreglufræði fyrir verðandi 70

lögreglumenn, Grunndiplóma 4

Lögreglu- og löggæslufræði, BA 4

Kennaradeild:

Kennarafræði, B.Ed. 42

Forysta og stjórnun, 5

Viðbótardiplóma 12

Menntavísindi, Viðbótardiplóma 16

Menntunarfræði, M.Ed. 56

Kennarafræði, M.Ed. 5

Menntavísindi, MA 5

Lagadeild:

Lögfræði, BA 17

Heimskautaréttur, Viðbótardiplóma 3

Lögfræði, heimskautaréttur, MA 3

Lögfræði, ML 7

Sálfræðideild:

Sálfræði, BS 36

HEILBRIGÐIS- VIÐSKIPTA OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Auðlindadeild:

Líftækni, BS 8

Sjávarútvegsfræði, BS 7

Viðskiptafræði og 1

sjávarútvegsfræði, BS 2

Auðlindafræði, MS 2

Heilbrigðisvísindi, MS 12

Heilsugæsla í héraði, 2

Viðbótardiplóma 2

Fagnám fyrir starfandi sjúkraliða, 9

Grunndiplóma 9

Hjúkrunarfræðideild

Hjúkrunarfræði, BS 64

Iðjuþjálfunarfræðideild

Iðjuþjálfunarfræði, BS 33

Iðjuþjálfun, Viðbótardiplóma 18

Viðskiptadeild

Viðskiptafræði, BS 62

Háskólasetur Vestfjarða

Haf- og strandsvæðastjórnun, MRM 6

Framhaldsdeild í heilbrigðisvísindum

Heilbrigðisvísindi, Viðbótardiplóma 4

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR OKTÓBER 2024

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Félagsvísindadeild:

Lögreglufræði fyrir verðandi
lögreglumenn, grunndiplóma 1

Kennaradeild:

Kennarafræði, B.Ed 1

Lagadeild:

Heimskautaréttur, LLM 1
Lögreglufræði, heimskautaréttur, MA 2
Lögreglufræði, ML 1

Sálfræðideild

Sálfræði, BS 1

HEILBRIGÐIS- VIÐSKIPTA OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Auðlindadeild:

Líftækni, BS 2
Viðskiptafræði
og sjávarútvegsfræði, BS 1
Auðlindafræði, MS 1

Hjúkrunarfræðideild:

Heilbrigðisvísindi MS 1

Háskólasetur Vestfjarða

Haf- og strandsvæðastjórnun MRM 6

Háskólinn á Akureyri
Norðurslóð 2
600 Akureyri
unak@unak.is
www.unak.is

